FÉLAGSVÍSINDADEILD

„Hvernig á að fá þúsund blóm til að blómstra“

Rannsókn á ólíkum viðhorfum úr menningargeiranum á Akureyri til menningarstefnu bæjarins

Ritgerð til MA gráðu

Nafn nemanda: Elsa María Guðmundsdóttir

Leiðbeinandi: Dr. Njörður Sigurjónsson

Vorönn – 2021

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY

Útdráttur

Í þessari rannsókn eru könnuð viðhorf þrettán einstaklinga úr menningargeiranum á Akureyri, viðhorf stjórnenda stofnanna, listamanna og starfandi bæjarfulltrúa til menningarstefnu Akureyrarbæjar. Í því sjónarmiði er notast við eigindlega rannsóknaraðferð, viðtöl með opinni aðferð. Sú aðferð er ákjósanleg þegar greina á viðhorf og skoðanir. Þær listgreinar sem höfundur valdi að rannsaka eru leiklist, myndlist og tónlist. Jafnframt er stutt yfirlit yfir helstu einkenni menningarstefnu, bæði á Íslandi og í alþjóðlegu tilliti. Nokkru ljósi er varpað á þróun menningarstefnu á Akureyri og könnuð tengsl við menningarstefnu Reykjavíkur, norræna menningarstefnu og stuttur samanburður við önnur lönd Evrópu. Farið er stuttlega yfir skipulag Akureyrarbæjar í menningarmálum frá árinu 1999 til ársins 2019. Niðurstaða rannsóknarinnar gaf til kynna að sterkar stoðir séu til staðar á Akureyri þannig að menningarlíf geti blómstrað. Hins vegar bendir ýmislegt, í rannsókninni, til töluverðrar gjár á milli þess sem núverandi stefna leitast við að boða og framkvæmd hennar gagnvart stofnunum og listamönnum, þrátt fyrir umtalsverða uppbyggingu á aðstöðu. Rannsóknin gefur einnig til kynna að stefnan þjóni ekki nógu vel tilgangi sínum, mögulega vegna skorts á skýrum leiðum og markmiðum, því verði til frekar neikvæð upplifun á stefnunni bæði innan raða listamanna og milli stofnana. Að lokum eru reifaðar hugmyndir úr rannsókninni um tilgang menningarstefnu og endurnýjun á henni fyrir Akureyrarbæ.

Lykilorð: Menningarstefna, menningarmál, listamenn, stofnanir, umhverfi.

Abstract

This research paper aims to investigate the views of thirteen individuals - institutional leaders, artists and members of the municipal council - on the cultural policy of the town of Akureyri. Qualitative research is conducted using open ended questions in structured interviews. This research method is suited to gaining insight into opinions and experiences of individuals. The artists involved in the study take part in theatre, visual arts and classical music. Furthermore, the research paper takes into account some main theoretical issues concerning public cultural policy at the urban level and also takes a brief look at Icelandic cultural policy. The history of cultural policy-making in Akureyri is briefly discussed over the period from 1999 to 2019. The management of the cultural department of the Council of Akureyri is outlined. Some comparisons are with other cultural policies from Reykjavík, Nordic and other European countries. The conclusion of the paper is that there seems to be adequate infrastructure for cultural life to thrive. However, it also suggests a considerable gap between the ideas and aims presented in the cultural policy of Akureyri and their implementation, both for institutions and artists, despite some major investment in buildings and other infrastructure. A probable cause is identified in a lack of clear vision and goals set by the policy. This seems to promote quite a negative opinion, both amongst artists and between art institutions. The paper closes by discussing some ideas that might be beneficial for the purpose and renewing of cultural policy-making in Akureyri.

Keywords: Cultural policy, culture, artists, institutions, environment.

Formáli

Ritgerðin er 30 eininga meistararitgerð sem var skrifuð á haustönn 2020 og vorönn 2021 og ber heitið:

Hvernig á að fá þúsund blóm til að blómstra. Rannsókn á ólíkum viðhorfum úr menningargeiranum á Akureyri til menningarstefnu bæjarins.

Framkvæmd var eigindleg viðtalsrannsókn við þrettán einstaklinga, stjórnendur, listamenn og kjörna fulltrúa á Akureyri.

Allar lauslegar þýðingar úr ensku eru mínar eigin.

Leiðbeinandi var dr. Njörður Sigurjónsson.

Akureyri, 7. maí 2021

Höfundur:_____

Þakkir

Rannsókn þessi er tengd þeim áhuga sem ég hef á umgjörð og þróun menningarmála á Akureyri. Áhugi minn beinist fyrst og fremst að því hver er tilgangur með menningarstefnu og hvernig leiðarljós hún getur verið.

Rannsóknin hefði þó aldrei orðið að veruleika ef ekki væri fyrir dygga aðstoð og hvatningu nokkurra einstaklinga sem höfðu trú á þessu verkefni og lögðu því lið.

Fyrst ber að nefna leiðbeinanda minn dr. Njörð Sigurjónsson sem tók strax vel í hugmyndina og veitti leiðbeiningu gegnum ferlið. Færi ég honum miklar þakkir. Guðlaugur Viktorsson, ástkær eiginmaður minn, hefur verið óþreytandi að hvetja mig áfram við nám í menningarstjórnun á Bifröst og við ritun þessarar rannsóknar, hann fær hjartans þakkir. Þórgnýr Dýrfjörð og Almar Alfreðsson, á Akureyrarstofu, fá miklar þakkir fyrir veitta aðstoð í upplýsingaleit. Björk Sigurgeirsdóttur þakka ég fyrir yfirlestur og ómetanlega innsýn inn í skrifin. Rachael Lorna Johnstone, prófessor við Háskólann á Akureyri, fær kærar þakkir fyrir úrbætur á enska útdrættinum. Harpa Hauksdóttir Hammer fær þakkir fyrir prófarkalestur á lokametrunum.

Að lokum vil ég þakka samnemendum á Bifröst fyrir skemmtilega samveru sem því miður var of sjaldan, á námstímanum, sökum ástands vegna heimsfaraldurs. Samvinna og samtöl við aðra nemendur og kennara hafa, þrátt fyrir takmarkanir, veitt ómældan innblástur og aukinn skilning á sviði menningarmála og stjórnunar. Takk öll.

Efnisyfirlit

Útdráttur **1**

Abstract **2**

Formáli **3**

Þakkir **4**

1. INNGANGUR **9**

1.1. Lýsing á viðfangsefni 9

1.2. Rannsóknarspurningar og markmið með rannsókninni 9

1.3. Fræðileg nálgun 10

1.4. Aðferðafræði rannsóknarinnar 11

1.5. Ástæður höfundar fyrir vali á rannsóknarefni 12

1.6. Uppbygging verkefnisins 12

2. RANNSÓKNARAÐFERÐ **15**

2.1. Val á viðmælendum 15

2.2. Eigindleg rannsókn 18

2.3. Framkvæmd og greining gagna 18

2.4. Réttmæti og áreiðanleiki 20

2.5. Mögulegar takmarkanir 21

2.6. Staða rannsakanda innan rannsóknarinnar og siðferðileg álitamál 21

3. FRÆÐI OG LYKILHUGTÖK **23**

3.1. Menningin í menningarstefnu 23

3.2. Stefnumótunarfræði 25

3.3. Opinber menningarstefna 27

3.3.1. Íslensk menningarstefna 28

3.3.2. Menningarstefna Reykjavíkurborgar 30

3.4. Menningarstofnanir og ytra umhverfi listamanna 30

4. NIÐURSTÖÐUR EIGINDLEGRAR RANNSÓKNAR 35

4.1. Menningarbærinn 36

4.1.1. Viðhorf stjórnenda 36

4.1.2. Viðhorf listamanna 41

4.1.3. Viðhorf kjörinna fulltrúa 45

4.2. Menningarstefnumótun Akureyrarbæjar 46

4.2.1 Viðhorf stjórnenda 46

4.2.2. Viðhorf listamanna 50

4.2.3. Viðhorf kjörinna fulltrúa 55

4.3. Menningarstefna – framtíðarhugmyndir, tilgangur og þróun 56

4.3.1. Viðhorf stjórnenda 56

4.3.2. Viðhorf listamanna 60

4.3.3. Viðhorf kjörinna fulltrúa 62

4.4. Samantekt á helstu niðurstöðum viðtala 64

4.4.1 Menningarbærinn 65

4.4.2. Menningarstefnan í tengslum stofnanir og umhverfi listamanna 65

4.4.3. Tilgangur menningarstefnu til framtíðar 65

5. MENNINGARSTEFNA AKUREYRARBÆJAR 67

5.1. Menningarstefnur Akureyrarbæjar 67

5.2. Stjórnkerfi Akureyrarbæjar á sviði menningarmála 73

5.3. Fjármál 74

6. SAMANBURÐUR VIÐ AÐRAR MENNINGARSTEFNUR 79

6.2. Norræn menningarstefna 79

6.3. Menningarstefnur annarra þjóða 80

7. kafli UMRÆÐUR OG ÁLYKTANIR 83

7.1. Menningarbærinn 83

7.2. Menningarstefnan – tilgangur og áhrif..... 85

7.3. Hver er tilgangur menningarstefnu til framtíðar? 89

Lokaorð 93

Heimildaskrá 95

Mynda- og töfluskrá..... 101

Viðaukar 103

Viðauki 1 - Upplýsingablað vegna rannsóknar 104

Viðauki 2 - Spurningalisti vegna viðtala..... 105

Viðauki 3 - Menningarstefna Akureyrarbæjar 2013 - 2018 106

Viðauki 4 - Um Leikfélag Akureyrar..... 116

Viðauki 5 - Um Listasafnið á Akureyri 119

Viðauki 6 - Um Menningarfélag Akureyrar..... 122

Viðauki 7 - Um Sinfóníuhljómsveit Norðurlands 124

1. INNGANGUR

Hér eru helstu grunnþættir rannsóknarinnar reifaðir og lagðar fram þær rannsóknarspurningarnar sem til grundvallar liggja. Rætt er um tilgang rannsóknarinnar og markmið með rannsóknarefninu. Farið er yfir þau fræði sem búa að baki þeim hugtökum sem helst er stuðst við. Aðferðafræði og uppbygging rannsóknarinnar er útskýrð sem og ástæður höfundar fyrir vali á viðfangsefni.

1.1. Lýsing á viðfangsefni

Í rannsókninni eru könnuð viðhorf þrettán einstaklinga, viðhorf stjórnenda, listamanna og kjörinna fulltrúa innan menningargeirans til forskrifaðrar menningarstefnu Akureyrarbæjar 2013 – 2018 (sjá viðauka 3). Að baki viðfangsefninu liggja til grundvallar tvö hugtök: menning og stefnumótun, og eru þeim gerð stutt skil. Jafnframt er stuttlega gert grein fyrir fyrri menningarstefnum á Akureyri og stjórnkerfi bæjarins, í menningarmálum, er útlistað. Einnig er nokkru ljósi varpað á áherslur í menningarstefnu á Íslandi og í Reykjavík sem og á milli landa. Norðurlöndin eru þar helst til skoðunar, en einnig er vikið að hugmyndum frá öðrum löndum Evrópu. Gerð er grein fyrir niðurstöðum eigindlegrar rannsóknar og samantekt, umræður og ályktanir eru í lok rannsóknarinnar.

1.2. Rannsóknarspurningar og markmið með rannsókninni

Unnið er með nokkrar rannsóknarspurningar til að ná markmiðum rannsóknarinnar:

- Hver er staða menningarlífs á Akureyri?
- Hverjir eru helstu þættir við mótun menningarstefnu?

- Hvernig birtist ávinningur/tilgangur hennar fyrir listamenn og stofnanir?
- Hvernig birtist ávinningur/tilgangur stefnunnar í samfélaginu?
- Hvernig gæti stefnan mótast frekar í framtíðinni?

Með þessar spurningar í farteskinu eru viðhorf viðmælenda til menningarstefnu Akureyrarbæjar könnuð og hvaða áhrif stefnan hefur á menningarlíf bæjarins. Markmið með rannsókninni er að skapa upplýstan umræðugrundvöll þar sem niðurstöður gætu verið gott innlegg í tengslum við endurnýjun á menningarstefnu fyrir Akureyrarbæ.

1.3. Fræðileg nálgun

Leitað er fanga í nokkrum rannsóknum sem tengjast menningar hugtakinu, menningarstefnu og menningarstefnu annarra landa. Þar sem rannsóknin beinir sjónum að opinberri menningarstefnu sveitarfélags eru fræði og rannsóknir valdar með þá nálgun í huga.

Skilgreining menningar er fjölþætt og sér fræðasvið í sjálfu sér. Í þessari rannsókn er tengt við hugmyndir um uppbyggingu samfélaga og tengsla við lýðræðishugmyndir og aðgengi almennings að menningu. Stuðst er við hugmyndir franska félagsfræðingsins Pierre Bourdieu (1930 – 2002) en hann rannsakaði m.a. hvernig neysla á listum og menningu tengjast félagslegri stöðu einstaklinga í samfélaginu. Hugmynd Bourdieu var sú að listsköpun ætti í sífelldri togstreitu og tengdist það þremur sviðum er höfðu áhrif á list og sköpun. Þau eru listsköpunin sjálf eða menningarframleiðsla (*e. cultural production*) sem telst vera stærsta sviðið en hin tvö eru valdabarátta (*e. field of power*) og félagslega sviðið (*e. field of social space*) (Bourdieu, 1993). Einnig er stuttlega vikið að hugmyndum Herbert J.Gans (1999) um fimm svið menningarneyslu og mismunandi þjóðfélagshópa sem hafa aðgengi að menningu.

Varðandi helstu birtingarmyndir menningarstefnu er sótt til bresku fræðimannanna David Bell og Kate Oakley, en þau fjalla um menningarstefnur í mismunandi opinberum kerfum, ríkja, sveitarfélaga og borga. Til að útskýra stuttlega stefnumótunarfræði almennt er sótt í smiðju höfundanna Mintzberg, Ahlstrand og Lampel frá árinu 2009 en þeir líkja stefnumótun við hálfgerðan frumskóg í bók sinni *Strategy Safari*. Jafnframt er vikið að almennum hugmyndum um stefnumótun fyrirtækja og skipulagsheilda í riti David Boddy, *Management. An Introduction,* frá 2017. Til að bera saman menningarstefnur milli ríkja, og hvaða þættir eru sameiginlegir við Norðurlöndin, þá skoðar höfundur skrif Peter Duelunds og Geir Vestheim sem báðir skrifa um norræna menningarstefnu og helstu einkenni hennar. Til að útskýra helstu áherslur íslenskrar menningarstefnu eru skoðuð skrif dr. Njarðar Sigurjónssonar, menningarpólitísk skrif dr. Bjarka Valtýssonar og rannsóknir dr. Ágústs Einarssonar á sviði menningarhagfræði.

1.4. Aðferðafræði rannsóknarinnar

Til að ná markmiði rannsóknarinnar voru tekin opin viðtöl við einstaklinga og byggt á eigindlegri rannsóknaraðferð (*e. qualitative research*). Opin viðtalsaðferð er ein af þeim aðferðum og byggir á þeim hugmyndum að viðkomandi svari spurningum algerlega á sínum eigin forsendum, þar sem rannsakandi hefur möguleika á að kalla fram ólík viðhorf (Bryman, 2016: 244). Lagt var upp með ellefu spurningar, sem tengjast rannsóknarspurningum beint (sjá viðauka 2). Viðtöl með opnum spurningum eru talin einna best þegar rannsaka á viðhorf og ekki síður upplifun einstaklinga. Með slíkri aðferð er mögulegt að túlkun á niðurstöðum geti leitt til kenningar eða þróunar á henni (Bryman, 2016: 375).

Samhliða rannsókninni er reifað stutt yfirlit þeirra þátta sem mögulega gagnast til dýpri skilnings á þróun, greiningu og tilgangi opinberrar menningarstefnu Akureyrarbæjar.

1.5. Ástæður höfundar fyrir vali á rannsóknarefni

Höfundi er umhugsunarefni hvaða leiðir eru færar til að standa sem best að þeim þáttum er fá menningu til að blómstra. Umgjörð sem styður við og byggir upp menningu svo samfélag á borð við Akureyri njóti góðs af. Í starfi höfundar sem sjónlistakennari, og sem þátttakandi á nokkrum sviðum menningarlífs á Akureyri, hafa oft vaknað spurningar og vangaveltur um áherslur og þróun menningarmála á Akureyri. Samhliða því hefur höfundur átt í mörgum óformlegum samræðum við fólk úr listageiranum á Akureyri. Þær samræður leiða oft að grundvallarspurningum og áleitnum vangaveltum um hvernig best sé að haga málum. Hingað til hefur höfundi oft vafist tunga um tönn og ekki haft á góðum haldbærum rökum að byggja.

Þessi rannsókn er tilraun til að öðlast ákveðna innsýn í ólíkar skoðanir á menningarstefnu Akureyrarbæjar og draga fram haldbær rök sem gætu nýst í málflutningi fyrir helstu áherslum í endurskoðun á menningarstefnu bæjarins. Mögulegt væri að nýta niðurstöður rannsóknarinnar í vinnu við að uppfæra núgildandi stefnu sem rann út árið 2018. Jafnframt hefur nám höfundar í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst, sú innsýn og vakning sem það nám gaf, haft áhrif á val rannsóknarefnis.

1.6. Uppbygging verkefnisins.

Hér í fyrsta kafla hefur verið farið yfir helstu grunnatriði sem þessi rannsókn snýst um. Í öðrum kafla eru reifaðar þær aðferðir sem rannsóknin byggir á. Fræðum og lykilhugtökum eru gerð skil í þriðja kafla. Í fjórða kafla er farið yfir helstu niðurstöður og samantekt á því sem fram kemur í viðtölunum, greint eftir þemum og viðhorfum viðmælenda í tengslum við rannsóknarspurningarnar. Fimmti kafli fjallar um menningarstefnu Reykjavíkur og Akureyrar. Sjötti kafli fjallar um samanburð við menningarstefnur en þar

eru skoðaðar norrænar og evrópskar áherslur í menningarstefnu gerð. Í sjöunda kafla eru umræður og ályktanir þar sem ræddar eru frekari hugmyndir, tilgangur menningarstefnu og áherslur sem gætu nýst við endurskoðun og uppfærslu á menningarstefnu fyrir Akureyrarbæ.

2. RANNSÓKNARAÐFERÐ

2.1. Val á viðmælendum

Rannsóknin byggir á viðtölum við þrettán einstaklinga. Þeir voru valdir þannig að tveir einstaklingar koma úr hverjum listageira fyrir sig, myndlist, leiklist og tónlist og síðan var rætt við stjórnendur í fjórum lykilstofnunum á sviði menningar á Akureyri: Leikfélagi Akureyrar, Listasafninu á Akureyri, Menningarhúsinu Hofi og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Einnig var leitað eftir áliti þriggja aðila sem tengjast stjórnkerfi Akureyrarbæjar á sviði menningarmála. Einn er stjórnandi innan bæjarkerfisins (er í hóp með öðrum stjórnendum í niðurstöðum) og tveir eru kjörnir fulltrúar sem hvor um sig sitja í stjórnum Akureyrarstofu og Menningarfélags Akureyrar.

Fjöldi viðmælenda var ekki fyrirfram ákveðinn heldur leyfði höfundur niðurstöðum úr fyrstu 2-3 viðtölum að gefa vísbendingar um við hverja var talað næst. Höfundur ákvað að ræða við tvo kjörna fulltrúa undir lokin þegar niðurstöður viðtalanna gáfu til kynna að rannsaka þyrfti frekar viðhorf tengd menningarstefnu og stjórnmálum.

Leitast var við að því að hafa kynjahlutföllin sem jöfnust, og skiptist það nokkuð jafnt í rannsókninni eða 7 konur á móti 6 körlum. Við val á viðmælendum úr listgreinum er var leitað til einstaklinga sem voru líklegir til að vera meðvitaðir um menningarstefnu Akureyrarbæjar og höfðu ekki persónuleg tengsl við höfund. Hvað varðar stjórnendur lykilstofnana, hafði höfundur ekki val þar um. Við val á kjörnum fulltrúum var horft til tengsla við stjórnun bæjarins í menningarmálum, en þeir sitja báðir í stjórnum Akureyrarstofu og Menningarfélags Akureyrar. Höfundur leitaðist við að gæta að jafnræði varðandi aldur og reynslu, eftir því sem við var komið.

Röð viðmælenda var þessi:

Stjórnandi (1) er karlmaður á sextugsaldri og er stjórnandi í stjórnsýslu Akureyrarbæjar í menningarmálum. Höfundur velur að ræða við hann vegna

reynslu hans og ábyrgðarhlutverks í stjórnun bæjarins á sviði menningarmála. Eins er höfundi kunnugt um nám hans í félagsvísindum og telur að hann muni geta komið með áhugaverðar skoðanir inn í rannsóknina.

Listamaður (2) er myndlistarmaður sem er kominn á eftirlaun. Hann er fæddur og uppalinn á Akureyri og hefur starfað í myndlist frá því á unglingsárum. Höfundur hefur áhuga á að taka viðtal við hann vegna hans löngu reynslu af því að vera starfandi listamaður á Akureyri.

Stjórnandi (3) er karlmaður á sextugsaldri sem er stjórnandi á tónlistasviði á Akureyri. Hann hefur mikla reynslu sem tónlistarmaður, bæði sem flytjandi, stjórnandi og tónskáld. Höfundi finnst áhugavert að heyra hans sjónarmið í tengslum við atvinnufólk í klassískri tónlist.

Stjórnandi (4) er kona á fimmtugsaldri og gegnir stöðu framkvæmdastjóra innan menningargeirans á Akureyri. Höfundur ákvað að tala við hana vegna stöðu hennar og einnig vegna hennar náms í myndlist og stjórnun.

Listamaður (5) er leikkona á fertugsaldri sem hefur starfað með Leikfélagi Akureyrar. Hún starfar einnig sem sjálfstæður textahöfundur, leikritaskáld og kvikmyndagerðarkona. Höfundur telur hana hafa ýmislegt fram að færa er viðkemur hennar reynslu í leiklistar geiranum hér á Akureyri.

Listamaður (6) er karlmaður á sextugsaldri sem starfar með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Hans aðalstarf er verkefnastjóri í fullorðinsfræðslu málum. Hann kom að undirbúningi menningarstefnu á Akureyri árið 2013 og því telur höfundur hann geta komið með gott innlegg inn í rannsóknina.

Listamaður (7) er tónlistarkona. Hún er á fimmtugsaldri og starfar sem tónlistarkennari í fullu starfi og spilar einnig í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Hún hefur setið í stjórn hljómsveitarinnar og starfað með henni frá upphafi. Höfundur leitar til hennar vegna víðtækrar reynslu í starfi með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Listamaður (8) er rúmlega sjötugur karlmaður og hefur starfað meiri hluta starfsævi sinnar hjá Leikfélagi Akureyrar, leikið í kvikmyndum, starfað í fjölmiðlum og einnig setið sem stjórnarmaður í safnamálum á Akureyri. Höfundur telur hann ákjósanlegan vegna langtíma reynslu hans af leiklist á Akureyri.

Stjórnandi (9) starfar í einni af lykilstofnun Akureyrarbæjar í sjónlistum. Hann er menntaður myndlistarmaður og hefur starfað sem slíkur en einnig sem kennari í myndlist við Háskólann á Akureyri og Listaháskólann. Hann hefur jafnframt starfað við sýningarstjórnun og höfundur telur hans innsýn mikilvæga.

Listamaður (10) er myndlistarkona á fimmtugsaldri. Hún starfar sem sjónlistakennari í grunnskóla en vinnur jafnframt að sinni list á vinnustofu. Hún hefur tekið þátt í margskonar starfi tengt myndlist á Akureyri, má þar nefna rekstur á sýningarrými, og sem stjórnarkona í stjórn Myndlistarfélagsins. Höfundi finnst hennar reynsla og innsýn inn í starf myndlistarmanns geta skipt máli fyrir rannsóknina.

Stjórnandi (11) er rúmlega fimmtug kona sem starfar sem stjórnandi innan Menningarfélags Akureyrar. Hún er menntuð leikkona. Hún hefur einnig reynslu sem sjálfstætt starfandi leikari og hefur stýrt leikhópum. Hún hefur unnið hjá hinu opinbera og komið að skipulags- og teymisvinnu á því sviði. Hennar innsýn inn í stjórnun, þegar kemur að leiklist, er mikilvæg að mati höfundar.

Kjörin fulltrúi (12) er kona á fertugsaldri og starfar sem bæjarfulltrúi á Akureyri. Hún situr í ýmsum ráðum og stjórnum á vegum bæjarins, tveim tengdum menningarmálum. Hún er með menntun í viðskiptafræði og stjórnun, og höfundur leitar til hennar sem bæjarfulltrúa með innsýn og reynslu af menningarmálum.

Kjörin fulltrúi (13) er karlmaður á fimmtugsaldri sem situr í menningartengdri stjórn á vegum Akureyrarbæjar. Hann hefur víðtæka

reynslu og menntun í iðngreinum en einnig í grafískri hönnun, ásamt því að vera sjálfstætt starfandi hönnuður. Höfundur telur að hans reynsla geti skipt rannsóknina máli.

2.2. Eigindleg rannsókn

Aðalrannsóknarefni höfundar er viðhorf og reynsla viðmælenda af menningu, forskrifaðri menningarstefnu og áhrifum hennar á Akureyri, ásamt þeim fræðiskrifum og öðrum heimildum er tengjast lykilþáttum rannsóknarinnar.

Í þeim tilgangi beitir höfundur fyrrnefndri eigindlegri (*e. qualitative*) viðtalsrannsókn með opnum spurningum. Sú aðferð hentar mjög vel og er einna mest notuð þegar rannsaka á viðhorf og upplifun einstaklinga. Hvernig spurningar eru orðaðar skiptir miklu máli og leitast er við að þær laði fram hugmyndir og skoðanir fremur en nei og já svör. Aðferðin gefur því viðmælanda tækifæri á að tjá hug sinn að vild. Áhersla er á að rannsakandi sé virkur túlkandi á því sem viðmælendur hafa fram að færa. Hins vegar getur reynst snúið að flokka niðurstöður sem best þegar þessari aðferð er beitt, sökum mögulega ólíkra og fjölbreyttra viðhorfa sem fram koma (Turner, 2010: 756).

Í þessu samhengi er rétt að benda á hugtakið fyrirbærafræði (*e. phenomenology*). Í heimi félagsvísinda eru þetta talin mikilvæg fræði vegna þess að í þeim felast hugmyndir og viðleitni einstaklings til að skilja heiminn og umhverfi sitt. Í þessari rannsókn er hlutverk rannsakanda að túlka þessar sömu hugmyndir og setja fram kenningar eða tilgátur (Bryman, 2016: 26).

2.3. Framkvæmd og greining gagna

Spurningalisti fyrir viðtölin var saminn útfrá rannsóknarspurningum með viðfangsefni rannsóknarinnar í huga. Hann innihélt fjórtán spurningar sem

hugsaðar voru fyrir alla þátttakendur, þrjár spurningar voru almenns eðlis og hugsaðar sem ákveðinn inngangur og upphitun fyrir viðmælendur. Ákveðinn sveigjanleiki var í framkvæmd viðtalanna og röð spurninga, eftir aðstæðum og stöðu viðmælenda. Spurningalisti og samþykkisblað voru send viðkomandi í tölvupósti, eftir að þeir voru búnir að samþykkja þátttöku, þeim til upplýsinga og undirbúnings. Viðtölin sem fóru fram augliti til auglitis voru tekin upp á *Iphone 7*, og forritið *Recorder Pro* notað. Viðtölin fóru ýmist fram á vinnustöðum, heimili viðmælanda eða höfundar, allt eftir óskum og aðstæðum viðmælenda. Þannig fór eitt viðtalið fram í gegnum tölvu, vegna aðstæðna í samfélaginu í tengslum við Covid-19 heimsfaraldurinn.

Viðtölin voru afrituð orðrétt svo fljótt sem auðið var eftir að þau voru hljóðrituð. Eftir ritun viðtalanna voru þau greind í fjóra meginflokka og þrjá undirflokka:

- Staða menningarlífs á Akureyri.
    - Sameiginlegir áhersluþættir
- Mikilvægustu þættir í mótun menningarstefnu.
    - Hvaða leiðir eru færar í mótun á menningarstefnu
- Ávinningur af menningarstefnu
    - Stofnanir annars vegar og listamenn hins vegar
- Framtíðarhugmyndir og tilgangur menningarstefnu

Að greina og túlka frásagnir í viðtölum er aðferð sem er ekki einhlít, heldur snýst hún um nokkrar tengdar aðferðir til að greina upplýsingar í texta. Höfundur velur þannig ákveðin þemu, eða kóða, sem textinn er greindur útfrá, oftast flokkað útfrá því sem höfundur telur vera mikilvægast, svo næst mikilvægast og síðan koll af kolli. Í þessu samhengi skiptir afstaða rannsakenda miklu máli með túlkun á niðurstöðum, víðsýni í huga og með viðfangsefni rannsóknarinnar í brennidepli. Hér eiga við nálganir á borð við fyrirbærafræðilegar, samskipta og frásagnarlegar *(e. phenomenologic, interactionist and narrative approaches*) (King, 2004: 256). Þær eru blanda

aðferða eða nálgana sem rannsakandi beitir í viðtölum og tengist því að túlka eftir bestu getu samhengi og raunsæi í svörum viðmælenda.

Að lokinni þemagreiningu eru niðurstöður settar þannig fram að undir hverju þema koma fram viðhorf stjórnenda, svo listamanna og að lokum viðhorf kjörinna fulltrúa.

2.4. Réttmæti og áreiðanleiki

Í eigindlegum rannsóknum er hugtak er nefnist innra réttmæti (*e. internal validity*). Það á við þegar dregnar eru ályktanir af þeim skoðunum er fram koma í viðtalsrannsókn, einni eða fleiri, að þá séu fyrir því réttmæt og trúverðug rök sem hafi samhljóm við niðurstöður viðtala. Ytra réttmæti (*e. external validity*) er hins vegar hvort rannsókn sé mögulega hægt að endurtaka og fá sömu niðurstöðu. Þetta er þó nær ómögulegt þar sem túlkun niðurstaðna er háð persónulegri túlkun rannsakanda á viðtölunum (Bryman, 2016: 383).

Öllum viðmælendum var sent samþykkisblað (sjá viðauka 1), með upplýsingum um framkvæmd, tilgang og hver væri leibeinandi höfundar í rannsókninni. Þessi blöð voru öll undirrituð af viðmælendum. Að lokinni afritun viðtala fengu allir viðmælendur afrit og höfðu tækifæri til að koma með athugasemdir eða leiðréttingar við afritunina (*e. respondent validation*) (2016: 384). Þetta er gert til að tryggja sem best réttan skilning og réttmæti höfundar á túlkun. Þrír viðmælendur komu með athugasemdir sem höfundur tók fullt tillit til. Lagt var upp með nafnleynd og var rannsóknin framkvæmd með þeim hætti. Margir viðmælendu tóku sérstaklega fram að nafnleynd væri þeim þó ekki mikilvæg. Hér er rétt að taka fram að viðtöl við hluta viðmælenda eru sérfræðiviðtöl og birtast þau oft undir nafni. Það er þó ekki gert í þessari rannsókn heldur er gætt samræmis milli allra aðila og viðhöfð nafnleynd.

Tekið skal fram að höfundur hefur umtalsverð tengsl innan ákveðinna sviða menningargeirans á Akureyri, sérstaklega á sviði myndlistar og tónlistar, því var lögð mikil áhersla á að ekki væri um of mikil persónuleg tengsl að ræða við viðmælendur. Hins vegar gefur þessi staða höfundar aukna og dýpri innsýn inn í viðfangsefnið, þó það geti vissulega litað túlkun höfundar.

Allir þátttakendur lýstu yfir jákvæðni og áhuga á rannsókninni.

2.5. Mögulegar takmarkanir

Úrtakið er þrettán einstaklingar, en með þeim fjölda viðmælanda taldi höfundur mögulegt að ná nægt efni til að rannsaka þá geira, stofnanir og stjórnunarlega þætti menningar sem lagt var upp með í rannsókninni. Þrátt fyrir það er ekki mögulegt að alhæfa um ákveðna þætti rannsóknarinnar. Þar sem höfundur gefur sér ákveðnar hugmyndir með mótun spurninga og tilgang rannsóknarinnar þá getur túlkunin óhjákvæmilega litast af viðhorfum höfundar. Þannig er um að ræða vissar takmarkanir á niðurstöðum rannsóknarinnar, þó að hún gefi ákveðnar vísbendingar.

2.6. Staða rannsakanda innan rannsóknarinnar og siðferðileg álitamál

Höfundur hefur persónulega reynslu af ákveðnum sviðum menningarlífs á Akureyri og er það ein meginástæða fyrir valinu á rannsóknarefni. Hins vegar hefur sú staða höfundar óneitanlega áhrif á túlkun niðurstaðna rannsóknarinnar hjá því verður varla komist. Höfundur sótti nám í Myndlistaskólann á Akureyri á árunum 1994 til 1998, útskrifaðist þaðan af málunardeild. Að því loknu tók við nám í kennsluréttindum í myndlist við Háskólann á Akureyri sem höfundur lauk árið 2005. Á árunum 2001 til 2018 starfaði höfundur sem deildarstjóri í skapandi starfi með fötluðu fullorðnu fólki á hæfingarstöð á Akureyri. Því samhliða var samstarf um árabil við

listahátíðina *List án Landamæra*, þar sem höfundur tók þátt í og skipulagði sýningar og verkefni með sínum skjólstæðingum. Það samstarf var oft með aðilum frá Akureyrarbæ sem og öðrum stofnunum á sviði menningar og félagsmála. Einnig hefur höfundur stutta reynslu af rekstri gallerís í Listagilinu á Akureyri, ásamt því að taka þátt í samsýningu á myndlist á vegum Akureyrarbæjar.

Þróun rannsóknarinnar hefur hins vegar útvíkkað og bætt við hugmyndir höfundar, sem fram að þessu, höfðu mögulega verið full einsleitar. Áhugi höfundar á verkefninu er á engan hátt til persónulegs framdráttar, heldur öðru fremur hugsað sem innlegg í umræðu um menningarstefnu þróun á Akureyri.

3. FRÆÐI OG LYKILHUGTÖK

Í þessum kafla verður leitast við að útskýra öll þau helstu lykilhugtök er liggja til grundvallar þeim fræðum sem skipt geta máli, í tengslum við rannsókn á menningarstefnu á Akureyri. Fjallað verður um menninguna í menningarstefnu hugtakinu, skilgreiningar á opinberri menningarstefnu og stefnumótunarfræði. Skoðaðar verða áherslur á Norðurlöndum og Evrópu, gert grein fyrir helstu lykilstofnunum í menningu Akureyrarbæjar og hvernig áherslur tengdar ytra umhverfi listamanna og stofnunum birtast í opinberri stefnu.

3.1. Menningin í menningarstefnu

Í þessari rannsókn er sjónum beint að menningarhugtakinu í tengslum við menningarstefnu sveitarfélags. Hugmyndir um samfélagsgerð og menningarneyslu eru skoðaðar, og farið lauslega yfir sögu menningarhugtaksins á þeim nótum.

Hugtakið menning í menningarstefnu á sér aldargamla sögu, er samofið sögu mannkyns. Það og er upphaflega notað um ræktun í landbúnaði, með rætur í latneska orðinu *cultura* (Ágúst Einarsson, 2012). Þróun á merkingu orðsins er ekki einhlít, allt eftir sjónarhornum mismunandi fræða og þróunar á mannlegu samfélagi í gegnum tímans rás.

Menningu er mikilvægt að skoða í sögulegu samhengi því hún er ekki einskorðuð við eina kynslóð heldur rennur hún fram með tímans fljóti og mótast af mörgum þáttum. Það sem Ágúst Einarsson telur einna dýrmætast við menninguna er að hún: *“[…] lýsir, skapar, varðveitir og miðlar tilfinningum og umhverfi mannlegs samfélags”* (2012: 13). Mögulegt er að horfa til skilgreininga á menningu innan menningarstefnu, allt frá mannbætandi hugmyndum um hinar æðri listir (*e. high arts*) yfir í fjölbreyttari nálgun þar sem ýmis konar miðlun, sköpun og afþreying á sinn stað innan menningarinnar (*e.*

popular arts), þó með blæbrigðamun milli landa (Bell og Oakley, 2015). Þessa skilgreiningu á menningu er að mati þeirra Bell og Oakley nauðsynlegt að setja í samhengi við pólitískar ákvarðanir um hvað teljist vera menning og hvað ekki. Það tengist hugmyndum um stefnumótun í hinu ytra samhengi (*e.strategy*). Grundvallaratriði í þessum skilningi á menningu eru því háð gildum, skoðunum og forgangsröðun (*e. values, beliefs and priorities*) (2015:41).

Hinar skapandi listir eru hluti af menningu okkar. Klassíska og almenna skilgreiningin á þeim greinum er: leiklist, ritlist, tónlist, myndlist og dans. Pierre Bourdieu (1930 – 2002) var mikilsvirtur franskur félagsfræðingur og skrifaði fjölmörg rit og greinar um m.a. hvernig listir og menning tengjast félagslegri stöðu einstaklinga og því hvernig sú staða hefur áhrif á hvernig einstaklingar njóta menningar og lista. Ein af hans hugmyndum byggðist á rannsókn hans á menningu Parísar á 19.öld. Þróunin þar var sú að með vaxandi millistétt, menntun, og betri félagslegri stöðu, fór listsmekkur hins almenna borgara að hafa áhrif á listsköpun. Hinar æðri listir (*e. high art*) urðu ekki alltumlykjandi og hugmyndin um vinsæla/almúga list (*e. popular* eða *common art*) fór að verða til og hafa í för með sér róttækar breytingar á hvaða þjóðfélagshópar nutu lista og menningarframleiðslu (*e. cultural production*).

Hugmynd Bourdieu var sú að listir og samfélag ættu í sífelldri togstreitu og tengdist það þremur sviðum er höfðu þar áhrif. Þau eru listsköpunin sjálf eða menningarframleiðsla (*e. cultural production*) sem telst vera stærsta sviðið. Annað svið er valdabarátta (*e. field of power*), sem er barátta um athygli og framgang sem tengjast við hið pólitíska vald, að lokum er svo hið félagsleg svið, ólíkan aðgang að listum og menningu (Bourdieu, 1993). Í tengslum við mótun á menningarstefnu, hvernig áhrifa hennar gætir hjá mismunandi hópum í samfélaginu, má segja að allir þessir þættir hafi þar áhrif.

Þessi skrif Bourdieu leiddu til vissra breytinga á hugmyndum um hlutverk menningar og lista í samfélagi manna á níunda áratugnum. Herbert J.

Gans (1999) setur fram hugmynd um fimm svið menningarneyslu (*e. public tastes and cultures*). Sviðin eru frá hámenningu, eða hinar klassísku æðri listir, til alþýðu- og þjóðarbrota menningar. Stéttaskipting og aðgengi að menningu í þjóðfélaginu er hér undirliggjandi þáttur og telur Gans að sífelld togstreita sé til staðar varðandi hina fáu sem njóta hámenninguna annars vegar og hins vegar smekk og aðgengi fjöldans að aðgengilegri og vinsælli list. Menning og listir hafi einnig hlutverki að gegna í menntun almennings, bæði til að fræða og til að nærа þörfina fyrir fagurfræðilega upplifun (*e. easthetic experience*). List í samfélaginu skuli leitast við að: *"[…] vaxa út frá þeim gildum og einkennum sem einstaklingar búa yfir í samfélaginu."* (Gans, 1999:91.) Á hinn bóginn má einnig færa rök fyrir því að listin hafi þann tilgang að vera óháð og trú sjálfri sér. Listin leitist ávallt við að þjóna tilgangi sínum sem frumsköpunarafl og ögra fyrirfram ákveðnum hugmyndum.

Með þessum andstæðum verður til áhugaverð togstreita og spenna milli frelsistilhneigingar listarinnar og hugmyndarinnar um praktískan tilgang menningarstofnana. Þessir þættir gera það að verkum að skilgreining á raunverulegu hlutverki menningar og lista í menningarstefnu getur reynst snúið viðfangsefni.

3.2. Stefnumótunarfræði

Í samfélagi nútímans eru skipulagsheildir og fyrirtæki ákveðnar grunnstoðir í samfélagi manna. Árangur og ávinningur stjórnenda víða um heim birtist helst þegar þrír meginþættir góðs skipulags eru viðhafðir; markmið, hvatning og eftirlit. Þessir meginþættir höfðu jákvæð áhrif á framleiðni, vörusölu, fjármagn og líftíma fyrirtækja (Boddy, 2017: 8-9). Um leið og þessar skilgreiningar, tengdar stjórnun, virðast gefa auga leið verður ekki hjá því komist að huga að stórum spurningum á borð við hvaða markmið, hvernig hvatning og hvernig eftirlit? Og síðast en ekki síst hver á að móta stefnuna og fyrir hvern?

Til að bregðast við umhverfi okkar á skilvirkan hátt er nauðsynlegt að safna upplýsingum sem hjálpa okkur að setja markmið og finna leiðir að þeim. Góð stefna er leiðarvísir fyrir þá sem starfa undir henni og ekki síst, hvernig störf þeirra tengjast markmiðum stefnunnar og skila skipulagsheildinni nær henni (Boddy, 2017: 185).

Höfundar bókarinnar *Strategy Safari,* Mintzberg, Ahlstrand og Lampel (2009), setja hugmyndir um stefnumótun fram sem 10 ólíka skóla, eða leiðir, þar sem unnið er með sögulega þróun kenninga um stefnumótun. Þeir líkja stefnumótun við frumskóg og nota myndlíkingu í ljóði um Blindu mennina og Fílinn (*The Blind Men and The Elephant*, John Godfrey Saxe (1816-87)). Þar lýsa sex blindir menn fíl, hver á sinn hátt, og enginn þeirra kemst að sömu niðurstöðu. Í bókinni er stefnumótunarfræðum lýst sem yfirgripsmiklu hugtaki og hinum fjölmörgu fræðum og þáttum sem hafa þar áhrif. Úr líffræði má nefna hugtak á borð við aðlögun tegunda sem vísar í aðlögun á stefnu, sagnfræðin rannsakar þjóðfélagsbreytingar á borð við byltingar sem tengja má við umbyltingu á stefnu og svo eru eðlis- og stærðfræðikenningar sem rannsaka hlutverk óreiðu í samfélaginu og hvernig það breytist á óreiðukenndan hátt. Síðast en ekki síst eru kenningar sálfræðinnar um mannlega hegðun mikilvægur hluti stefnumótunarfræða skipulagsheilda og fyrirtækja með fjölmörgum hugmyndum um vitræna getu mannsins, menningarsögu, áhrif stjórnmála, hlutverk leiðtoga og hernaðar (2009: 8).

Aðferðir tengdar hernaðarlist hafa einnig mótað hugmyndir í stefnumótunarfræðum. Þaðan er fengið hugtakið strategía (*e. strategy*), þar sem m.a. staða er tryggð gagnvart keppinautum og leitast er við að ná valdi á aðstæðum (Njörður Sigurjónsson, 2013: 461).

Vert er að benda á í þessu samhengi, að nokkrum vandkvæðum er bundið að í íslensku hefur orðið, stefna, í raun tvær þýðingar á ensku. Það getur þýtt bæði *strategy* og *policy,* en á það bendir prófessor í menningarstefnu og deildarforseti við Háskólann á Bifröst, dr. Njörður Sigurjónsson (2013). Fyrra

orðið, *strategy*, tengist starfsháttum og viðbragði stofnana og skipulagsheilda við ytra umhverfi á borð við samkeppni. Það tengist einnig hugmyndum úr hernaðarlist, eins og bent hefur verið á. Seinna orðið, *policy,* er hins vegar lýsing á því hvernig innra skipulagi og stefnu er háttað hjá stofnun eða skipulagsheild.

Gerð menningarstefnu er því bæði flókið ferli, margslungið og marglaga. Menningarstefnu er einnig hægt að horfa á út frá mismunandi sjónarhornum, eftir því umhverfi sem stefnan er í. Þessi rannsókn beinir sjónum að ytra samhengi og opinberri stefnu stjórnvalds (sveitarfélags). Til að setja stefnu í menningarmálum þarf að horfa til sömu grundvallarhugmynda og í annarri stefnumótun. Hins vegar er eðli og inntak menningar annars vegar og stefnumótunar hinsvegar, slíkt að óhætt má telja að þar blandist saman tveir frumskógar.

3.3. Opinber menningarstefna

Til að varpa ljósi á hvað er opinber menningarstefna, vitna Bell og Oakley í Kevin Mulcahy sem aftur vitnar í Thomas Dye (2005): "*opinber stefna er það sem stjórnvöld velja að gera eða ekki gera*"(2015:46). Hér er um að ræða þá einföldu staðreynd að það sem stjórnvöld velja að gera megi kallast ákveðin stefna af hálfu stjórnvaldsins, þrátt fyrir að skrifaðar hugmyndir eða nákvæmari útlistanir sé ekki endilega að finna. Stjórnvöld í þessu samhengi geta verið bæði ríki eða sveitarstjórnir. Blæbrigðamunur er þó á þeim þáttum sem lúta að mismunandi stjórnvöldum, þannig er menningarstefna ríkis oftar almennari og lýsir frekar heildaráherslum, á meðan menningarstefna einstakra borga eða sveitarfélaga getur verið sértækari og nákvæmari. Þetta er þó ekki algilt og mismunandi eftir löndum.

Dr. Ágúst Einarsson (2012) ræðir opinbera menningarstefnu og bendir á að ákveðin verðmæti felist í menningu hvers samfélags og að svið menningarinnar ættu að vera öllum aðgengileg. Til að tryggja aðgengi

almennings, m.t.t. kyns, stéttar, búsetu, kynslóða og tekna, hafi stjórnvöld ríka skyldu til að standa vel að umgjörð menningarmála. Ágúst bendir jafnframt á að örðugt geti verið að framkvæma menningarstefnu, oft vantar upplýsingar og töluleg gögn, og erfitt er að bera saman gögn frá ólíkum löndum. Hins vegar bendir Ágúst á að eftirlit og mat eigi að vera hluti af framkvæmd menningarstefnu. Hún ætti að verða til þess að: *„[...] hámarka hið hagræna og hið menningarlega virði í samfélaginu.“* (2012: 109).

3.3.1. Íslensk menningarstefna

Menningarstefnu hugtakið á Íslandi er fremur ungt að árum og tiltölulega nýlega hafin fræðileg skrif á því. Fyrsta opinbera menningarstefna Íslands er gefin út árið 2013. Í grein dr. Njarðar Sigurjónssonar menningarstefnufræðings frá 2015 *Íslensk menningarstefna* skoðar hann áherslur í stefnunni og tengir við skrif annarra fræðimanna um menningarstefnu á Íslandi. Segir hann m.a. almennt um menningarstefnu hugtakið:

> “[...] hugtakið ,,menningarstefna“ er ekki einfalt eða nýtt í málinu. Jafnvel má segja að það hafi gengið í endurnýjun lífdaga bæði í merkingu og notkun í nútímanum eftir að hafa sofið Þyrnirósarsvefni allt frá fyrrihluta síðustu aldar. Merking hugtaksins tekur einnig sífelldum breytingum og er ólíklegt að á nokkrum tíma hafi verið einhugur um hvað átt væri við með orðinu ,,menningarstefna“.“ (Njörður Sigurjónsson, 2015: 457).

Njörður kemur einnig inn á í greiningu á Íslensku menningarstefnunni frá 2013, að hún verði að teljast mjög svo almenn og boði ekki endilega nýjar nálganir eða róttækar hugmyndir um menningarstarf á Íslandi. Hins vegar telur Njörður að það megi líka skoða stefnuna í ljósi fagurfræðinnar og sem ákveðna yfirlýsingu, af hálfu stjórnvalda, um það hver þróun menningar geti verið hér á landi (2013: 457). Njörður vísar til nokkurra fræðimanna á Íslandi sem hafa skrifað um menningarstefnu en þeir eru m.a.

menningarfræðingurinn dr. Bjarki Valtýsson og hagfræðingurinn dr. Ágúst Einarsson.

Í skrifum menningarfræðingsins Bjarka Valtýssonar frá árinu 2011, í bókinni *Íslensk menningarpólitík,* er fjallað um menningarhugtakið m.a. í tengslum við ákvarðanir og viss átök innan menningargeirans. Má þar helst nefna ákvarðanir stjórnvalda er varðar fjármagn og úthlutun þess. Þessi nálgun er þungamiðja umræðunnar í bókinni enda njóti þeir aðilar eða geirar sem úthlutað fá peningum ákveðinna forréttinda og fái framgang á meðan aðrir fái það ekki með sama hætti (2011:9). Þetta kallar á mikla ábyrgð af hendi t.d sveitarfélaga og því má telja nauðsynlegt að fyrir hendi sé yfirlýst stefna eða einhverskonar stýring og rök fyrir ráðstöfun á opinberu fé. Bjarki nefnir að ákveðinn galli sé oft á íslenskum menningarstefnum. Hann er sá að lítil tilraun er gerð til að útskýra hvað felst í hugtakinu, menning, og það dragi úr árangri af stefnunum, enda rökrétt að álykta að skilgreining á grundvallarhugtaki þurfi að vera til staðar (2011: 19).

Ágúst Einarsson menningarhagfræðingur skrifar árið 2012 bókina *Menningarhagfræði* þar sem hann útskýrir helstu þætti greinarinnar og fer yfir sviðið hvað varðar íslenskan veruleika, ásamt tilvísunum í alþjóðlega stöðu. Hann tiltekur m.a. þrjár ástæður fyrir því að viðhorf til menningarmála hafi tekið breytingum undanfarin ár. Í fyrsta lagi að fjallað er meira um menningarmál út frá hagrænum og rekstrarlegum þáttum, í öðru lagi að þá er aukin krafa um aðgengi almennings að menningu í kjölfar breytinga og fjölbreytni í samfélaginu. Í þriðja lagi hafi þátttaka hins opinbera aukist í menningarmálum, með tilheyrandi kostnaði fyrir hið opinbera og það leiðir af sér kröfu um mat á árangri, enda er verið að sýsla með almannafé. Í þessu samhengi bendir Ágúst þó réttilega á að ekki megi einblína um of á hagræn sjónarmið þegar meta skuli afrakstur menningarinnar, heldur skuli ekki missa sjónar af því: *"að eðli og megintilgangur menningar og lista sé mikilvægi þess fyrir þroska og sambúð einstaklinga"* (2012: 95). Ágúst telur einnig að íslensk stjórnvöld hafi sérstakri skyldu að gegna í menningarmálum, þar sem

menningarleg arfleifð, fyrir utan tungumálið, sé tiltölulega fábreytt og þarfnist þess að hún sé varðveitt sem best (2012: 97).

3.3.2. Menningarstefna Reykjavíkurborgar

Sé horft til módels að menningarstefnu sveitarfélags er stefna Reykjavíkur gott dæmi. Fyrsta stefna borgarinnar í menningarmálum var gefin út árið 2001 eftir afar víðtækt samráð og sótt var í smiðju menningarstefnu erlendra borga (Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2014 – 2020, e.d.). Yfirskrift stefnunnar 2014 – 2020 er *Menning er mannréttindi*. Er þar vísað til mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna þar sem talað er um menningu sem eina helstu driffjöður þróunar, til jafns á við hina efnahagslegu, og þannig hafi einstaklingar og þjóðir grundvallarrétt til menningarlegrar þátttöku (Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2014-2020, e.d.). Þar er talað um helstu leiðarljós stefnunnar, eins og er gert í stefnu Akureyrarbæjar frá árinu 2103 til ársins 2018. Í stefnu Reykjavíkurborgar eru 9 kaflar þar sem fjallað er um hina ýmsu þætti á borð við auðlindir, börn og menningaruppeldi, menningarstofnanir, aðgengi, þátttöku, stjórnkerfi ofl. Einnig er sérstakur kafli um mótun stefnunnar, þar sem stuttlega er greint frá sögu stefnunnar og hvernig staðið hafi verið að henni. Í menningarstefnu Reykjavíkurborgar er greint frá tengingu markmiða við aðgerðir og samhliða stefnunni fylgir aðgerðaráætlun sem skal uppfærð samhliða starfsáætlunum komandi ára.

3.4. Menningarstofnanir og ytra umhverfi listamanna

Í þessari rannsókn er unnið með fjórar lykilstofnanir í menningarmálum á Akureyri, Leikfélag Akureyrar, Listasafnið á Akureyri, Menningarfélag Akureyrar og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Í viðaukum 4–7 má lesa stutta sögu þessara stofnana.

Stofnanir þessar hafa með helstu listform að gera og telja má til hluta hinna klassísku lista: leiklist, sjónlist og tónlist. Þær eru opinberar stofnanir sem fá fjármagn frá hinu opinbera: frá Akureyrarbæ og ríkinu. Hér er einnig fjallað um ytra umhverfi listamanna eins og það birtist í samhengi við opinberan stuðning sveitarfélags. Vert er að benda á fjölmarga aðra þætti í umhverfi listamanna á borð við aðgengi almennings, listrænan smekk, frumsköpun, jafnrétti og lýðræði sem myndu kalla á mun yfirgripsmeiri umfjöllun en farið verður í hér.

Blæbrigðamunur er á áherslum milli ríkis og sveitarfélaga í menningarstefnum er varða menningarstofnanir. Menningarstefna ríkis er að jafnaði mun almennari á meðan stefna sveitarfélags sértækari og nátengdari því samfélagi sem það tilheyrir.

Í Menningarstefnu Akureyrarbæjar 2013-2018 er stofnana getið undir meginmarkmiði stefnunnar þar sem þær gegna lykilhlutverki sem ákveðin kjölfesta, styðji við frumsköpun og frumkvæði listafólks og aðgengi almennings.

Hér á landi er hlutverk menningarstofnana almennt talið mikilvægt. Í Menningarstefnu Íslands 2013 er töluverð áhersla lögð á hlutverk menningarstofnana og aðgengi almennings að menningu. Í 2. kafla stefnunnar er fjallað um *Lifandi menningarstofnanir* og þeim lýst sem mikilvægum, styrki sjálfsmynd Íslendinga og hafi hlutverki að gegna við að treysta félagsleg tengsl. Einnig gegni þær því hlutverki að gefa almenningi tækifæri á að njóta listsköpunar, séu þjónustustofnanir sem taki mið af fjölbreytni samfélagsins og gegni lykilhlutverki í fræðslumálum. Þeim er settur rammi í lögum og reglugerðum og samningar gerðir um markmið og verkefni. Eitt af markmiðum menningarstofnana á Íslandi er að leggja áherslu á fagmennsku, fjölbreytni og gæði í sínu starfi.

Opinberar menningarstofnanir fá stærstan hluta þess fjármagns ríkis og sveitarfélaga sem rennur til menningarmála. Sem dæmi um erlenda

menningarstofnun má nefna Konunglegu Óperuna í London (*e. The Royal Opera House*) en hún hefur fengið hæsta fjárframlag menningarmála í Bretlandi allt frá árinu 1946 til dagsins í dag. Hugmyndin um mikilvægi menningarstofnana hefur því staðist tímans tönn, þrátt fyrir margvíslegar breytingar að öðru leyti í tilhögun menningarmála (Bell og Oakley, 2015: 21).

Ytra umhverfi listamanna er nátengt viðfangsefninu menningarstofnanir. Starfsumhverfi þeirra er nátengt þeim ramma sem stjórnvöld móta með ákvörðunum sínum um skipulag menningarstarfs og útdeilingu fjármagns. Því með ákvörðunum um hvaða þætti menningarstarfs skuli styrkja, birtist vilji og raunveruleg stefna stjórnvalda.

Í Menningarstefnu Íslands 2013 er fjallað um að stór hluti þess menningarstarfs sem fer fram sé án beinnar aðkomu ríkisins en að framlög þess styrki þann grundvöll sem er fyrir listamenn í hinum fjölmörgu greinum. Áhersla er á sköpun og samstarf opinberra aðila og einkaaðila.

Í Menningarstefnu Akureyrarbæjar 2013-2018 er meginmarkmið *„að styðja við menningarstarf þannig að það blómstri, þroskist og komi sífellt á óvart“.* Einnig er talað um að styðja bæði listafólk og listnjótendur í frumsköpun og frumkvæði. Þar gegni menningarstofnanir bæjarins lykilhlutverki. Sérstök áhersla er á þátttöku ungs fólks í listum og að sá vettvangur sé í boði allt árið. Lögð er áhersla á samvinnu milli stofnana þannig að þær geti skapað jafnréttis grundvöll fyrir þátttöku, m.t.t. kyns, uppruna og aldurs.

Ytra umhverfi listamanna er að mörgu leyti háð því hvað opinberir aðilar ákveða að setja fjármagn í og hvað ekki. Hér er vert að benda á hina hæfilegu fjarlægð stjórnvalds (*e. arms length principle*) þar sem ákvörðunarvaldið er fjarri stjórnmálamönnum og er fremur sett í hendur óháðra aðila sem hafa þó ákveðna fagþekkingu (Bell og Oakley, 2015:56). Mismunandi aðferðir við styrkveitingar tengjast t.d. á hvaða stigi menningarlegrar framleiðslu styrkurinn eigi að renna til, vegna vinnu listamanns, menntunar eða byggingu húsnæðis (Ágúst Einarsson, 2015: 111).

Á árunum 2008 til 2019 eru á Norðurlandi Eystra alls starfandi, í atvinnugreinum menningar, 294 einstaklingar á aldrinum 16 ára til 74 ára. Atvinnugreinar menningar eru samkvæmt íslenskri atvinnugreinaflokkun, ÍSAT 2008, þær skilgreinir Eurostat sem alfarið menningarlegar; 1) starfa við menningarstörf (samkvæmt ÍSTARF95) án tillits til atvinnugreinar, 2) starfa í atvinnugreinum menningar (samkvæmt ÍSAT08) án tillits til starfaflokka og 3) þeim sem starfa við menningarstörf í atvinnugreinum menningar. (hagstofa.is, e.d.).

4. NIÐURSTÖÐUR EIGINDLEGRAR RANNSÓKNAR

Í þessum kafla koma fram niðurstöður viðtala við þá þrettán einstaklinga sem rætt var við. Spurningaramminn sem hafður var til hliðsjónar innihélt ellefu spurningar, tengdum rannsóknarefni (sjá viðauka 2). Leitast var við að þær tengdust viðhorfum og reynslu af menningarstefnu, menningarmálum, viðhorfum til stofnana og starfsumhverfis listamanna. Í lok spurningalistans gafst öllum viðmælendum ráðrúm til að bæta við því sem uppá vantaði, að þeirra mati. Flæði í viðtölunum var mismunandi, flestir höfðu talsvert fram að færa varðandi alla þætti en sumir minna og töldu sig jafnvel vita lítið um vissa þætti.

Viðtalsspurningarnar féllu með einum eða öðrum hætti undir rannsóknarspurningar verkefnisins:

- Hver er staða menningarlífs á Akureyri?
- Hverjir eru helstu þættir í mótun menningarstefnu?
- Hvernig birtist ávinningur/tilgangur stefnunnar fyrir listamenn og stofnanir?
- Hvernig birtist ávinningur/tilgangur stefnunnar í samfélaginu?
- Hvernig gæti stefnan mótast frekar í framtíðinni?

Niðurstöður koma svo fram í þremur megin þáttum eða köflum og í lokin er samantekt:

- Menningarbærinn
- Menningarstefnan – mótun, leiðir og áhrif á umhverfi stofnana og listamanna
- Framtíðarhugmyndir – tilgangur og mótun
- Samantekt á niðurstöðum

Undir hverjum kafla eru sérkaflar þar sem flokkuð eru;

- Viðhorf stjórnenda (fimm viðmælandur: Stjórnandi 1, Stjórnandi 3, Stjórnandi 4, Stjórnandi 9 og Stjórnandi 11).
- Viðhorf listamanna (sex viðmælendur: Listamaður 2, Listamaður 5, Listamaður 6, Listamaður 7, Listamaður 8 og Listamaður 10).
- Viðhorf kjörinna fulltrúa (tveir viðmælendur: Kjörin fulltrúi 12 og Kjörin fulltrúi 13).

4.1. Menningarbærinn

Hér var spurt um viðhorf til stöðu menningarlífs almennt á Akureyri og hvaða áherslur væru mikilvægar í menningarmálum almennt. Hér var leitað eftir viðhorfum er tengjast þeim jarðvegi sem menningin sprettur úr og hvaða forsendur væru til staðar fyrir menningarlega þætti í samfélaginu á Akureyri.

4.1.1. Viðhorf stjórnenda

Viðmælendur höfðu allir talsvert mikið til málanna að leggja varðandi stöðu Akureyrarbæjar í menningarmálum. Í máli allra kom fram sú hugmynd um Akureyri sem *Menningarbæ*. Ákveðin hefð hafi skapast fyrir því að tala þannig um bæinn og væri á einhvern hátt hluti af bæjarbragnum og ímynd hans.

Stjórnandi 1 kemur úr stjórnkerfi bæjarins en hinir fjórir eru stjórnendur stofnana.

Þeir áttu það allir sameiginlegt að telja menningarlíf á Akureyri eiga mikla möguleika, sterkir innviðir væru til staðar og á mörgum sviðum væri um að ræða fagmennsku og vilja til frekari uppbyggingar á atvinnumennsku í listum.

Stjórnandi 1 orðar það svo:

> [...] við erum í rúmlega 19 þúsund manna samfélagi og við erum með leikhús og við erum með atvinnu leikhús, við erum með Listasafn, sem er einmitt meira

> og meira að verða safn [...].Sinfóníuhljómsveit sem er svona, já ég myndi segja prófessjonal, þó að fólk þar sé verkefnaráðið. Þetta menningarhús, við höfum fjárfest alveg ótrúlega mikið og ég myndi segja að við erum komin þangað að það verður ekki aftur snúið, menningarstarf, menningarlíf, menningartilboð eru orðin hluti af innviðum í akureyrsku samfélagi. (S1).

Stjórnandi 4, sem stýrir einni af lykilstofnun bæjarins í menningarmálum, orðar það svo: *„Sko það er náttúrulega það dásamlega við að búa hérna er hvað menningarlífið er ríkt og það er bara svona stór hluti af menningunni og bæjarbragnum...“* (S4).

Samhliða mikilli uppbyggingu er varðar húsakost, með tilkomu Menningarhússins Hofs og endurbyggingu og stækkun á Listasafninu, er ljóst að talsverðum fjármunum hefur verið varið í umgjörð vissrar menningarstarfsemi, og það mögulega á kostnað starfandi listamanna eða grasrótarinnar. Í máli stjórnanda 1, varðandi þessa stöðu kemst hann svo að orði:

> [...] við erum nýbúin að klára að endurbyggja listasafn fyrir heilmikla peninga, á sínum tíma byggðum við menningarhús sem er líka tónlistarskóli. Ætli menningarhúss hlutinn hafi ekki verið 2800 milljónir. Þannig að við setjum þessa svakalegu peninga í steypu og svo soga þeir bara alltaf sjálfkrafa til sín stóran hluta af þeim framlögum sem við köllum menningarmál, og þá er það bara einhver steypa. Og auðvitað verður leikhús [það] þarf alltaf hús, listasafn verður ekki aðskilið frá húsinu sem hýsir það og svo framvegis en þetta hefur þýtt það að stundum hefur manni fundist að svona grasrótarstarf, eigum við að segja frjálst starf, utan akademíunnar, hefur kannski orðið útundan. (S1).

Hér er um að ræða viðhorf sem lýsir mikilvægu atriði er tengist því hvernig fjármunum er skipt til menningarmála á Akureyri og ljóst á máli Stjórnanda 1 að fjármunir hafa verið lagðir í eina hlið menningar mögulega á kostnað annarrar.

Stjórnandi 4, sem stýrir lykilstofnun, lagði áherslu á hversu miklir möguleikar væru til staðar á Akureyri, en fjármagn vantaði til að bjóða fólki

atvinnu. Hún nefndi að erfitt væri að sjá möguleika, verkefni og móttækilega áhorfendur en hafa ekki nægilegt fjármagn til að borga laun. Hún taldi einnig að eftirspurn eftir fleiri viðburðum væri til staðar:

> Það sem einna helst stendur Akureyri fyrir þrifum, ef maður sér einhverjar áskoranir, þá eru áskoranirnar þær auðvitað að það vantar meira fjármagn. Vegna þess að við til dæmis finnum fyrir því hérna í Menningarfélaginu, að við höfum tækifæri til þess að bjóða fullt af fleira fólki vinnu, við höfum verkefni, við getum skapað fleiri verkefni, við teljum okkur hafa markaðinn fyrir það og svo framvegis. En við höfum ekki fjármagnið til þess að bjóða þessi störf, [þrátt fyrir að] við höfum lika eftirspurnina. Það er fólk hérna sem við getum ráðið á morgun. (S4).

Þegar horft er til stöðu Akureyrarbæjar á landsvísu varð stjórnendum tíðrætt um hlutverk bæjarins gagnvart höfuðborginni og þá hugmynd um að vera *hin höfuðborgin*. Að bærinn hefði ábyrgðarhlutverki að gegna gagnvart íbúum Norðurlands í menningarmálum og því væri æskilegt að fjárframlög ríkisins endurspegluðu það hlutverk sem og fjölda íbúa landshlutans og hafði Stjórnandi 3 þetta að segja:

> […] til að setja þetta í samhengi þá erum við að að þjóna 10 prósent, sirka, fólksins á landinu, það eru 30 þúsund manns á svæðinu sem við þjónum. Við fáum aðeins 3 prósent af því fjármagni sem sambærilegar menningarstofnanir fá fyrir sunnan. Og það er það lítið að það er ekki hægt að kalla þetta atvinnumennsku. Það er bara verið að styðja við við að mínu mati er amatörismi, ekki það að það sé ekki gott fólk hérna, ekki það að það sé ekki vilji til þess að gera vel. En það er ekki hægt að segja leikhúsi að halda uppi öflugu starfi sem að nærir samfélagið ef aðeins er hægt að setja upp eina sýningu á ári. Það er bara hlægilegt. (S3).

Stjórnendur ræddu einnig talsvert um núverandi stöðu menntunar á sviði lista og menningar á Akureyri og töldu mjög nauðsynlegt sé að efla hana til að styðja enn frekar við grasrót listamanna og endurnýjun. Á þetta við um tónlist

og myndlist að mati Stjórnanda 9 og nefnir hann sérstaklega Myndlistaskólann á Akureyri, sem um þessar mundir starfar ekki með sama hætti og áður:

> [...] það á reyndar líka við til dæmis í myndlistinni. Að svona, að grasrótinni hefur verið að hnigna. Og það er auðvitað að miklu leyti út af því að myndlistarnám er ekki eins öflugt eins og það var, við erum auðvitað með frábæran verkmenntaskóla en hann er framhaldsskóli. Hann er ekki á sérskóla eða háskólastigi, hann er jú mjög mikilvægur og skiptir máli. Og Myndlistaskólinn [á Akureyri] var á sínum tíma rosalega öflugur og héðan útskrifuðust margir efnilegir nemendur, bæði úr hönnun úr myndlist og það gaf auðvitað rosa innspýtingu í grasrótina. Upp úr því verða til hópar eins og Kaktus [gallerí og vinnustofur ungra listamanna á Akureyri]. (S9).

Eins nefnir Stjórnandi 9, að nú sé mjög mikilvægt að taka næsta skref í uppbyggingu myndlistarnáms á Akureyri, annað hvort með endurnýjun á skólanum með svipuðu sniði eða færa hann upp á háskólastig, t.d. með samstarfi við Listaháskóla Íslands.

Það sem flestir viðmælendur töldu mikilvægt að leggja áherslu á í menningarlífi á Akureyri, var að menningin skipaði það stóran sess í bæjarlífinu að aukin áhersla á atvinnumennsku væri mikilvæg, sem og menntun. Einnig að hlúa ætti sérstaklega að grasrót, aukinni samvinnu milli geira og barnamenningu, ásamt því að halda á lofti menningu sem mikilvægum innvið sem stuðlaði að lífsgæðum íbúa svæðisins. Hvað varðar áherslu á atvinnuskapandi þátt menningarinnar, þá orðar Stjórnandi 4 þetta svo:

> [...] mér finnst liggja mest á því að koma með meiri atvinnumennsku, svona prófessionalisma inní listageirann á Akureyri. Af því að þó svo að þessa alternatífa sena sé rosaleg sterk þá getur hún í rauninni ekki lifað nema það sé líka sterk atvinnu sena. En mér finnst það vera svona það sem svona liggur helst… helsti akkilesarhæll Akureyrar er að það er er ekki næg atvinnumennska, hvort sem það er þá í myndlist, tónlist, leiklist. (S4).

Stjórnandi 4 ræddi einnig að þetta væri sérstaklega vandamál fyrir leiklist og tónlist, enda væru engir fastráðnir leikarar hjá Leikfélagi Akureyrar og ekki heldur hjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Stjórnandi 3 telur að í því samhengi að huga þurfi sérstaklega að starfsumhverfi Sinfóníunnar því að fjármagn vanti sárlega til að halda tónleika og orðar hann það svo:

> [...] en í rauninni gengur ekki vel hjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands ef hún getur bara haldið þrenna tónleika á ári alveg sama hversu góðir þeir tónleikar eru, þá er það ekki kjarninn í því sem við eigum að vera að gera. (S3).

Eitt af því sem kom fram í máli Stjórnanda 3 er að hann telur að huga þurfi sérstaklega að því að hafa menningar framboð fyrir börn og ungmenni faglegt, vel mannað og bera keim af því ábyrgðarhlutverki sem felst í því að kveikja áhuga barna á listum og menningu:

> [...] en þegar að það kviknar þá springur það þvílíkt út þannig að við berum gríðarlega ábyrgð á að gera þetta vel. [...] Ekki alltaf að setja í barnastarfið, að gera allt eitthvað rosa einfalt og [...] kalla til einhverja þrjá fjóra sem eru lausir sem að koma í það. Já [...] við verðum líka að búa það til á þann hátt að það verði eftirsóknarvert. (S3).

Samantekt: Það sem allir stjórnendur voru sammála um, þegar skoðuð er staða menningarlífs á Akureyri, að þar gæti ákveðins ósamræmis á milli hagstæðra ytri aðstæðna; húsakosts, og aðstæðna til listsköpunar annars vegar og svo hins vegar þátta eins og innra starfs, atvinnumennsku, fjármagns og menntunar. Að mati stjórnenda gæti menningarlíf verið enn öflugra en fjármagn vantaði helst til atvinnuuppbyggingar. Þar var flestum tíðrætt um meint ósamræmi á framlögum frá ríkinu. Huga þarf sérstaklega að uppbyggingu á sviði menntunar, sérstaklega í tengslum við myndlist, þar sem myndlistarmenntun á háskólastigi er ekki lengur til staðar.

4.1.2. Viðhorf listamanna

Viðmælendurnir sex úr hópi listamanna telja stöðu menningarlífs á Akureyri nokkuð mismunandi. Gera má ráð fyrir að þar hafi áhrif að viðmælendur koma úr mismunandi greinum sem og ólíkum aðstæðum. Listamennirnir áttu það samt sameiginlegt að skoða stöðu menningar á Akureyri út frá innri þáttum á borð við innra starf, samvinnu milli geira og frumsköpun. Einnig ræða þeir sín viðhorf í tengslum við ytri aðstæður eins og atvinnu þáttinn, styrkjakerfi og skipulag stofnana á borð við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Leikfélags Akureyrar.

Grasrót og frumsköpun var flestum viðmælendum hugleikin, Listamaður 2 taldi að bærinn ætti fyrst og fremst að stuðla að nærandi umhverfi, og þá myndu listir blómstra án of mikillar stýringar að öðru leyti:

> Sko, ég held að það sem er mikilvægast er bara að búa til umhverfið, það er að segja að vettvangurinn sé til, bara það að bærinn hann sé þannig að fólk uni sér þar og hafi aðstöðu til að stunda sínar listir. (L2).

Fram kemur í máli nokkurra viðmælenda töluverðar áhyggjur af skekkju á útdeilingu fjármagns, að það bitni harkalega á grasrótarstarfi og það geti mögulega fælt listamenn frá því að flytja hingað búferlum. Það hafi jafnframt slæm áhrif á starfandi listamenn á svæðinu. Í leiklistinni er þetta sérstaklega áberandi nú um stundir, þar sem Leikfélag Akureyrar hefur engan leikara á föstum launum, fyrir utan hlutastarf eins starfsmanns hjá leiklistarskóla Leikfélags Akureyrar. Listamaður 5 orðar stöðuna svo:

> [...] við þekkjum bara dæmi um það úr leiklistar heiminum að það er fólk að flytja suður útaf því það fær ekki atvinnu hér. Það er bara afskaplega sorglegt þegar maður sér ungt fólk sem er ný kannski búið að flytja til Akureyrar, hélt það myndi fá tækifæri en þarf síðan að fara aftur suður útaf því það hefur ekki atvinnu. (L5).

Varðandi grasrót listamanna þá nefnir Listamaður 2 að sjálfsprottin vinna sjálfstæðra listamanna og félagasamtaka sé í talsverðri hættu þegar þrengt sé

að þeim þáttum menningar. Frumsköpunin og grasrótin hafi stuðlað að því að menningarstofnanir sem við sjáum í dag hafi orðið til, að stjórnsýslan eigi ekki að hlutast of mikið til um þá þætti:

> Við verðum að gá að því líka sko að allar greinar þessar sem ég er að tala núna um eru sprottnar upp ekki af einhverri menningarstefnu heldur vegna þess að þetta er allt grasrótarstarf. Myndlistaskólinn var hér til vegna grasrótarinnar og grasrótin réði til sín kennara og svo framvegis til að efla starfið. Þetta var eins með tónlistina það var tónlistarfélag Akureyrar sem kom á tónlistarskólanum og svo framvegis. Þannig að allt er þetta sjálfsprottið, það er ekki vegna þess að forystan komi frá bæjarfélaginu. (L2).

Listamaður 8, sem kemur úr leiklistargeiranum, upplifir ánægju með fyrrnefnda menningartengingu við bæinn sinn en tekur þó jafnframt fram að margt megi bæta: *„Mér finnst það mjög mjög skemmtilegt og mér þykir mjög gaman þegar talað er um menningarbæinn Akureyri. En mér finnst við ekki sinna því samt eins og ég myndi vilja gera það.“* (L8).

Einnig kom fram, að með því að hlúa vel að listafólki sem býr á svæðinu er mögulegt að fá fleiri áhorfendur og njótendur menningar. Listamaður 7, sem er tónlistarkennari og spilar í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, segir: *„Já og það sem má ekki gleymast heldur, að með því að færa fókusinn inn á við, þá fáum við áheyrendur sem eru hérna á svæðinu. Því að með hverjum einum innfæddum sem að spilar á tónleikum, eða leikur í leikriti, fylgja fullt af áhorfendum.“* (L7).

Listamaður 7 hefur áhyggjur af stöðu hljómsveitarinnar í þessu sambandi og nefnir sérstaklega að fjöldi hljóðfæraleikara komi utan frá, ekki sé alltaf leitað eftir starfskröftum heimafólks. Þetta stuðli að ójafnvægi og því að of lítil uppbygging verði, sem hafi áhrif á i atvinnumöguleika fólks í klassískri tónlist á Akureyri: *„En svo er bara staðan orðin þannig, eins og í Sinfóníunni, að við flytjum inn meira og minna alla hljóðfæraleikarana. Það er ekki verið að byggja upp, það er ekki fýsilegur kostur að flytja til Akureyrar“* (L7).

Hún nefnir einnig að þetta gangi í berhögg við samþykktir um markmið og tilgang Sinfóníunnar og segir: *„... og það stendur hreinlega í samþykktum Sinfóníunnar og öllum lögum og allt þetta, stefna hljómsveitarinnar, þá á þetta að snúast um uppbyggingu innávið“* (L7).

Af þessu má vera ljóst að eitthvert ósamræmi virðist vera í núverandi starfsemi hljómsveitarinnar annars vegar og hins vegar yfirlýstum tilgangi hennar og markmiði.

Samvinna milli listageira var af nokkrum viðmælendum talin mikilvæg, og vænleg leið til að efla sköpun og samtal milli listafólks. Listamaður 5, sem er leikkona, ræddi hugmynd um sameiginlegt rými fyrir listafólk úr mismunandi geirum, þar sem fólk gæti komið saman og eflt sig í sínum störfum:

> Svo ótrúlega spennandi eitthvað þessi hugmynd að geta farið bara eitthvert og spjallað.. og svo er ég bara að spjalla við rithöfunda eða ég er að spjalla jafnvel fræðimanneskju sem er að skrifa um kuml eða eitthvað og ég bara vá, þetta er eitthvað ótrúlega spennandi konsept og það verður einhver svona samræða sem getur átt sér stað. (L5).

Hún heldur áfram og ræðir þessa hugmynd í tengslum við upplifun sína á umhverfi listamanna á Akureyri að: *„[...] það er dálítið mikið hér á Akureryri að hver sé í sínu horni með sitt verkefni og það er bara einstefna með það“* (L5).

Mjög algengt er að listamenn séu í annarri vinnu til að ná endum saman, og mikil vinna felist einnig í því að sækja sér styrki til hinna ýmsu félaga, til að standa straum af sýningahaldi og öðrum viðburðum sem listamenn vilja standa fyrir. Listamaður 10, sem er myndlistarkona, segir svo:

> [...] því það er rosalega mikið um það að listamenn fari bara og gerist launþegar í annarri vinnu, til þess að fá launin sín til þess að geta starfað við listina sína. Og það er alltaf verið að elta á sér skottið. Og þegar þú ert í þessu að vera alltaf að vinna tvöfalda vinnu, það er listin annars vegar og launaða starfið hins vegar, þá lendirðu svolítið oft í þessu að vera að keppast við tímann. (L10).

Sama listamanni var tíðrætt um fyrirkomulag listamannalauna frá bænum: *„Það er svolítið merkilegt að allir listamenn í bænum, í hvaða listmiðli sem þeir eru, hvort sem þeir eru tónlistarmenn, leikhúsmenn, ritlistarmenn, myndlistarmenn, skáld eða hvað sem er sækja allir um í sama pott, og það er bara einhver einn sem fær, það verður að bæta.“* (L10).

Barnamenningin og mikilvægi aðgengis að menningu fyrir börn var flestum viðmælendum tíðrætt um. Og að einhverju leyti væri hvorki verið að setja nægjanlegt fé í þá uppbyggingu, né nauðsynlega athygli. Í því samhengi nefnir Listamaður 6, sem starfar sem tónlistarmaður og verkefnastjóri, tengsl við hugmyndina um alþýðumenningu og segir það svona:

> Að mínu mati, sko ég held að í menningarstefnu, ég held að það sé alltaf, sem skólamaður líka, þá finnst mér að það sem þarf að gera það er að hlúa að barnamenningunni. Hún er oft lögð til hliðar ef að þarf að setja eitthvað púst þá er barnamenningin lögð til hliðar [...] að það sé ekki bara verið að hugsa um atvinnumenninguna heldur líka um alþýðumenninguna. (L6).

Samantekt: Í máli listamanna kom helst fram að talsverðir möguleikar á fjölbreyttri menningu væru til staðar á Akureyri, listamenn hefðu viss tækifæri á að skapa sér atvinnu. Akureyri væri menningarbær en leggja þyrfti rækt við þá hugmynd sérstaklega með tilliti til grasrótarinnar og að listamenn hefðu tækifæri til að skapa sér vettvang án of mikillar stýringar frá bænum. Atvinnu listafólki væri nær ómögulegt að lifa eingöngu af því starfi eingöngu og þar væri togstreita milli þess að eiga fyrir salti í grautinn. Styrkjakerfi væri ekki nægilega hagstætt og aðgengi að listastofnunum væri ábótavant sökum fjárskorts til fjölbreyttari verkefna. Einnig kom fram að samstarf milli greina væri ábótavant. Barnamenning og áhersla á menningarupplifanir fyrir börn væri hægt að bæta, miðað við núverand stöðu menningar á Akureyri.

4.1.3. Viðhorf kjörinna fulltrúa

Viðhorf kjörnu fulltrúanna til stöðu menningar á Akureyri hafa í sér nokkurn samhljóm. Bæði nefna mikilvægi grasrótarinnar og að hlúð sé að henni. Styrkjakerfið gæti verið þar góður kostur. Frelsi stofnana finnst Kjörna fulltrúa 12 mikilvægt á meðan Kjörin fulltrúi 13 leggur meiri áherslu á menntun og barnamenningu.

Kjörin fulltrúi 12 situr í stjórn Menningarfélagsins og henni finnst ákveðið frelsi í stýringu menningarmála mikilvægt enda hafi félagið nokkuð frjálsar hendur. Hún orðar það svo:

> En svo finnst mér líka að stefna megi ekki vera þannig að við séum að binda hendur aðila, að hérna eins og ég tala fyrir því að nú erum við komin með Menningarfélagið sem að samanstendur af þremur félögum í grunninn, að það sé ekki endilega pólitíkin sem segir; „við ætlum að setja 50 milljónir í Sinfóníuna, og þetta mikið í leiklistina og þetta mikið í Menningarhúsið Hof“. Heldur hafi stjórn Menningarfélagsins og starfsmenn þar, geti ráðið flæðinu á, við ætlum að leggja áherslu á þetta og þetta, nú á Leikfélagið til dæmis afmæli og þá ætlum við að styrkja það, eða nú á Sinfónían afmæli eða að við séum ekki heldur að binda hendur um of. (KF12).

Hún telur einnig alls konar styrkjakerfi vera mikilvægur stuðningur við grasrótina og finnst stjórnsýslan vera að standa sig nokkuð vel, og vænlegt að hafa fyrirkomulagið með þeim hætti. Það stuðlar að stuðningi við frumsköpun telur hún: *„Svo er það frumsköpunin og... hérna grasrótin, að við séum að sinna henni. Þar erum við náttlega með allskonar styrkjakerfi og mér finnst að við eigum að halda því áfram.“* (KF12).

Kjörin fulltrúi 12 nefnir einnig mikilvægi þess að meta stöðuna í dag þannig að betur megi áætla hvað skuli leggja áherslu á. Ákveðna greiningu þurfi til: *„Sko...þá finnst mér maður þurfa fyrst að greina og horfa yfir heildar flóruna, hvað er í boði í dag? Þúst, hvað erum við að gera vel, hvað ekki eins*

vel? Og hérna, þannig að mér finnst alltaf áður en maður fer af stað, að greina aðeins núllpunktinn.“ (KF12).

Hjá Kjörna fulltrúa 13, sem situr í stjórn Akureyrarstofu, komu fram hugmyndir hans um mikilvægi menntunar og barna menningarinnar, og nefnir sérstaklega að skerpa þurfi á þessum þáttum inn í komandi menningarstefnu. Einnig ræðir hann nauðsyn grasrótarinnar og í dag þurfi meira að: *„hleypa grasrótinni eða þessu sem að í raun og veru knýr þetta allt saman áfram einhvern veginn, það þurfi að fá að vera meira til.“* (KF13).

Samantekt: Sameiginleg skoðun kjörinna fulltrúa var að aðstaðan væri á margan hátt mjög góð. Helstu atriðin er fram komu eru að annar ræddi frelsi stofnana sérstaklega, á borð við Menningarfélag Akureyrar og styrkjakerfi bæjarins sem er vænlegt til að styðja við grasrótina. Hinum fulltrúanum var tíðrætt um að grasrótin hefði ekki nægjanlegt aðgengi að stofnunum og ákvarðanatöku í menningarmálum. Einnig að nauðsynlegt væri að hlú sérstaklega að og auka enn frekar menningarstarf með börnum og ungmennum, með áherslu á menntun.

4.2. Menningarstefnumótun Akureyrarbæjar

Hér var spurt um þætti er varða mótun, leiðir og ávinning af menningarstefnu fyrir umhverfi stofnana og listamanna. Leitað var eftir viðhorfum er tengjast menningarstefnu Akureyrarbæjar og hvaða áhrif hún hefur.

4.2.1 Viðhorf stjórnenda

Viðhorf stjórnenda eiga hér ákveðinn samhljóm í því að horfa til stefnunnar í ljósi ferlisins, hverjir setja hana og tilgangs hennar fyrir kerfið. Í máli flestra viðmælenda kom fram að umfram allt ætti menningarstefna að hafa í för með sér sameiginlega sýn á hvert skuli stefna. Þekking á innihaldi

stefnunnar var mismunandi innan hópsins, allt frá því að þekkja hana nokkuð vel yfir í að þekkja lítið til hennar.

Stjórnandi 1 þekkti sögu mótunar menningarstefnunnar nokkuð vel, sem embættismaður á vegum bæjarins og ræddi að farnar hefðu verið nokkuð ólíkar leiðir hingað til. Sú menningarstefna sem gilti frá 2103-2018 hafi verið byggð á gríðarlega miklu samtali: *„ég man að þegar við gerðum þessa stefnu þá efndum við til alveg gríðarlega víðtæks samstarfs, héldum vinnustofur..“* (S1).

Varðandi efnistök stefnanna, sem hafi að einhverju leyti verið ólíkar, þá nefnir sami viðmælandi að þær stefnur, sem hafi verið unnið, hafi átt það sameiginlegt að mögulega vantaði ákveðna aðgerðabindingu:

> [...] það er safnað saman hugmyndum með skipulögðum hætti og það er reynt að forma það inn í eitthvað sem að pólitíkin á síðan að gera að sínu. Þetta er svona eitthvað sem verður til á einhverjum landamærum geirans og stjórnmálanna, það er hugmyndin. Báðar þessar stefnur hefur, myndi ég ætla, vantað meiri aðgerðabindingu, ég held að þær séu báðar ágætar að því leyti að þær eru svona skýrar og klárar og það er alveg þokkaleg sýn en það er ekki alveg nógu vel útfært hvaða aðgerðir leiðir af þeim í smáatriðum. En núna stöndum við frammi fyrir því að fara að endurskoða þessa sem rann út 2018. (S1).

Í ljósi ástandsins sem hefur skapast sl. ár (2020-2021) í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19, verði óhjákvæmilega að spara á einhverjum sviðum til að mæta hruni í tekjuöflun sveitarfélagsins. Þar má m.a.nefna mikið tekjufall bæjarins vegna þjónustu við erlenda ferðamenn. Ástandið muni án efa hafa einhver áhrif á þá vinnu sem framundan er varðandi endurskoðun á menningarstefnu bæjarins. Stjórnandi 1 segir svo:

> [...] en það er alveg, og kannski bara ennþá mikilvægara, að það sé samkomulag um hvernig á að halda sjó og hvort við getum þróað okkur og þroskað okkur eitthvað [...] að við verðum ekki hrædd og missum móðinn. Þannig að ég held að menningarstefna á slíkum tímum sé bara ef eitthvað

> mikilvægari heldur en endilega á þeim tímum þar sem allt er í blóma og allt gengur vel og hægt að leyfa sér ýmislegt. (S1).

Viðmælendur voru flestir nokkuð meðvitaðir um innihald núgildandi menningarstefnu Akureyrarbæjar. Þeir voru með misjafna þekkingu á því ferli sem farið var í við mótun stefnunnar en flestir höfðu þó skoðun á því hvernig ætti að bera sig að við mótun hennar. Allir fimm viðmælendur höfðu reynslu af því að taka þátt í stefnumótun og sumir jafnvel höfðu tekið þátt í mótun núgildandi stefnu, minnið var þó fremur gloppótt hjá þeim sem tóku þátt hvað þetta varðar, enda um átta ár síðan sú vinna fór fram.

Hvað varðar áhersluþætti í núverandi stefnu bæjarins var Stjórnandi 4 á þeirri skoðun að það vantaði upp á skýrleika í stefnunni:

> Mestu máli skiptir stefna Akureyrarbæjar er ekki nógu skýr... ef þau væru með skýra stefnu um að það ætti að vera atvinnumennska í listum á Akureyri, þó það væri ekki nema kannski föst stöðugildi, fimm leikara, fimm hljóðfæraleikara, það myndi gjörbreyta starfseminni hjá okkur og í rauninni möguleikunum sem að þetta fólk kemur með til bæjarins. (S4).

Stjórnandi 3 telur mjög mikilvægt að stefnan leggi áherslu á atvinnuskapandi þætti og blandast þar inn umræðan um framlag ríkisins til menningarmála á Akureyri og þar sé til staðar ákveðin skekkja sem þurfi að leiðrétta til að stefna bæjarins standi undir þeim væntingum: „*Og fyrir listamennina það er náttúrulega, SN [Sinfóníuhljómsveit Norðurlands] og LA [Leikfélag Akureyrar] myndu skapa að minnsta kosti 50 ný störf ofan á það sem er núna ef við fengjum 10% af því sem að menningarstofnanir í Reykjavík hafa, vegna þess að þá myndum við framleiða viðburði oftar sem kalla á þennan fjölda [...]*“ (S3). Hann heldur áfram og lýsir því sem svo: *„Heldur það þarf að bara að leiðrétta þetta og koma með réttmætt fé inn í þetta miðað við það sem að fólk er að reyna að gera með því að halda úti þessum stofnunum því að það er ekkert vit í því að gróðursetja tré í mýri .“* (S3).

Varðandi það umhverfi sem stefnumótunin fer fram í, þá kom fram í máli Stjórnanda 9 ákveðinn skilningur á því að um opinbert fé væri að ræða, þá væri eðlilegt að stjórnmálin hefðu ákveðið meirihlutavald í stefnumótun og áherslum. Viðmælandi orðar það svo: *„[...] og sko menningarstefna bæjarfélags, Akureyrarbæjar, af því að það er Akureyrarbær, það er ekki grasrótarhópur sem býr til menningarstefnuna heldur er það Akureyrarbær, eðlilega, ég meina það er svona sem að bærinn rekur margar menningarstofnanir og ber ábyrgð á því er auðvitað sá aðili sem spýtir peningunum inní þetta...“* (S9). Varðandi mismunandi leiðir, þá tekur sami viðmælandi það fram að honum finnst mikilvægt að fara ekki alltaf sömu leiðina, vinna með tækni og nýtt fólk og skoða virkilega hvernig til hafi tekist með gömlu stefnuna og hvað má betur fara: *„Hvernig var síðasta menningarstefna gerð? Tókst það vel?... höfum við náð að framfylgja henni? Getum við gert betur, getum við gert öðruvísi? Og ég held bara með nýrri tækni og með nýjum kynslóðum, með nýju viðhorfi sé hægt að búa til ný módel til að búa til menningarstefnu [...] .“* (S9).

Varðandi atvinnuumhverfi listamanna þá ræðir Stjórnandi 11 það sérstaklega hversu erfitt það væri, fjárhagslega, með tilliti til atvinnu öryggis og launagreiðslna: *„Og sjálfstæðir listamenn eru alveg, það hallar alveg rosaleg á þá, vegna þess að þeir hérna eru, þeir vinna í leikhúsinu undir kjörum.“* (S11). Hún heldur áfram og segir:

> Við byggjum ekki upp fagmennsku ef listamenn fá ekki greitt fyrir sína vinnu eða eru sífellt að vinna sína list í hjáverkum eins og hvert annað hobbí. Hér á Akureyri og sums staðar í Reykjavík þarf að breyta þessum hugsunarhætti þar sem alltof ríkjandi er sú hugsun að hægt sé að gera allt fyrir ekkert. Bæði hér og á höfuðborgarsvæðinu eru haldnar menningarhátíðir sem borgirnar státa sig af þar sem listamenn fá ekkert greitt eða nánast ekkert og falla bæði Menningarnótt í Reykjavík undir þetta og Akureyrarvaka. Stjórnsýslan vanmetur virði listanna og veit í raun ekki hvað fagmennska þýðir annars væri ekki verið að úthluta smápeningi til listamanna. (S11).

Flestir stjórnendur töldu ákveðinn mun á ávinningi af menningarstefnu fyrir stofnanir og hins vegar listamenn. Ákveðin samþætting og samvinna væri þó augljós leið að mati flestra, þrátt fyrir að styrkjaumhverfi sem listamenn búa við, ýti ekki endilega undir atvinnumennsku. Stjórnandi 4 orðar það svo:

> [...] þetta er í rauninni bara svo samtvinnað af því að listamennirnir sjálfir græða á því að það séu sterkar stofnanir, þá geta listastofnanirnar ráðið fleira fólk í vinnu eða þá verkefnaráðið eða tekið þá í verktöku eða þess háttar. Þannig að ég held að það sem er líka hefur verið ákveðin stefna hjá Akureyrarbæ er að veita litla styrki til margra aðila, það dreifir fjármagninu og dreifir fókusnum gríðarlega mikið, og gerir það oft að verkum að verkefni verða ekki neitt neitt. Fólk fær 50 þúsund kall fyrir útlögðum kostnaði, en þarf síðan að leggja fram alla vinnu sjálft og það ýtir í rauninni undir áhugamennsku en ekki atvinnumennsku. (S4).

Samantekt: Viðhorf stjórnenda áttu það sammerkt að horfa fyrst og fremst til stefnuna í tengslum við það umhverfi sem búið er að stofnunum bæjarins. Fram kom að það vantaði ákveðinn skýrleika í stefnuna, ekki fengist fjármagn til að auka framlög til atvinnuuppbyggingar og að ekki væri nægjanleg aðgerðabinding í menningarstefnunni. Tilgangur stefnunnar væri einnig að vera nokkuð skýr hvað varðar vissa þætti, hægt væri að sjá hvað hefði tekist og hvað ekki og væri mikilvægur leiðarvísir á þeim tíma sem framundan er, ekki síst vegna þess að fyrirséð er ákveðinn samdráttur vegna áhrifa Covid – 19 faraldurs.

4.2.2. Viðhorf listamanna

Viðhorf listamanna til menningarstefnu voru á ýmsa vegu. Allir viðmælendur töluðu um, í tengslum við mótun menningarstefnu, áhrif hennar og tilgang, að um væri að ræða einhverskonar samtal. Mögulega vantaði enn meira samtal og samvinnu við starfandi listamenn. Efasemdir voru uppi um

stefnumótunarferlið og hverjir hafi haft aðgang að því. Einnig að stefnan væri ekki nógu skýr hvað varðaði aðgerðir og það hefði áhrif á hversu nytsamleg hún væri sem leiðarvísir. Það skipti máli að stefnan væri góð þannig að ekki væru teknar ákvarðanir byggðar á hentistefnu.

Listamaður 6 orðaði það svo: *„Í mótun stefnu þá er samtalið rosalega sterkt, ég held að samtalið þurfi að vera svo... það þarf að vera svo ofboðslega vítt. Þegar við erum að tala um menningarstefnu Akureyrarbæjar þá þaf maður aðeins að hugsa, sko er þetta menningarstefna pólitískra afla eða er þetta menningarstefna samfélagsins?“* (L6). Áhugavert er að velta því upp, hvort það skipti máli í þessu samhengi, hvaða reynslu og þekkingu kjörnir fulltrúar hafa á menningarmálum. Sami viðmælandi útskýrir þetta svo:

> Og ég er ekkert viss um að það sé alltaf alveg á tæru hvað menn eru að fara [...] það getur verið að þetta sé að þegar menn setja fram stefnu þá er þetta stefnan okkar.. menn hugsa um pólitíkina sko „ við erum í stjórn, við erum í bæjarstjórn, við ætlum að búa til meirihluta og við ætlum að setja okkur þessa stefnu“. En mér finnst bara menningarstefna vera þess eðlis af því að menning er fólk og menningarstefna þarf þá að vera... [...] stefna fólksins, hún þarf að vera stefna samfélagsins en ekki stefna...nei ekki stjórnvalda. (L6).

Listamaður 8 ræddi þetta á svipuðum nótum og hafði af því áhyggjur að ákveðinnar einsleitni og reynsluleysis gætti þegar stefnan væri sett:

> Ég hélt að þetta væri í rauninni miklu miklu meira verk í sjálfu sér að búa til menningarstefnu. Að menn þyrftu að hafa reynslu og þekkingu og kunnáttu og áhuga til þessa að búa til menningarstefnu. En þegar er verið að búa til menningarstefnu þá einmitt þarf þetta að vera í lagi. Það þýðir ekkert að vera bara á launum að búa til menningarstefnu. (L8).

Listamaður 8 telur jafnframt afar mikilvægt að leita til þeirra sem væru að vinna í listum og menningu. Í máli hans kemur þetta fram:

> Fólk þarf að fara að tala við þá sem að vinna við hlutina. Vinna við söfnin, vinna við menninguna og spurja: „ hvað finnst ykkur að við ættum að gera, getum við gert eitthvað í sameiningu, hvernig á að gera þetta“ síðan verður að fara að

> taka ákvarðanir. Ég hélt að þetta væri, ég var að vona að það væri eitthvað í þessum dúr en ég hef grun um að þetta sé einhvern veginn öðruvísi gert. (L8).

Í svipaðan streng tekur Listamaður 10 og segir:

> Bara mæta á svæðið og tala við þá sem standa að viðburðunum. Þeir eru væntanlega að gera það með kannski einhvern smá styrk á bakinu og hugsjón. Aðalleg hugsjón og hérna þessari þörf fyrir að skapa...fara þangað og spjalla við það fólk, fá svona kannski þeirra sýn og og upplifa vinnuna sem er á bak við allt saman. (L10).

Einnig kom fram hjá listamönnum mikilvægi þess að stefnan fæli í sér aukinni áherslu á barnamenningu, fjölbreytni, atvinnumennsku og samvinnu milli geira. Samvinna er það hugtak sem kemur afar oft fyrir í viðtölunum. Listamaður 7 nefnir að það ætti að leggja sérstaka áherslu á samvinnu milli listgreina: *„Og ég held í raunninni sko, sama hvaða listgrein þú tilheyrir, við eigum að hafa meira rennsli á milli. Við eigum að hafa þetta miklu opnara á milli, sko leikhús, tónlist, myndlist... vinna meira þvert á. Og það var náttúrulega það sem við vonuðum að gerðist með sameiningu, með MAk [Menningarfélag Akureyrar] sko, en að sumu leyti höfum við hólfast meira niður.“* (L7). Þarna bendir hún á að mögulega hafi stofnun Mak, með sameiningu listgreina, haft neikvæð áhrif á samvinnu milli listgreina þrátt fyrir allt.

Tímarammi stefnu og framtíðarsýn var Listamanni 6 umhugsunarefni. Hann nefndi sérstaklega að stefna þyrfti að vera til lengri tíma og að það mögulega vantaði ákveðna heimspeki eða fagurfræði í stefnuna:

> Nei, [...] ekki nema að mér finnst oft að þegar þú ert að setja svona samfélagslega stefnur að þær séu oft settar til of skamms tíma, og þær séu kannski pínu, þær eru pínu bundnar í þessu tekníska. Það er ekki nógu mikil hugmyndafræði, það er ekki nógu mikil svona [...]. Það er ekki nógu mikil hugsjón, það er alltof mikil praktík. (L6).

Sami viðmælandi bendir á að þegar væri verið að fylgja stefnu þá væri ekki alltaf augljóst hvaða leiðir ætti að fara til að ná markmiði stefnunnar og hann orðaði það svo:

> Þetta pínu svona, ef maður ætlar til Dalvíkur og horfir bara á Dalvík þá keyrir maður út í skurð, maður þarf að horfa á veginn! Og ég held að það sko skorti oft, ég held að við séum ekkert alltaf að horfa á veginn, ég held að við séum sko alltaf [...] maður horfir á einhverja stefnu, maður setur stefnuna og stefnan leiðir, býr til veg en vegurinn er einhvern veginn ekki það sem við horfum á, við erum alltaf einhvern veginn að horfa á stefnuna. (L6).

Ef stefna á að hafa í för með sér ávinning þá taldi sami listamaður það lykilatriði að lesa hana og vera meðvitaður um hana: *„ég held að ávinningurinn af stefnu fari rosalega eftir því hversu oft maður skoðar hana.“* (L6). Það er ekki nóg að hafa yfirlýst markmið í stefnunni ef ekki er mörkuð einhver leið eða áætlun, vörðusteinar á leiðinni sem maður gæti haft augun á, sé ætlunin að ná heill á húfi til Dalvíkur, að hans mati.

Flestir töldu vera mikinn ávinning af menningarstefnu, sumir voru ekki meðvitaðir um núgildandi stefnu og ræddu því ávinning af stefnu almennt. Listamaður 2 taldi þó ekki vænlegt að stjórnsýslan væri of mikið að hlutast til um ákveðna stefnu:

> Ég er ekkert í sjálfu sér voða hrifinn af því að bærinn í sjálfu sér fari að skipta sér mikið af því að öðru leyti en því að skapa aðstöðurnar. En ekki að hann fari að ráðskast með, eins og virðist stefna í að hann ráðskist með hverjir eigi og hverjir eigi ekki. Þannig að ég vil að menn fái aðstöðuna og til þess að stunda sínar listir nokkurn veginn ótruflaðir en þeim sé þá gefinn kostur á því að hafa þessa aðstöðu einhversstaðar. Líka til þess að koma því á framfæri sem maður vill. Það er ekki svoleiðis núna. (L2).

Í hugmyndum Listamanns 2 má segja að birtist það viðhorf að menningarstefna skuli frekar vera meira alltumlykjandi fremur en of bundin stefna eða sýn á ákveðna hluti. Hann telur stefnuna eigi fremur að vera eins og: „*hollingin á bænum.*“ (L2).

Einnig kom fram sú skoðun að með góðri stefnu væru meiri líkur á að vel ígrundaðar ákvarðanir væru teknar. Listamaður 7 orðar það svo að: *„menningarlífið hérna sé ekki hentistefnukennt, heldur sé það markviss uppbygging frá grunni.“* (L7). Að mati nokkurra viðmælenda var ánægja íbúa og áhugi á búsetu hér t.d. góður mælikvarði á þeim áhrifum sem menningarstefnan gæti haft. Einnig að góð menningarstefna gæfi Akureyri ákveðna sérstöðu og það laði að ferðafólk, innlent sem erlent. Listamaður 5 hefur þessa sýn:

> [...] þá er ávinningurinn líka bara að gefa Akureyri ákveðna sérstöðu. Þau eru alltaf að tala um, þau í stjórn Akureyrarstofu eða fólkið stjórn Akureyrarbæjar eða hvað maður á að segja, þau eru alltaf að tala um hvað þetta sé mikill skóla og listabær, og við erum með alveg flotta skóla og frábært listafólk en en sko því betur sem hlúð er að þessu því meira verður eftirsóknarvert að skella sér [norður]. (L5).

Varðandi viðhorf listamanna til samstarfs og samvinnu milli stofnana og listamanna, kom m.a. fram í máli Listamanns 6, að listamenn gætu verið tilbúnir í samstarf á ákveðnum forsendum, eða forskrift að uppákomum sem stofnunin setur.

> Það þýðir þá bara að listamennirnir, hvort sem er, þá koma þeir með inn í þá vegferð, þeir koma með stofnunum að því að vinna að markmiðinu. Og ég held líka að ef þú ert sjálfstætt starfandi listamaður og það er búið að setja áhersluna á barnamenninguna, þá býrð þú til verkefni sem að falla inn í það, vegna þess að þar er fjármagn, þar er verið að hleypa resúrsunum að [...]. (L6).

Listamaður 10 horfir aðeins öðrum augum á þetta samstarf, að þar þurfi að ýta undir nýjungar og ákveðinn grundvöll: *„Ég held að samstarf væri aðalatriðið, því ávinningurinn er svo mikill í því að hafa fólkið í grasrótinni vinnandi, því að þar kemur þessi frumsköpun [...].“* (L10).

Samantekt: Viðhorf listamann voru nokkuð samhljóma. Allir nefndu skort á samtali, það væri of einsleitur hóp sem setti stefnuna og hún að nýtist ekki nógu vel sem raunhæfur leiðarvísir. Mikilvægt væri að hafa fólkið á gólfinu með í ráðum. Tilgangur stefnunnar væri m.a. að vera það skýr að þegar taka ætti mikilvægar ákvarðanir þá væru þær byggðar á stefnu en ekki hentistefnu kenndar. Sameining Leikfélags Akureyrar og Sinfóníuhljómsveitarinnar undir hatt MAk hafi mögulega ekki verið til bóta. Eins kom fram að mögulega vantaði vissa fagurfræði í stefnuna.

4.2.3. Viðhorf kjörinna fulltrúa

Viðhorf kjörinna fulltrúa til stefnunnar og áhrifa af henni fólst að miklu leyti í hugmyndum um ákveðna mælikvarða, eftirfylgni og hverjir kæmu að mótun hennar.

Í máli Kjörins fulltrúa 12 kemur fram, að meðfram stefnunni sjálfri þurfi að fylgja mælikvarðar á áhrifum hennar:

> Hvað viljum við fá út úr þessari stefnu? Fylgir henni fjármagn? Hverjir ætla að taka ábyrgð? Og hvaða verkefni leiða okkur að því að ná þeirri stefnu sem við settum? Og líka finnst mér að Akureyrarbær, ef hann ætlar að setja fram stefnu þar sem hann er ekki einungis að sinna verkefninu, heldur er hann að gera stefnu í rauninni soldið fyrir aðra aðila líka, að þá þarf að eiga í samtali við þá aðila og hvort þeir séu tilbúnir þá að fylgja þeirri stefnu sem Akureyrarbær er að setja fram. Og hvernig ætlum við að fylgja því eftir og passa að þau séu að fara eftir þessari stefnu? (KF12).

Hún telur einnig að það vantaði ákveðna eftirfylgni, það þyrfti að gera skoðanakannanir af fagaðilum til að hafa einhverja hugmynd um hvernig stefnan væri að virka. Einhverskonar árlegt eftirlit var nefnt sem leið til að átta sig á hvar við værum stödd:

> Við þurfum að gera [það] reglulega, það er ekki nóg að bara móta stefnuna og aðgerðaráætlunina, við þurfum að taka hana upp árlega og fara yfir. Erum við

búin að ná þessum þáttum? Eða, hvað ætlum við að setja í forgang á næsta ári? [...] Já, það er þetta samtal ekki bara þegar þú ert að móta stefnuna, heldur líka samtalið eftir að þú ert búin að móta stefnuna. (KF12).

Fram kom í máli Kjörins fulltrúa 13 að ekki væru allir góðir í þeirri vinnu sem stefnumótun fæli í sér, og að ekki væri nóg að þekkja listasenuna, heldur þyrfti fólk að hafa eitthvað fram að færa: *„Að sko... ég tel mig alveg þokkalega þenkjandi, hvað á ég að segja, í list senunni hérna og hérna, skiptir ekki máli hvort það inn á Listasafn, tónleikar, grasrótin eða annað slíkt. Ég treysti mér samt ekki til þess að móta svona stefnu. Ég vil fá eða ég veit hins vegar alveg um fólk sem yrði frábært í þetta.“* (KF13).

Samantekt: Hugmyndir kjörinna fulltrúa snúa helst að mikilvægi mælikvarða á því hvað stefnan væri að gera fyrir bæinn, hvaða áhrif hún hefði, hvað mætti betur fara og hvernig væri hægt að ganga úr skugga um að stefnunni væri fylgt. Einn tilgangur stefnu gæti verið ákveðið aðhald fyrir stjórnsýsluna. Einnig kom fram að mikilvægt væri að þeir sem kæmu að gerð stefnunnar hefðu einhverja þekkingu á stefnumótunarferlinu.

4.3. Menningarstefna – framtíðarhugmyndir, tilgangur og þróun

Hér var spurt um hvaða þættir teljast mikilvægir þegar kemur að uppbyggingu til framtíðar fyrir samfélagið, í tengslum við menningu og menningarstefnumál. Hér var leitað eftir viðhorfum sem geta endurspeglað hugmyndir um frekari þróun og tilgangi menningarstefnu Akureyrarbæjar.

4.3.1. Viðhorf stjórnenda

Meirihluti stjórnenda nefnir mikilvægi samtalsins, leiðir og umgjörð til að ná því fram sem gæti nýst við mótun stefnu. Einnig að fara þyrfti nýjar leiðir í

mótunarferlinu, að fá meira samtal við íbúa bæjarins, þannig að stefnan myndi höfða til fleiri ólíkra hópa sem ekki endilega væru að sækja menningarviðburði að staðaldri. Líklegt væri að stefnan þyrfti að breytast til að bregðast við aðstæðum í samfélaginu, bæði vegna Covid-19 faraldursins og þess að nauðsynlegt væri að beina sjónum meira að innviðum, fremur en byggingum og húsakosti. Endurhugsa þurfi mat á raunverulegu virði lista og menningar fyrir samfélagið, sem og að styrkjaumhverfið þarfnist endurskoðunar í heild sinni.

Meirihluti stjórnenda nefnir mikilvægi samtalsins, leiðir og umgjörð til að ná því fram sem gæti nýst við mótun stefnu. Samtalið þyrfti að dýpka til að ná raunverulegum árangri að mati Stjórnanda 11, það þurfi meira en einhverja klukkutíma í samtal og jafnframt að: *„Ég held alveg að það væri alveg reynandi að hleypa sko listamönnunum miklu miklu nær... stjórnsýslunni. Þessi skapandi hugsun, frekar heldur en á svona fundum þar sem bara er verið soldið að tikka í boxið.“* (S11). Einnig kom fram í máli þessa sama viðmælanda, að mótun stefnu í menningarmálum mætti hugsa sem samfélagsstarf og velja mætti fólk af handahófi til að koma með innlegg, sem og að greiða aðgengi menntaðra listamanna að stjórnsýslunni þannig að þeir gætu „*hleypt þeim að sem eru að starfa í faginu, eru með puttann á púlsinum, bara beint inn í stjórnsýsluna, bara beint inn í ákvarðanatökuna.“* (S11).

Ein leið til að móta stefnu í framtíðinni geti verið aukið samráð við íbúa og nefnir Stjórnandi 1 sérstaklega þá leið til að leita til almennings sem er ekki endilega duglegur við að mæta á menningartengda viðburði, fólk sem hafi ákveðna hagsmuni en sé ekki endilega að hafa hátt um sínar skoðanir. Hann orðar það svo:

> Og mér finnst spennandi hugsun að færa þetta yfir á næstu skref í mótun menningarstefnu. Reynum ekki bara að tala við “*the usual suspects”* Já og reyna að ná í fólkið sem að ég myndi jafnvel ætla að skilgreinir sig ekki einu sinni sem kúnna. Að teygja okkur lengra til fólksins sem finnst þetta ekki einu sinni sjálfsagt, ekki svona sjálfsagt eins og mér. Og það er annað prinsipp

> þarna sem er, það er þetta með hópinn sem verður fyrir miklum áhrifum þegar á breyta einhverju, hætta einhverju, laga eitthvað en er ólíklegur til að segja sína skoðun. Þetta snýst ekki alltaf um að athuga hvaða skoðun er vinsælust, heldur hvað geturðu laðað fram margar gerðir skoðana á sama málinu. (S1).

Varðandi þær áherslur sem viðmælendur sáu til framtíðar, því sem betur mætti fara, þá komu nokkrar hugmyndir fram. Einn viðmælandi nefndi sérstaklega að líklega væri framundan tímabil á Akureyri þar sem þyrfti að horfa meira á innviði fremur en að byggja meira, bæði hefði efnahagsástandið framundan áhrif og einnig sú staðreynd að mikið hefði verið byggt til þessa. Stjórnandi 1 segir þetta svo: *„Og kannski út frá sko efnahagnum jafnvel að við eigum aðeins of mikið af dóti og það alveg samt alveg fínt tækifæri á að fara að hugsa um hvað á að koma út úr þessu. Já já og bara innra starfið“* (S1).

Stjórnandi 4 nefndi að nauðsynlegt væri að endurhugsa styrkjakerfið á vegum Akureyrarbæjar þannig að smærri styrkir væru fyrir fjölbreyttari flóru verkefna, á meðan færri og stærri styrkir stæðu undir stærri og umfangsmeiri verkefnum.

> Mér finnst til dæmis að Akureyrarbær ætti að ef hann vill halda áfram þessari stefnu að bjóða upp á litla og marga styrki, að þá væri það bara sér sjóður. Þá væri það bara fyrir fólk sem að vantar kannski bara örlítið til þess að geta framleitt eitthvað. Og svo væri bara aðalsjóðurinn sem væri þá fyrir tvö til þrjú verkefni, og það myndi búa til harðari samkeppni og metnaðarfyllri verkefni og metnaðarfyllri umsóknir og allt í rauninni hækkar ákveðinn standard. (S4).

Þar sem Akureyri hefur haft það orðspor að teljast menningar- og skólabær, og bæjaryfirvöld telji það ákveðna skrautfjöður, þá heldur hún áfram og telur að það þurfi að endurspeglast með kröftugum hætti í menningarstefnunni:

> En af því að bærinn talar svona þetta „identity“ fyrir bæinn, sjálfsmynd bæjarins það er mennta og menningarbær, og bæði leikhúsið og menntaskólinn eru svona kennileiti á Akureyri og þá finnst mér svona að það þurfi að endurspeglast í fjármagninu sem að þessum stofnunum er gefið. Það þurfi að

> fá ríkið til þess að átta sig að því að þetta er byggðamál, þetta er fjárfesting til framtíðar. (S4).

Stjórnandi 11 ræddi það sem hún taldi vera vanmat af hálfu bæjarfélagsins á því hvernig listirnar auðga samfélagið, skapi atvinnu og gefi til baka:

> Ég held stundum samt að þau vanmeti til dæmis hér, af því það er alveg það sama, bara tölum um þetta almennt. Vanmeti hvað listir eru atvinnuskapandi. Hvað listir geta gert mikið í samfélagi, hvað þú færð mikið til baka. Að það sé vanmat. Bara það að setja pening í listir, hvað það skilar sér margfalt til baka. (S11).

Stjórnandi 3 telur mikilvægt að nýta þá sérstöðu sem Akureyrarbær hefur, þrátt fyrir smæðina, þar sem ákveðnir innviðir eru til staðar og skapa ný störf: *„[...]við getum nýtt okkur sérstöðuna og smæðina til dæmis með því að finna nýja sprota sem skapa ný störf í listunum til að laða að vel menntað listafólk til búsetu hérna [...].* (S3).

Hvernig ætti svo að standa að menningarlífinu í heild sinni til framtíðar, væri í huga Stjórnanda 1 svona eins og að: *„ Hvernig fáum við þúsund blóm til að blómstra“.*

Samantekt: Stjórnendum var tíðrætt um umgjörð stefnunnar, hvernig hún væri sett, aukna samtalið sem þyrfti að eiga sér stað og nýjar leiðir sem væri nauðsynlegt að fara. Einn megintilgangur með menningarstefnu væri að leggja meiri áherslu á innviði, menntun, faglegt starf og aðstæður listamanna. Styrkjakerfið, sem hluti af stjórnsýslunni, þyrfi að endurskoða sérstaklega með tilliti til þessa hvernig það styður sem best við starf listamanna. Einnig kom fram að nauðsynlegt væri að efla umræðu um mikilvægi og virði menningar almennt.

4.3.2. Viðhorf listamanna

Viðhorf listamanna til hugmynda um framtíðaruppbyggingu menningar og tilgang menningarstefnu voru um margt lík. Rætt var um að efla þurfi samstarf, samráð, fjölbreytni og uppbyggingu á atvinnu fyrir listamenn. Einnig að blómlegt menningarlíf, sem geti vakið okkur til umhugsunar og ögri, hafi áhrif á það hvernig íbúum líði. Slíkt umhverfi stuðli að jákvæðri upplifun og geti laðað að nýja íbúa. Huga þurfi sérstaklega að setja slíkar áherslur í komandi menningarstefnu.

Listamanni 5 fannst vanta ákveðið samráð og nefnir að hópurinn sem hafi orðið sé einsleitur: *„Þetta er alltaf sami hópurinn og það vantar eitthvað svona pínu ferskt og stórt til þess að.. til þess að einhvern veginn ná öllum inn“.* (L5). Á sama tíma og mikilvægt sé að tala við listamennina, þá skipti máli að þeir sem vilja hafa sína atvinnu af menningu hér á Akureyri hafi rödd og Listamanni 7 fannst einnig mikilvægt í því sambandi að ekki væri alltaf sama fólkið sem væri gefinn kostur á því að koma að stefnumótun:

> En ég held að það sé rosalega mikilvægt að hlusta á listamennina sem eru búsettir hérna, þá sem eru að lifa og hrærast í þessum heimi, að þeir fái soldið að hafa skoðanir og ekki bara sumir. Og ekki endilega þessir með peningavöldin, heldur að það séu [...] þeir sem að ætla að lifa af þessu, ætla að vera í gjörningunum[...] eru á gólfinu og að fólk, að það sé soldið verið að hlusta á fólkið sem að, já hefur þann hag að gera þetta sem best.” (L7).

Listamaður 10 telur að enn frekar megi stuðla að samvinnu milli listgreina t.d. með því að horfa til aðgengi grasrótarinnar að stofnunum: *„[...] til dæmis eins og Hof og Listasafnið. Þetta eru fjárfrekar stofnanir, fókusinn kannski er soldið bara á reksturinn en ekki [...] endilega aðgengi grasrótarinnar að [þeim].“* (L10).

Ef horft er til uppbyggingar þátta innan menningargeirans þá nefnir Listamaður 7 líka mikilvægi þess að t.d. tónlistargeirinn geri sér far um að ná til almennings með markvissri fræðslu og að færa listina meira til fólksins:

„Menningin sé fyrir alla, að við séum ekki, að þetta sé einhver elítu starfsemi. Það er eiginlega það mikilvægasta. Við séum sko, byrjum snemma, spilum og leikum fyrir krakkana. Og við séum líka að þjónusta fólkið alveg upp í elliheimili.“ (L7). Hún heldur áfram og talar um það hlutverk tónlistarkennara að vera ekki endilega að kenna upprennandi listamönnum heldur einnig framtíðar menningarneytendum: *„[...] og ég er ekkert að búa til 20 tónlistarmenn á hverju ári. En ég er vonandi að búa til 20 tónleikafara eða tónleika neytendur, eða 19 og einn tónlistamann.“* (L7).

Í því samhengi ræðir Listamaður 7 að í menningarstefnu fyrir heilt samfélag sé freistandi að reyna að gera öllum til hæfis en tekur þó jafnframt fram að það muni vera óvinnandi verk þar sem ávallt verði einstaklingar sem hafa takmarkaðan áhuga og nýta sér menningu sjaldan eða lítið. Að menningarframboð sé til staðar finnst henni þó nauðsynlegt og orðar hún það svo:

> Af því að [...] ég vitna oft í það að einhver sagði: „ ég vil búa á stað þar sem er blómlegt menningarlíf þó að ég fari ekki á tónleika í hverri viku, en bara að ég búi á stað þar sem ég viti að þessi möguleika er fyrir hendi, gerir það að það er þess virði að búa hérna. (L7).

Viðmælendur voru allflestir nokkuð sammála í hugmyndum um uppbyggingu og áhrif menningarstefnu fyrir samfélagið. Almenn vellíðan bæjarbúa og velferð var ofarlega í huga flestra og Listamaður 2 orðar það svo:

> Já mér finnst kannski það sem er mikilvægast að fólkinu líði vel, það er að segja að það finni sig þannig að það sé hér í góðu samfélagi og hafi þessar grundvallar stoðir sem það þarf og og börnin þeirra og unga fólkið að það hafi það sem þarf til þess að ná menningarlegum þroska. (L2).

Listamaður 6 nefnir einnig hlutverk menningar og lista sem ákveðna ögrun og vitundarvakningu, og þess vegna þurfi að huga að þeim þáttum í komandi menningarstefnugerð:

> [...] góð menningarstefna, hún þarf að hlúa að því að við fáum sjokkið sko. Hún á að hlúa að því að við séum ekki bara í afþreyingunni, heldur að við fáum pínu löðrunginn sko, til þess að spegla okkur, víkka sjóndeildarhringinn alltaf og fara að efast um sjálf okkur. Já, já hún getur verið svo margt, af því að menning og listir geta sagt hlutina á miklu frjálsara formi [...]. (L6).

Aðrar hugmyndir um hvernig styrkjakerfið á vegum Akureyrarbæjar væri að virka í núverandi mynd og mögulegar breytingar á því til framtíðar voru t.d. þannig að mati Listamanns 8: *„[...]að henda 100 þúsund kalli hér og 100 þúsund kalli þar, það hefur ekkert að segja. Það þarf að vera vitað í menningarstefnunni að þetta kostar þetta, þá verður bara... þá verða stjórnvöld að taka ákvarðanir um það, hvað gerum við í því...“* (L8).

Samantekt: Viðhorf listamanna til hugmynda um uppbyggingu á sviði menningarstefnu mála voru um margt lík. Samstarf og samráð með nýjum leiðum var ofarlega í hugum þeirra. Mikilvægt að stefna til framtíðar fæli í sér raunhæfar leiðir til að efla atvinnu þáttinn, skapa lífvænlegar aðstæður fyrir grasrótina og gætt að grunngildum menningar og tilgangs hennar til að ögra og þroska. Að ný stefna stuðli að auknu aðgegni alls almennings að menningar upplifunum.

4.3.3. Viðhorf kjörinna fulltrúa

Viðhorf kjörinna fulltrúa, til þess hvernig þróun gæti orðið í menningarmálum, var á margan hátt talsvert lík. Bæði töldu þau mjög mikilvægt að huga að menntun á sviði lista, til að stuðla að fjölbreytni, sem og enn frekari áherslu á uppbyggingu atvinnu á sviði menningar. Annar viðmælanda ræddi mögulegt misræmi á því hvernig staða menningarlífs gæti virst utanaðkomandi, samfélagið væri á margan hátt svolítið lokað, því þyrfti að breyta með einhverjum hætti. Í því sambandi nefndi hann aukna áherslu á skapandi þætti í skólakerfinu.

Kjörin fulltrúi 12 tók fram að gera þyrfti gangskör í tónlistarkennslu á vegum bæjarfélagsins, ekki sé nógu vel hlúð að henni í grunnskólum bæjarins: *„við höfum ekki náð til dæmis að vera með tónmennta kennslu inn í skólunum, en við erum samt, í grunnskólunum er verið að byggja á menningu og listum, en ég held að við þyrftum jafnvel ennþá meira að horfa á það.“* (KF12).

Hún heldur áfram og beinir nú sjónum einnig að háskólanámi á myndlistarsviðinu og að sú vinna þurfi að hefjast sem fyrst;

> Það er verið að gera frábæra hluti í Verkmenntaskólanum, en svo þegar þú ert búin með Verkmenntaskólann hvað svo? Að þá er það upplifunin hjá mörgum að þeir þurfa að fara jafnvel. Auðvitað er það líka gott og eykur víðsýni. Að þú getir líka stundað þitt nám hér í heimabyggð. Þannig að ég held kannski að stóra áherslan núna sé samvinna með Háskólanum [á Akureyri] og hugsanlega þá Listaháskólanum og veit að það er í vinnslu núna, samtalið hvort við náum að setja einhverja listabraut hér. (KF12).

Varðandi atvinnuuppbyggingu á svið lista og menningar, þá er hún sammála þeirri áherslu á að með sterkum stofnunum þyrfti að fylgja áhersla á atvinnuþáttinn: *„Svo finnst mér líka sko mikilvægt fyrir uppbyggingu á menningarstarfsemi, og það er eins og ég talaði um áðan, og það er að skapa atvinnu.“* (KF12).

Hvað varðar umhverfi og vinnu listamanna á svæðinu varð Kjörnum fulltrúa 13 tíðrætt um mikilvægi þess og þá sérstaklega ákveðið misræmi sem væri til staðar varðandi stöðu menningarlífs utan frá séð, með gests augum ef til vill, og raunveruleikans. Einnig kom fram í máli hans að að samfélagið gæti verið opnara og að listafólk þyrfti að eiga auðveldara með að koma sér á framfæri: *„..]samfélagið hérna er pínu svona lokað á margan hátt. Þyrfti svona aðeins að opna betur. Mér finnst leiðinlegt líka hvað listamenn, og þá eru það bara myndlistarmenn og tónlistarmenn, hvað þeir virðast oft þurfa að fara niður á annað hnéð eða jafnvel bæði til þess að ná einhverju fram af einhverju leyti.“* (KF13).

Hann nefnir einnig mikilvægi menntunar, barnamenningarinnar og fjölbreytni og nefnir að sérstaklega þurfi að skerpa á þessum þáttum inn í komandi menningarstefnu.

Hvað varðar fjölbreytni á listasviðinu, þá ræðir hann áfram að hana þurfi að tryggja vandlega og að líkleg leið til árangurs væri að gera það í gegnum skólakerfið: *„Það verður að vera fjölbreytni, bæði sem sagt hvað er verið að gera, hvernig er verið að gera það og hver gerir það. Þetta verður eiginlega að vera í alla staði, manni þarf ekki að líka við allt ....Að við þurfum að bjóða samt alla velkomna, þannig að það þarf einhvern veginn að opna á þetta, og ég... held við þurfum einmitt að gera það í gegnum skólakerfið.“* (KF13).

Samantekt: Viðhorf fulltrúanna voru nokkuð samhljóða varðandi framtíðaráherslur. Menntun, atvinnuuppbygging, fjölbreytni og mælikvarða á árangri menningarstefnu væru allt þættir sem þyrfti að leggja áherslu á til framtíðar. Eins væri vert að leita leiða til að opna umræðu um aðstæður listamanna til að koma sér á framfæri á Akureyri.

4.4. Samantekt á helstu niðurstöðum viðtala

Eftirfarandi samantekt byggir á því helsta sem höfundur telur að viðtalsrannsóknin leiði í ljós og fylgir sömu þáttum og í niðurstöðum viðtalanna. Í fyrsta lagi er fjallað um það sem kom fram undir yfirskriftinni Menningarbærinn, í öðru lagi varðandi menningarstefnuna í tengslum við stofnanir og umhverfi listamanna og í þriðja lagi er fjallað um þróun og framtíðarhorfur í menningarmálum hjá Akureyrarbæ.

Jafnframt eru dregin fram þau mismunandi viðhorf sem birtast milli hópa, bæði þau sem teljast sameiginleg og ólík.

4.4.1 Menningarbærinn

Í máli allra viðmælenda var sá rauði þráður að Akureyri væri menningar- og skólabær. Bærinn státaði af uppbyggingu mannvirkja með t.d. Menningarhúsinu Hofi og Listasafninu á Akureyri. Þessu mikilvægi bæjarins er jafnan haldið á lofti í opinberri umræðu hjá þorra almennings, kjörnum fulltrúum og embættismönnum. **Stjórnendur** stofnana töldu þetta viðhorf ætti að endurspeglast í rekstrargrundvelli stofnana. Hins vegar töldu **listamenn** að mikilvægt væri að gleyma ekki þeim raunveruleika sem birtist í starfsumhverfi þeirra og það væri ekki endilega alltaf í samhljómi við *Menningarbæinn.* **Kjörnir fulltrúar** voru á þeirri skoðun að aðstaðan væri á margan hátt mjög góð. Leggja ætti áherslu á áframhaldandi frelsi stofnana og styrkjakerfi bæjarins sem styddi við grasrótina þannig að þær fengu enn betra aðgengi að stofnunum og ákvarðanatöku í menningarmálum.

.

4.4.2. Menningarstefnan í tengslum stofnanir og umhverfi listamanna

Nokkur munur var á viðhorfum stjórnenda annars vegar og listamanna hins vegar. Munur á viðhorfum verður að teljast eðilegur þar sem afstaðan litast af þeirri stöðu sem einstaklingur gegnir.

Stjórnendur höfðu tilhneigingu til að horfa á stefnuna út frá tilgangi hennar fyrir stofnunina og umhverfis hennar á meðan **listamenn** ræddu frekar þau áhrif sem stefnan hafi á þeirra nánasta starfsumhverfi. **Kjörnir fulltrúar** lögðu áherslu á að ákveðnir mælikvarðar væru notaðir í tengslum við menningarstefnu og afar brýnt væri að meta árangur af henni.

4.4.3. Tilgangur menningarstefnu til framtíðar

Varðandi framtíðar hugmyndir um það sem mætti bæta í menningarstefnu málum var samhljómur aðallega um áherslur varðandi atvinnuuppbyggingu og

fjármagn ætti frekar að fara í innra starf og frumsköpun fremur en í byggingar. Eins að mikilvægt væri að horfa til nýrra leiða í mótun stefnunnar, með leiðum til að fá enn frekar hugmyndir grasrótar og almennings er varða menningu og stefnu bæjarins í þeim málaflokki.

Stjórnendum var tíðrætt um meint ósamræmi í fjárframlagi ríkisins til menningarmála og töldu þessa stöðu ekki samræmast áherslum sem birtust í menningarstefnu Akureyrarbæjar. Eins fanns þeim mikilvægt að í stefnunni væru áherslur sem nýttust sem leiðarvísir fyrir starfsemi stofnana. Fram kom einnig að mögulega þurfi að beina fjármunum frekar í innra starf fremur en steinsteypu. **Listamenn** töldu hins vegar að menningarstefnan þyrfti að ná enn frekar til grasrótarinnar og endurspegla þann raunveruleika sem er í starfsumhverfi listamanna. Skapa þurfi víðtækt samráð um áherslur í stefnunni til framtíðar. **Kjörnir fulltrúar** voru nokkuð sammála um að aukna áherslu í menntun og atvinnumálum á sviði menningar. Annar viðmælanda benti á að ákveðið misræmi væri á stöðu menningarlífs, utan frá séð, og samfélagið svolítið lokað. Möguleg leið til úrbóta væri aukin áhersla á skapandi þætti í skólakerfinu. Samhljómur var í skoðunum þeirra varðandi tilgang menningarstefnu. Hún væri mikilvægt verkfæri til að ná raunverulegum og mælanlegum árangri, ekki bara fyrir stofnanir og kerfið heldur ekki síður fyrir réttmætar ákvarðanir byggðar á stefnu.

5. MENNINGARSTEFNA AKUREYRARBÆJAR

Með þessu yfirliti er leitast við að útskýra þann grunn sem núverandi menningarstefna byggir á og það umhverfi sem hún sprettur úr.

Í þessum kafla verður kynnt þróun menningarstefnu á Akureyri á árunum 1999 til ársins 2019. Ástæða höfundar fyrir því tímabili sem um ræðir, er sú að árið 1999 hefst umræða um hugmyndir að byggingu Menningarhúss á Akureyri og við þau tímamót verða ákveðin kaflaskil í menningarmálum á Akureyri. Ekki er um að ræða einfaldan tímaramma á hverri stefnu fyrir sig heldur má segja að þær vefast saman með ýmsum hætti.

Fjallað verður um þrjár menningarstefnur sem Akureyrarbær setur fram á tímabilinu. Sú fyrsta kemur út árið 2000 og ber heitið *Menning fyrir alla*. Þar kemur fram að árið 1986 hafi verið sett á laggirnar menningarmálanefnd á vegum bæjarins (Menning fyrir alla – Menningarstefna 2000, e.d). Árið 2005 kemur út önnur stefna undir yfirskriftinni *Skapandi bær* og var gildistími hennar sagður til 2008 en hún gilti í raun til ársins 2013. Þá kemur fram þriðja menningarstefnan og gildir hún til ársins 2018. Þeirri stefnu er fylgt í dag.

5.1. Menningarstefnur Akureyrarbæjar

Á undanförnum 20 árum hafa verið settar fram þrjár menningarstefnur á vegum Akureyrarbæjar. Mikið áhersla er á hlutverk bæjarstjórnar í fyrstu tveim stefnunum. Í þeirri þriðju er um að ræða ákveðna þróun og ráðist er í talsvert víðtækt samráð og langt stefnumótunarferli.

Árið 1999 hefst umræða um möguleika á byggingu menningarhúss á Akureyri. Þær hugmyndir eru í takt við áherslur ríkisvaldsins á þessum tíma þar sem hugmyndir um uppbyggingu á sviði menningarmála eiga sér stað á Alþingi. Uppi eru áform um byggingu tónlistarhúss í Reykjavík og kynna borgarstjórn og ríkisstjórn áætlun um byggingu hússins það sama ár (Saga hússins, e.d.).

Samhliða eru hugmyndir uppi um menningarsamninga við hvern landshluta til að standa straum af uppbyggingu á sviði menningarmála.

Björn Bjarnason (1999-2002) þáverandi menntamálaráðherra ræðir hugmyndir um það með hvaða hætti ríkisvaldið geti komið að uppbyggingu á landsbyggðinni og nefnir sérstaklega þau landsvæði sem séu fjærst frá höfuðborginni. Á árunum í kringum aldamótin 2000 verða því miklar breytingar á áherslum í menningarmálum af hálfu ríkisins og verða stefnur í byggðamálum áberandi sem m.a. innifela áherslur á uppbyggingu í menningarmálum landsvæða. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 1999 er eitt af markmiðum hennar að treysta menningarstarf á landsbyggðinni með samkomulagi við einstaka landshluta eða sveitarfélög (Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar 1999, e.d.).

Björn Bjarnason segir í ræðu í október árið 1999 að gert sé ráð fyrir aukningu á fjárframlögum til þess málaflokks á Akureyri. Einnig kemur fram í ræðu Björns, að í tengslum við byggingu Háskólans á Akureyri, þá sjái menn fyrir sér að *„æskilegt væri að menningarhús rísi í tengslum við hann".* (Björn Bjarnason, 1999). Í kjölfar þessara hugmynda má segja að stefna í menningarmálum á Akureyri taki ákveðnum breytingum og áherslur skýrast í þá átt að Akureyri gegni mikilvægu hlutverki í uppbyggingu menningar fyrir landsbyggðina, í takt við áðurnefndar hugmyndir ríkisins um uppbyggingu menningarhúsa á landsbyggðinni.

5.1.1. Menningarstefna bæjarstjórnar Akureyrar árið 2000 til 2005

Árið 2000 er gefin út menningarstefna sem unnin er af starfsmönnum bæjarins og starfandi menningarmálanefnd. Í inngangi stefnunnar kemur fram að hún sé afrakstur mikillar vinnu. Í henni eru helstu málaflokkar eða stofnanir tilgreindar í sjö köflum. Þeir eru:

- Amtsbókasafnið á Akureyri

- Hérðaðsskjalasafnið á Akureyri
- Hús skáldsins, Leikfélag Akureyrar
- Listasafnið á Akureyri
- Minjasafnið á Akureyri
- Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Einnig er fjallað um tilgang Húsverndunarsjóðs og Menningarsjóðs Akureyrar. Mikil áhersla er lögð á kröfu bæjarstjórnar um aukið fjármagn frá hinu opinbera til að standa straum af menningarmálum á Akureyri. Taldi bæjarstjórnin á þessum tíma að þar gæti mikils ójafnvægis ef Akureyri eigi að standa undir því hlutverki að vera mótvægi við höfuðborgarsvæðið (Menningarstefna Akureyrarbæjar, 2001).

Í upphafi stefnunnar er upptalning á vilja og hlutverki bæjarstjórnar hvað varðar menningarmál. Bæjarstjórn Akureyrar er alltaf nefnd sem sá aðili sem: „*vilji stuðla að*, „*telur*", „*vill*" og „*leitast við*" (Menningarstefna Akureyrar, 2001). Helstu markmið eru svo talin upp undir hverjum flokki fyrir sig en lítið er um leiðir að settum markmiðum. Þó er nefnt að með samvinnu við „*öflug atvinnuleikhús í Reykjavík um uppsetningu á verkefnum er meiningin að ná fram verulegri hagkvæmni í rekstri og lækka umtalsvert uppsetningarkostnað.*" (Menningarstefna Akureyrarbæjar, 2001). Hér birtist vilji bæjarstjórnar sem afdráttarlaus og talsvert afgerandi í stefnunni og sveitarfélagið stýrandi í allri vinnu og umræðu. Opinberir starfsmenn og kjörnir fulltrúar hafa skýrt vald yfir ákvarðanatöku og sá aðili sem kom helst að stefnumótun í menningarmálum.

Í byrjun árs 2003 veitir þáverandi ríkisstjórn, með Tómas Inga Olrich sem menntamálaráðherra, einum milljarði króna til byggingar menningarhúss á Akureyri og í Vestmannaeyjum (mak.is, e.d.). Hefst þá tími mikilla breytinga á skipan menningarmála í tengslum við hugmyndir um menningarhús á Akureyri.

5.1.2. Menningarstefna bæjarstjórnar Akureyrar árið 2005 til 2008

Árið 2005 kemur út ný stefna á vegum bæjarins með undirtitlinum *Skapandi bær*. Stefnan er hugsuð til ársins 2008 en gilti í raun til ársins 2013 þegar núgildandi stefna er birt. Áfram er mikil áhersla á hlutverk stjórnvaldsins og er hlutverk bæjaryfirvalda skilgreint sem svo í stefnunni:

„Hlutverk bæjaryfirvalda í menningarlífi er í aðalatriðum tvíþætt:

Annars vegar að hlúa að og styðja við frumkvæði og sköpunarkraft einstaklinga og félaga eða stofnana sem þeir mynda. Listastarfsemi á að njóta eins mikils sjálfstæðis og mögulegt er að þessu leyti.

Hins vegar ber bæjaryfirvöldum að starfrækja stofnanir sem miðla þekkingu og varðveita sameiginlegan menningararf." (Reglur og samþykktir um menningarmál, 2004, e.d.).

Í stefnunni er talað um áhrifasvið og undir þeim fimm meginþættir þar sem talað er um markmið og leiðir.

- menningu og uppeldisstarf
- menningu, sögu og menningararf
- menningu, atvinnumál og ferðaþjónustu
- menningu og byggðamál
- menningu, skipulag og umhverfi.

Í stefnunni er fjallað um menningarlegt starf fyrir börn og er í fyrsta sinn sett fram í menningarstefnu bæjarins. Nefndar eru leiðir á borð við aukið samstarf við skóla og aðrar menningarstofnanir. Sérstaklega er rætt um langa og ríka skólahefð á Akureyri, öflugar menningarstofnanir og fjölda skapandi einstaklinga í flestum listgreinum. Áhugavert er að sérstaklega er tekið fram í stefnunni að ekki séu: *„[…] stífar forskriftir um leiðir að settum markmiðum. Það byggir á þeirri skoðun að oft finnist snjallar lausnir í framtíðinni sem ekki*

liggja fyrir við setningu hennar. Öflugt menningarlíf veltur á fjölbreyttu samstarfi og frumkvæði sem á sér margskonar uppsprettur.“ (Menningarstefna bæjarstjórnar Akureyrar, e.d.).

Það er umhugsunarvert að þessi stefna er aðeins hugsuð til þriggja ára, og að því er virðist í mjög miklu samhengi við þann líftíma sem bæjarstjórnir oft hafa. Eins má velta fyrir sér því viðhorfi að velta ábyrgðinni á framkvæmd að settum markmiðum stefnunnar yfir á mögulegar framtíðarlausnir. Í stefnunni, undir öllum fimm meginþáttum hennar, er upptalning á *mögulegum* leiðum ásamt markmiðum sem bæjaryfirvöld vilja leggja einna mestu áherslu á. Ljóst er að þessi stefna gaf talsvert mikið rými til túlkana á ýmsum þáttum.

5.1.3. Menningarstefna Akureyrarbæjar árið 2013 til 2018

Í menningarstefnu Akureyrarbæjar 2013-2018 (sjá viðauka 3) er í fyrsta sinn talað um stefnu bæjarins en ekki bæjarstjórnarinnar. Hér má greina þróun og áherslubreytingu frá fyrri stefnum. Leitast er við að halda nokkurri fjarlægð bæjarstjórnarinnar í ákvarðanatöku ásamt því að stefnan höfði frekar til allra bæjarbúa. Hinn pólitíski meirihluti bæjarstjórnar virðist hér ekki í aðalhlutverki og álykta má að það gæti ýtt undir víðtækari ánægju bæjarbúa með stefnuna.

Í inngangi stefnunnar eru þrír kaflar:

- Meginmarkmið stefnunnar: samvinna, metnaður og fjölbreytni.
- Skapandi greinar
- Samvinna og ráðdeild.

Í inngangi er einnig sérstaklega vikið að því hlutverki bæjarins, með fulltingi ríkisins, að vera eins konar kjölfesta fyrir menningarstofnanir bæjarins, sem gegna þar lykilhlutverki. Áhersla er einnig á fjölmenningarsamfélag og þátttöku barna og ungmenna í menningarstarfi. Skapandi greinar eru taldar skipa stóran sess á Akureyri og mikilvægt markmið sé að bærinn haldi áfram að vera eftirsóknarverður í því samhengi. Áhersla er á aukna samvinnu milli

menningarstofnana og verði það í höndum Akureyrarstofu að stuðla að því samtali. Opinbert fé skuli nýta sem allra best og leitast við að hagræða er kemur að húsnæði, tækni og markaðsmálum.

Stefnunni er skipt í sex kafla:

- Sviðslistir
- Tónlist
- Ritlist
- Sjónlistir
- Söfn og sögulegar minjar
- Viðburðir, markaðssetning og ferðaþjónusta

(Menningarstefna Akureyrarbæjar. 2014, e.d.).

Með þessari stefnu kveður við nýjan tón að mörgu leyti í menningarmálum Akureyrarbæjar. Í fyrsta lagi er geiranum skipt í sex svið og fær hver þeirra sérstakan kafla þar sem fjallað er um leiðarljós og leiðir. Í öðru lagi er nýlunda að tengja menningu við frekari markaðssetningu og ferðaþjónustu. Í þriðja lagi er bærinn enn frekar að stuðla að sýnileika menningar þannig að það skili sér í auknu aðdráttarafli fyrir ferðamenn og fjármálalegum arði til bæjarins og fyrirtækja. Fyrir utan meginmarkmið í inngangi er einungis talað um leiðir sem ekki er ljóst hvort séu í raun markmið eða hvernig þeim skuli framfylgt. Hvergi í stefnunni er minnst á mælikvarða, tímasetningar né skilgreind ábyrgðarhlutverk. Má segja að stefnan sé ágætlega skilgreind leiðarljós og góð útlistun á því hvað Akureyrarbær skilgreinir sem helstu svið menningar. Sem verkfæri og leiðarvísir, í skilvirkri og raunverulegri vinnu, má velta fyrir sér hvort stefnan nái að skila tilætluðum árangri.

5.2. Stjórnkerfi Akureyrarbæjar á sviði menningarmála

Menningarmál og stjórnun þeirra hjá Akureyrarbæ hafa verið með tvennum hætti á því tímabili sem hér er rannsakað. Farið er í skipurit stjórnkerfisins og fjárframlög til málaflokksins eru skoðuð.

Í byrjun árs 1999 er starfandi menningarmálanefnd sem fyrst var sett á laggirnar árið 1986 (Menning fyrir alla – Menningarstefna 2000, e.d). Nefndin skilaði tillögum til bæjarráðs sem fjallaði um þau málefni og ýmist samþykkti, hafnaði eða óskaði frekari útskýringa, allt eftir eðli og umfangi hvers máls fyrir sig. Nefndin starfar allt til ársins 2006 en þá verða umfangsmiklar breytingar á bæjarkerfinu í heild sinni og menningarmálum þar með.

Þá tekur til starfa Akureyrarstofa, sem sinnir menningarmálum, kynningar- og markaðsmálum, ásamt ferða- og atvinnumálum (Stjórnkerfisbreytingar hjá Akureyrarbæ. 2006, e.d.). Stjórn Akureyrarstofu skipa sex fulltrúar sem eru pólitískt kjörnir ásamt tveim starfsmönnum sem eru: sviðsstjóri samfélagssviðs, sem ritar fundargerðir Akureyrarstofu og forstöðumaður Akureyrarstofu (Stjórn Akureyrarstofu. 2021, e.d.). Akureyrarstofa starfar undir Samfélagssviði Akureyrarbæjar, sem sinnir öðrum afar víðfeðmum málaflokkum á borð við skóla- og forvarnarmál, íþróttamál, mannréttindamál, fjölskyldumál og jafnréttismál. Hlutverk sviðsins er m.a. að veita öllum íbúum, starfsfólki bæjarins og öllum þeim sem þurfa á að halda, þjónustu og upplýsingar um allt er fellur undir málaflokka sviðsins (Svið Akureyrarbæjar, e.d.).

Skipurit Akureyrarbæjar frá 1. janúar 2017 er með þessum hætti:



Mynd 1. Skipurit Akureyrarbæjar (Svið Akureyrarbæjar, e.d.).

5.3. Fjármál

Fjármunir til menningarmála á svæðinu koma frá ríkinu og Akureyrarbæ. Rammasamningur er á milli aðila og er hann samkvæmt lögum um framlög ríkisins til menningarmála. Á vefsíðu Stjórnarráðs Íslands kemur fram að tilgangur samningsins sé að „*efla Akureyri sem miðstöð menningarstarfs utan höfuðborgarsvæðisins í samræmi við stefnu stjórnvalda í byggðamálum*“ (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Þar er einnig kveðið á um að framlögin skuli renna til Leikfélags Akureyrar, Listasafnsins á Akureyri og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.

Talsverðar umræður um framlög ríkisins til menningarmála hafa ávallt verið á Akureyri og umræðan snúist allra helst um að ekki gæti jafnræðis á við t.d. höfuðborgarsvæðið í úthlutun fjármagns þegar horft er til íbúafjölda og þeirra menningarstofnana sem reknar eru á Akureyri. Árið 2018 til ársins 2019 eru framlög ríkisins til menningarmála á Akureyri um 195 milljónir og sagði Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, m.a. þegar þáverandi

menningarsamningur var undirritaður að öflugt og fjölbreytt menningarstarf tengdist eflingu byggða og auknum lífsgæðum (Stjórnarráð Íslands, e.d.).

Í byrjun árs 2021 hafa farið fram miklar umræður í bæjarstjórn Akureyrar varðandi fjárveitingu frá ríkinu. Í blaðagreinum, er birtast í mars 2021, er greint frá mikilli óánægju bæjarfulltrúa varðandi þann menningarsamning sem stendur til að undirrita við ríkið. Lagt er til að notað verði nýtt viðmið sem byggir á því að framlagið verði tvöfaldað í samræmi við þá staðreynd að á því svæði sem Akureyri og nágrenni þjónar búi um 10% landsmanna og því ætti framlagið að miðast við það. Ríkið greiðir nú um fjóra milljarða til menningarmála á höfuðborgarsvæðisins og fram til þessa hafi framlagið til Akureyrar verið um 5% af þeirri upphæð en eðlilegra er að hún væri 10% ef gæta á samræmis að mati bæjarfulltrúanna. Meirihluti bæjarstjórnar lýsti því yfir að nauðsynlegt sé að hugsa skiptinguna upp á nýtt (Skapti Hallgrímsson, 2021, Óðinn Svan Óðinsson, 2021).

Þegar skoðuð eru heildarútgjöld bæjarins og hlutfall þeirra er rennur til menningarmála, á árunum 2009 og 2019, má sjá þessa mynd:



Mynd 2. Útgjöld Akureyrarbæjar til menningarmála árin 2009 og 2019. (Kristjana Hreiðarsdóttir, aðalbókari Akureyrarbæjar, munnleg heimild 8.3. 2021).

Hér er um óverulega hækkun á hlutfallslegum útgjöldum bæjarins til menningarmála á milli áranna 2009 og 2019 eða um 4, 2% af heildarútgjöldum bæjarfélagsins 2009 yfir í 4,7% á árinu 2019

Hluti af þeim fjármunum sem ríkið veitir til uppbyggingar á landsbyggðinni koma einnig í gegnum samtök Sveitarfélaga á Norðurlandi Eystra (SSNE) stofnað árið 2020. Þar sameinuðust Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Eyþing (Um SSNE, e.d.). Eyþing var áður vettvangur styrkja til menningarmála utan bæjarkerfisins á Akureyri og þjónaði Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. SSNE er sameiginlegur bakhjarl þeirra 13 sveitarfélaga sem tilheyra þessu svæði. Eitt af markmiðum samtakanna er að stuðla að öflugu menningarlífi á svæðinu og gera það til dæmis með sóknaráætlun Norðurlands Eystra. Samningur milli SSNE og ríkisins var undirritaður árið 2019 og gildir til 2024. Atvinnuráðgjafar veita aðstoð við mótun verkefna og gerð umsókna (Styrkir og lán, e.d.).

Akureyrarbær styrkir listamenn og félagasamtök í gegnum einn aðalsjóð, Menningarsjóð Akureyrar. Undir hatti hans eru þau fjárframlög sem Akureyrarbær ætlar árlega til samstarfssamninga, verkefna- og ferðastyrkja, sem veitt eru félögum og lögráða einstaklingum í menningarlífinu í bænum. Menningarsjóðurinn var stofnaður á aldarafmæli Akureyrarbæjar, 29. ágúst 1962, og var upphaflega um eina upphæð að ræða í sjóðnum. Honum var síðar breytt og nú er um ákveðna upphæð árlega á fjárhagsáætlun að ræða í stað eiginlegs sjóðs. Menningarsjóður Akureyrar skiptist í fjóra sjóði: Samstarfssamningar, Verkefnastyrki, Starfslaun listamanna og Sumarstyrk ungra listamanna. Stjórn Akureyrarstofu fer alla jafna með vald til styrkveitinga en þó er hægt að fela starfsmönnum bæjarins að veita smærri styrki í vissum tilfellum (Reglur menningarsjóðs Akureyrar, e.d.).

Árið 2009 er gert ráð fyrir rúmlega 11,9 milljónum í sjóðnum en raunin var hins vegar sú að úthlutað var 13,8 milljónum það ár vegna óvæntra vörukaupa. Árið 2019 eru sjóðnum áætlaðar 15,4 milljónir til ráðstöfunar en raunverulegar úthlutanir það ár nema rétt rúmum 13,3 milljónum og skýrist það mögulega af verkefnum sem ekki tókst að ljúka á því ári. (Þórgnýr Dýrfjörð, munnleg heimild 8.4.2021). Á þessu 10 ára tímabili er því ljóst að

nær engin hækkun er á þeim fjármunum sem Akureyrarbær úthlutar til verkefna listamanna.

Annar sjóður, sérstaklega hugsaður fyrir ungt fólk, er *Verðandi, listsjóður* en hann er samstarfsverkefni Akureyrarbæjar og MAk. Þar er boðið uppá sérstaka styrki fyrir ungt listafólk og listafólk utan stofnana. Sjóðurinn hefur það markmið að auðvelda aðgengi að Menningarhúsinu Hofi, að listafólk fái tækifæri til að nýta sér þá aðstöðu sem þar er (Menningarfélag Akureyrar, e.d.).

Ef leitað er samanburðar við menningarframlög annarra sveitarfélaga af svipaðri stærðargráðu og Akureyri er ill mögulegt að finna sveitarfélag til að gera raunhæfan samanburð við. Í þessu samhengi er rétt að benda á staðsetningu og hlutverk bæjarins gagnvart byggðum á Norðurlandi og þeirra stofnana sem í bænum starfa. Hlutfall framlags til menningarmála á hvern íbúa er mun hærra á Akureyri af þessum sökum. Þau sveitarfélög sem eru af svipaðri stærðargráðu eru öll í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og menningarstofnanir sem þar eru sinna einnig íbúum þessara sveitarfélaga að einhverju leyti. Höfundur kannaði menningarframlög Hafnarfjarðarbæjar (um 406 milljónir árið 2017 (G.G., 2016)), Kópavogs (623 milljónir árið 2018 (kopavogur.is, e.d.)) og Reykjanesbæjar (604 milljónir árið 2020 (reykjanesbaer.is, e.d.)) Í öllum tilfellum var framlag Akureyrarbæjar á þessu árabili nær helmingi hærra en þessara þriggja sveitarfélaga.

Sé horft til hvernig fjármunum er skipt milli eininga í menningargeiranum á Akureyri þá má augljóslega sjá, á töflu 1, hversu stór hluti rennur til Menningarhússins Hofs árið 2019 eða nær 45% þeirra fjármuna sem varið er til menningargeirans.

Tafla 1 Skipting fjármuna innan menningargeirans á Akureyri. (ak.data.is, e.d.)



Árið 2009, fyrir tíma Menningarhússins Hofs, þá renna til Sinfóníunnar og Leikfélagsins um 150 milljónir af þeim 567 milljónum sem úthlutað er til menningarmála í heild sinni (Kristjana Heiðarsdóttir, aðalbókari Akureyrarbæjar, munnleg heimild 8.mars 2021). Það eru um 26,5% af heildarfjármunum til menningarmála það ár. Því er ljóst að með tilkomu Menningarhússins verða miklar breytingar í úthlutun fjármuna til menningarmála á Akureyri. Til viðmiðunar má benda á að vísitala neysluverðs hækkar um 26.5% á þessu 10 ára tímabili (hagstofan.is, e.d.).

6. SAMANBURÐUR VIÐ AÐRAR MENNINGARSTEFNUR

Í þessum kafla er farið yfir stuttan samanburð við aðrar menningarstefnur. Norræna menningarstefnu módelið er lauslega dregið upp. Í því birtist heildarhugmynd um þá þætti sem menningarstefnur Norðurlanda eiga sameiginlega. Að lokum er stutt lýsing á einkennum menningarstefnu hugmynda og opinberri menningar stýringu annarra þjóða. Með þessum samanburði er leitast við að útskýra hvaðan hugmyndir í menningarstefnu Akureyrarbæjar koma og mögulegan samhljóm.

6.2. Norræn menningarstefna

Norræn menningarstefna, eða norræna menningarstefnu módelið, fjallar um þá sameiginlega þætti sem birtast í stefnumótun menningar í norrænum löndum. Norðurlöndin eiga það sameiginlegt að nokkuð afgerandi samstaða er um ábyrgð og skyldu hins opinbera þegar kemur að menningarmálum. Hlutverk ríkis og sveitarfélaga, í að veita opinberum fjármunum til menningarstarfs, er hlutfallslega stórt og rík hefð er fyrir öflugum menningarstofnunum á vegum hins opinbera, lýðræðislegri menningarhefð og frelsi listamanna (Mangset, Kangas, Skot-Hansen, & Vestheim, 2008). Fyrrnefndir höfundar telja helstu einkenni hennar vera samkvæmt danska menningarfræðingnum Peter Duelund (2003), sem einnig hefur mikið rannsakað norræna módelið, að það einkennist af upplýsingu, frelsi, jafnrétti, félagslegri velferð og þjóðlegum áhrifum (Mangset, ofl., 2008:1). Duelund heldur því einnig fram að þróun hins norræna módels eigi sér djúpar rætur í sögulegu samhengi og þróun lýðræðis. Hann horfir í því samhengi til uppgangs borgarastéttarinnar í þjóðfélaginu og aukins aðgengis menningu (Duelund, 2009).

Hugmyndir Duelunds, um norræna módelið, byggja m.a. á hugmyndum Jürgen Habermaas um raunsæishyggju (*e. rationality*), þegar fjallað er um hvernig skilgreina skuli listir, menningu og menningarstefnu. Að horft sé til þessara þátta á praktískan hátt og að þeir lúti ákveðnum lögum og reglum sem samfélagið setur á lýðræðislegan hátt (Duelund, 2008).

Eitt af einkennum Norræna módelsins er að í því birtist sérstök áhersla á menningu ákveðinna svæða eða borga og bæja, þar sem t.d. á afskekktum og fámennum stöðum er mjög náið samband milli pólitískrar stefnu og menningarstefnu (Vestheim, 1994). Bell og Oakley taka norræna módelið sem dæmi um sameiginleg einkenni menningarstefnu milli landa (2015: 117).

Nokkuð ljóst er að menningarstefna Akureyrarbæjar er um margt í anda hins norræna módels. Með stýringu og veitingu fjármuna frá lýðræðislega kjörnu stjórnvaldi til margra menningarlegra þátta, sem teljast samfélagslega mikilvægir, með vissu svigrúmi til listræns sjálfstæðis og hugmyndinni um gott aðgengi almennings að menningu í gegnum menningarstofnanir og grasrótarstarf.

6.3. Menningarstefnur annarra þjóða

Menningarstefnur þjóða eru um margt ólíkar innbyrðis og stuðningur hins opinbera er mismunandi háttað. Hins vegar eru sameiginlegir fletir og einkenni sem hér verður gert stuttlega grein fyrir.

Til að skoða helstu einkenni má setja tvær Evrópuþjóðir, Bretland og Frakkland, í samhengi við við stefnur Bandaríkjanna og Rússlands sem eru lýsandi dæmi um sitthvorar öfgarnar. Með litlum sem engum afskiptum hins opinbera í Bandaríkjunum yfir í mikla stýringu og takmarkað listrænt frelsi í Rússlandi.

Í Bretlandi er hlutverk hins opinbera tengt hugmyndinni um velgjörðarmann (*e. patron*), með ráðuneyti sem hafa vissa fjarlægð frá

framkvæmd (*e. arm's length*). Þar er ráðuneyti menningarmála afar víðfemt og undir það heyra miðlar, menning og íþróttir. Verkamannaflokkurinn, sem árið 1997 var við völd í Bretlandi, setti ráðuneytið á laggirnar og þá var betur skilgreint hvert hlutverk ríkisvaldsins væri, þegar kemur að því að standa vörð um menningu og listir í Bretlandi (Bell og Oakley, 2015: 110). Þjóðareinkenni og karakter bresku þjóðarinnar birtast í áherslum menningarstefnunnar á þann hátt að menningunni er gert hátt undir höfði og svigrúm er á milli hins opinbera og menningar.

Í Frakklandi er rík menningarhefð, sem er mjög nátengd sögu landsins, sterkar menningarstofnanir fá ríkuleg framlög en lúta vissri miðstýringu og menningin er talin mikilvæg sem hluti af félagslegri stöðu og aðgengi almennings. Þar er stuðningur við listir talinn félagslega mikilvægur og tengist velferð og vellíðan einstaklinga(*e. social welfare*). Hlutverk hins opinbera er að vera miðstýrt vald menningarráðuneytis.

Þessi einföldun á menningarstefnu nokkurra ríkja er viðurkennd og sett fram af Chartrand og McCaughey árið 1989, í riti þeirra Bell og Oakley frá árinu 2015, *Cultural Policy*. Þessi fjórskipta hugmynd um menningarstefnur þjóða er mjög mikil einföldun og felur að sjálfsögðu ótal marga þætti sem bæði eru sameiginlegir og öðruvísi milli þeirra. Hún gefur hins vegar ákveðna mynd af grundvallaratriðum í alþjóðlegum hugmyndum um menningarstefnu.

Þegar menningarstefna Akureyrarbæjar er skoðuð í samhengi við hugmyndir um alþjóðlegar menningarstefnur, aðrar en norræna módelið, má finna sameiginlega fleti og tengingar m.a. frá Bretlandi og Frakklandi, á borð við mikilvægi menningarlegs aðgengis almennings, hugmyndina um vissa fjarlægð frá opinberu valdi og gildi menningarlegs uppeldis.

7. kafli UMRÆÐUR OG ÁLYKTANIR

Í eigindlegu viðtalsrannsókninni eru könnuð viðhorf til menningarstefnu Akureyrarbæjar. Um er að ræða skjal sem sett er fram með ákveðnum leiðarljósum og markmiðum. Í því birtast áherslur bæjarfélagsins á hvaða hátt skuli staðið að menningarmálum. Hér er vert að nefna mikil og órjúfanleg tengsl við stjórnmálalegar ákvarðanir, enda eru bein tengsl milli útdeilingar fjármagns og þess hvaða þættir menningar fá framgang. Til stuðnings rannsókninni er fjallað um fræði og hugmyndir sem tengjast menningarstefnu, þróun hennar og stofnanna sem helst sinna menningu á Akureyri. Mikilvægt leiðarljós er raunverulegur tilgangur stefnunnar.

Við fyrstu sýn lofar margt góðu eins og gjarna er um yfirlýstar stefnur. Hún er aðgengileg og útskýrir vel þau svið sem Akureyrarbær telur til menningarmála. Viðtalsrannsóknin varpar svo hins vegar ákveðnu ljósi á hvernig hún virkar eða virkar ekki.

Það er engin ein leið sem er augljós og best við mótun stefnu. Að líkja vegferðinni við ferð í gegnum frumskóg, eins og gert er fyrr hér í rannsókninni, er líklega ágætis samlíking. Verkefnið er gríðar flókið og háð ótal mörgum áhrifaþáttum og hugmyndum. Þess vegna er mikilvægt að efna til umræðu um menningarstefnu og láta sig hana varða.

Menningarþátttaka og aðgengi almennings er umræða sem hefur fengið töluvert meira vægi á undanförnum árum og tengist það að einhverju leyti efnahagslegu vægi og afleiddum störfum á sviði menningar. Einnig er vert að velta vöngum yfir því hvort sá áhorfendahópur, sem helst nýtir sér hina klassísku listir, hafi breyst eða þróast á sl. áratugum.

7.1. Menningarbærinn

Sú hugmynd að Akureyri teljist menningarbær er vert að skoða aðeins nánar. Hvar liggja rætur þeirrar umræðu? Af hverju skiptir hún máli og hvaða

áhrif hefur hún á umræðuna um menningarmál? Til að átta sig á þeirri stöðu sem er í menningarmálum á Akureyri í dag er áhugavert að velta fyrir sér hvað það er í fortíðinni sem kynni að hafa mótað hugmyndina svo sterkt sem raun ber vitni.

Mögulega má rekja hana allt til danskra áhrifa í upphafi byggðar bæjarins, eins má segja að tilurð Menntaskólans á Akureyri og annara skóla, tengist umræðunni. Á 8. og 9. áratugnum, þegar iðnaður stendur höllum fæti á Akureyri, verða til hugmyndir um ný hlutverk fyrir þær byggingar sem stóðu auðar í Kaupvangsstræti, oft nefnt Grófargil en nú Listagil. Byggingar ganga í endurnýjun lífdaga og fá nýtt hlutverk, hýsa nú menningarstarf. Sams konar þróun má sjá víða um lönd, t.d. Bilbao safnið á Spáni þar sem ráðist er í uppbyggingu á iðnaðarsvæði sem var í niðurníðslu og þar var byggt eitt stærsta listasafn í heimi (Guggenheim Bilbao, e.d.). Eins eru til samtök 36 Evrópuríkja, stofnuð árið 1983, sem beina sjónum sérstaklega að því ferli sem felst í umbreytingu iðnaðarbygginga í menningarrými og nefnast þau samtök *Trans Europe Halles (e.d.).*

Í bók Valgarðs Stefánssonar (2005), *Myndlist á Akureyri að fornu og nýju*, birtir hann skrif úr Morgunblaðinu frá 18. júlí 1992:

> Heilt listagil er að líta dagsins ljós í höfuðstað Norðurlands. Þá munar ekki um norðanmenn að breyta efnagerð, smjörlíkisgerð, ketilhúsi og mjólkursamsölu í musteri lista, þar sem listastarfsemi hvers konar er ætlað að blómstra um ókomna framtíð Akureyringum og öðrum til sálarbóta. Listamenn og Akureyrarbær hafa náð einstæðri samvinnu, sem miðar að því að breyta gömlum og ónýtum verksmiðjuhúsum í vinnustofur, sýningasali, skólahúsnæði, leiklistarsal, tónlistasal, gallerí o.fl. [...].

Sú þróun sem orðið hefur á menningarlífi Akureyrar er umhugsunarefni og með forskrifuðum menningarstefnum birtast áherslur bæjaryfirvalda í þeim efnum. Menningarstefna Akureyrarbæjar 2013–2018 er að mörgu leyti ágætis stefna. Fyrir utan meginmarkmið í inngangi er þó einungis talað um leiðir sem ekki innifela markmið eða hvernig þeim skuli náð. Ekki er heldur minnst á

mælikvarða, tímasetningar né skilgreind ábyrgðarhlutverk. Ef tilgangur menningarstefnunnar er að vera verkfæri og leiðarvísir, í skilvirkri og raunverulegri vinnu, má velta fyrir sér hvort stefnan í núverandi mynd nái að skila tilætluðum árangri.

Fjölmargir þættir móta umhverfi menningar í samfélaginu. Fyrr í rannsókninni eru hugmyndir Bourdieu (1993) um ákveðna menningar stéttaskiptingu settar fram. Þar fléttast saman listframleiðsla, smekkur, aðgengi og völd. Þessa þætti má alla greina vel í menningarlífi á Akureyri. Fram koma skoðanir viðmælenda rannsóknarinnar á borð við mikilvægi aðgengis að fjölbreyttri menningu fyrir bæjarbúa, unga sem aldna. Menningin megi ekki vera elítu starfsemi heldur umfram allt að vera hluti af að ákveðnu menningaruppeldi, óháð stétt og stöðu, í gegnum menntun. Ákveðnir þættir menningar fá framgang með opinberu fjármagni, sú menning verður áberandi og mögulega vinsæl.

Sá samhljómur sem birtist í máli allra viðmælanda er að Akureyri sé menningarbær og skólabær. Það má til sanns vegar færa þar sem á Akureyri eru rótgrónir skólar á öllum skólastigum og helstu menningarstofnanir bæjarins eru styrktar af íslenska ríkinu. Litið er á þær sem mikilvægan hlekk í byggðastefnu og atvinnuuppbyggingu á norðurhluta landsins. Þessi viðhorf voru mjög áberandi í viðhorfum allra viðmælenda og má álykta að þau vegi mjög þungt í áherslum sem birtast í menningarstefnunni. Ætla má að menningarstefna bæjarins þarfnist reglulegrar og markvissrar endurskoðunar, vera vel sýnileg og hafi ákveðið gildi fyrir bæjarfélagið í heild sinni.

.

7.2. Menningarstefnan – tilgangur og áhrif

Niðurstöður þessarar rannsóknar eru m.a. þær að ein stærsta áskorun varðandi menningarmál er að gæta að ákveðnu jafnræði þegar kemur að beinum afskiptum hins opinbera og útdeilingu fjármagns. Þær ákvarðanir hafa mikil áhrif á það umhverfi sem skapað er af hálfu bæjarins fyrir stofnanir og

listamenn. Að ákveða hvað skuli styrkja eða ekki er í raun menningarstefna bæjarfélagsins og hún fer ekki endilega alltaf eftir þeirri stefnu sem er skjalfest og opinber.

Hagrænir þættir koma hér við sögu, þar sem rekstur og fjármál eru nauðsynlegur fylgifiskur allrar opinberrar starfsemi. Dr. Ágúst Einarsson (2012) skrifar í tengslum við hagfræði menningar, að nauðsynlegt er að benda á hlutverk hins opinbera í menningarmálum, með áherslu á rekstur og aðgengi almennings. Henni fylgir hins vegar mikil ábyrgð og krafa um gegnsæi í ákvarðanatöku.

Hér kristallast ákveðin togstreita er varðar stýringu menningarmála og afskipti hins opinbera. Kostnaður við rekstur hinna ýmsu stofnana og annarra menningartengdra þátta, vegur oft ansi þungt í allri umræðu um hvernig standa eigi að menningarmálum. Sú sýn getur haft í för með sér einsleita nálgun á hvað teljist mikilvægt og hvað ekki, þegar kemur að opinberri ákvarðanatöku í t.d. bæjarstjórnum og nefndum. Hætt er við að rekstrarniðurstaða og fjármál ráði för, mögulega á kostnað upplýstrar umræðu um eðli, tilgang, fagurfræði, og raunverulegt mikilvægi menningar starfseminnar. Dr. Bjarki Valtýsson (2011) ræðir þessa þræði í menningarpólitík og menningarstefnu þar sem hann notar þessi tvö hugtök samhliða. Þetta vald, sem stjórnvöld hafa bæði til að stjórna og þróa vissa þætti í samfélögum, telur Bjarki vera afar mikið. Líklegt er einnig að til verði talsverður ágreiningur og umræður sökum þess að Bjarki telur markmið og hlutverk ráðandi aðila innan menningargeirans oft ólík (2011: 10).

Í nýútkominni bók eftir Steven Hadley (2021), *Audience Development and Cultural Policy*, er fjallað um áhorfendaþróun og menningarstefnu. Hadley útskýrir að í hugtakinu felist sterk tenging við lýðræði, aðgengi og frelsi til þátttöku. Hugtakið og merking þess sé því margræð og ekki fallin til einföldunar (Hadley, 2021: 11). Jafnframt fjallar Hadley um þann mikla fókus sem hefur verið til þessa á að lýðræðishugmyndir tengjast bæði framleiðslu á

menningu (atvinnumennska) og upplifunum (áhorfendur). Hér bendir hann enn fremur á að í merkingu hugtaksins *áhorfendaþróun* finnist sameiginleg orðræða sem bæði geti ákvarðað hvernig menningarstefna verður til og hvernig hún raungerist í samfélaginu (2021: 25). Hadley fjallar jafnframt um tengsl á milli menningarstefnu og lýðræðis. Þar telur hann að birtist afar sterk tengsl á milli þess að veita opinberu fjármagni til menningar, sem ekki ríki alltaf einhugur um, og þeirri ríku skyldu stjórnvalds að fyrir ráðstöfun fjármagns séu gild og góð rök (2021: 27).

Þegar fjárframlög Akureyrarbæjar til menningarmála eru skoðuð kemur ýmislegt áhugavert í ljós. Í samanburði við önnur sveitarfélög af svipaðri stærð, þá er hlutfallslega mjög hátt framlag til menningarmála á Akureyri. Eins og áður hefur verið skýrt, þá helgast það af nokkrum þáttum. Sérstaklega er vert að skoða hversu hátt hlutfall rennur til Menningarhússins Hofs og þeirra stofnana sem þar starfa. Á árinu 2019 er það tæpur helmingur alls fjár sem rennur til málaflokksins í heild sinni. Það er ósköp eðlilegt að rekstur menningarhúss þurfi ákveðið fjármagn og ekki verið að álykta hér að þeir fjármunir séu endilega óeðlilega miklir. En í samhengi við aðra menningartengda starfsemi í bænum, og aðra þá þætti menningar sem jafnframt þarf að hlú að, þá virðist vera um talsvert ójafnvægi að ræða.

Tilgangur menningarstefnu gæti m.a. verið sá að stefnan innihaldi skýrt afmarkaðar áherslur og verkáætlun bæjarins í menningarmálum. Slíkar áherslur gætu verið í þá átt að stuðla að meira jafnvægi í útdeilingu fjármagns innan menningargeirans. Kallað var eftir slíkum áherslum í máli flestra viðmælenda og mögulega mætti með því gera stefnuna lifandi og virkt skjal sem raunverulega tengdist með beinum hætti starfsemi stofnana og umhverfis listamanna.

Varðandi umhverfi listamanna er umræða um styrkjafyrirkomulag nokkuð áberandi í niðurstöðum rannsóknarinnar. Styrki til menningarmála er bæði hægt að sækja til hins opinbera og hinna ýmsu fyrirtækja og félagasamtaka.

Með því er vissri fjarlægð haldið við menninguna og listamenn þ.e.a.s. hið opinbera ákveður ekki með beinum hætti hvað á að styrkja og hvað ekki, heldur þurfa aðilar að sækja um með ákveðnu umsóknarferli og þá má ætla að stuðlað sé að jafnræði og hlutleysi þegar kemur að útdeilingu fjármagns, sérstaklega þegar átt við styrki úr opinberum sjóðum. Þetta fyrirkomulag hefur þannig óneitanlega nokkra kosti, en mögulega líka galla. Má þar nefna misjafnt aðgengi listamanna að sjóðum, mikla vinnu við umsóknir og aðlögun listamanna að þeim vinnureglur sem um sjóðina gilda. Ef skoðuð eru framlög til menningarsjóðs Akureyrarbæjar á árinu 2009 og á árinu 2019 er nánast engin hækkun á framlögum á þessu tíu ára tímabili. Það er því óhætt að álykta sem svo að atvinnuumhverfi og tekjumöguleikar listamanna, í gegnum styrki frá Akureyrarbæ, hafi hrakað verulega.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar má leiða líkum að því að grasrót og starfsumhverfi listamanna á Akureyri nái ekki að blómstra nægjanlega. Mögulega er fyrrgreind orsök sú hversu stór hluti fjármagns rennur til Menningarhússins. Þeir styrkir sem koma frá ríkinu eru hluti af umræðunni og verður að teljast talsverður áhrifaþáttur. Það kemur berlega í ljós í máli flestra viðmælanda að þeir telja mikið ójafnvægi í þessari úthlutun fjármuna af hendi ríkisins og sé jafnvel stærsta hagsmunamál menningar á Akureyri. Sú umræða hefur verið talsvert áberandi í fjölmiðlum nú í upphafi árs 2021 þar sem bæjarfulltrúar hafa verið sammála þeirri skoðun að ójafnt sé gefið, og nauðsynlega þurfi að gæta samræmis, í fjárframlögum frá ríkinu (sjá umfjöllun m.a. hér: Óðinn Svan Óðinsson, 2021. ruv.is og Skapti Hallgrímsson, 2021. akureyri.net).

Ekki virðist hafa tekist sem skyldi að stuðla að samþættingu og samvinnu milli greina, eins og rætt er um í menningarstefnunni. Jafnvel má álykta að með stofnun Menningarfélags Akureyrar hafi myndast meiri gjá milli greina og má velta því fyrir sér hvort þar skipti máli rekstrarform félagsins. Sem sjálfseignarstofnun hefur félagið ákveðið sjálfstæði í fjármálum og rekstri. Hvort þar er um að ræða neikvæð áhrif vegna innra skipulags eða skiptingu

fjármagns, milli eininga innan Menningarfélagsins, skal ósagt látið. En hins vegar bendir þetta til ákveðinnar neikvæðrar þróunar sem vert er að gefa gaum og er það von höfundar að fundin verði góð og raunhæf lausn til lengri tíma

7.3. Hver er tilgangur menningarstefnu til framtíðar?

„Vel gert er betra en vel sagt“[1]

-Benjamin Franklin (1706 – 1790)

Eitt af markmiðum þessarar rannsóknar er að setja fram hugmyndir er gætu nýst við endurnýjun menningarstefnu og hvaða tilgangi stefnan geti þjónað fyrir Akureyrarbæ.

Til hvers er menningarstefna? Hvernig þjónar hún tilgangi menningar? Tilgangur með menningarstefnu er víðfemt svið. Tilgangur með opinberri menningarstefnu getur verið eins og dr. Ágúst Einarsson (2012) bendir á, að í alþjóðlegu samhengi hafa opinberir aðilar lykilhlutverki að gegna við mótun stefnu og hún eigi að fela í sér hver þýðing menningar er fyrir viðkomandi þjóð og tryggi um leið menningarlegt frelsi á borð við ritfrelsi og tjáningarfrelsi.

Menningarstefna Íslands er nú til endurskoðunar og í undirbúningi er þingsályktunartillaga frá mennta- og menningarmálaráðherra um stefnu til ársins 2030. Þar er eitt af aðal markmiðum að stuðla að jöfnu aðgengi um land allt og fjölbreyttari valkostum fyrir atvinnufólk í listum. Í drögum er hins vegar hvergi að finna framkvæmdaáætlun né ábyrgðaraðila (Samráðsgátt, Menningarstefna. e.d.). Afar fróðlegt verður að fylgjast með þróun mála en

[1] “ Well done is better than well said“ (Benjamin Franklin. Efni sótt 22. apríl 2021 af https://www.forbes.com/quotes/1070/).

fram hafa komið fjölmargar athugasemdir við tillöguna sem hægt er að kynna sér í Samráðsgátt stjórnvalda (samradsgatt.island.is).

Tilgangur menningarstefnu fyrir sveitarfélag, á borð við Akureyri, er margþættur. Dr. Bjarki Valtýsson (2011: 154) telur að sveitarfélög almennt hafi gert sér betur grein fyrir mikilvægi samfelldrar menningarstefnu, sérstaklega í tengslum við jákvæða fjárhagslega þætti og jákvæða ímyndarsköpun.

Meginmarkmið í menningarstefnu Akureyrarbæjar 2013–2018 eru að styðja við menningarstarf til að það blómstri, þroskist og komi sífellt á óvart. Einn viðmælandi í viðtalsrannsókninni telur að tilgangur með menningarstefnu Akureyrarbæjar eigi að vera: „[...] *ef að menningarstefnan er góð og raunhæf og það er samstaða um hana og hún er skynsamleg, þá hlýtur ávinningurinn að vera að að við komumst þangað sem við ætluðum okkur.“* (V9).

Ein af stærstu áskorununum er án efa sú að móta stefnu þar sem gætt er sérstaklega að samræmi á milli þess sem stefnan boðar og þess sem er innleitt eða raungerist í samfélaginu. Með raunhæfum markmiðum fylgi þó ávallt ákveðið svigrúm sem sammælst er um að teljist menningarlífi mikilvægt á hverjum tíma. Fram kom m.a. í máli viðmælenda að stefnunni væri ekki fylgt, enda væri oft um að ræða ansi háleit markmið. Það sem framkvæmt er segir hins vegar meira en mörg orð og telst í raun stefna stjórnvaldsins. Víðtækt samráð og í meira mæli við starfandi listamenn, var ein af þeim hugmyndum sem fram kom í rannsókninni. Að fólkið sem vinnur í faginu komist nær ákvarðanatöku. Þetta eru mjög áhugaverðar hugmyndir en geta reynst snúnar í framkvæmd. Hvernig á t.d. að gæta jafnræðis á milli greina? Hvernig á að velja þá einstaklinga sem fá það hlutverk? Og hver á að velja þá? Til að ná einhverri samstöðu um þessar hugmyndir má vænta talsverðrar vinnu, með samtali og víðtæku samráði, um hvaða leiðir væru færar. Þarna telur höfundur að liggi helsta tækifæri til þróunar menningarstefnu fyrir Akureyri.

Samráðið gæti farið fram með nýjum leiðum þar sem tæknin kæmi til aðstoðar við gagnaöflun, t.d. með rafrænum könnunum á fleiru en aðsókn og rafrænni kosningu íbúa um ýmis álitamál. Hægt væri að fylgja fordæmi stjórnvalda og opna samráðsgátt á vegum bæjarins. Litið væri sérstaklega til viðhorfa og reynslu fulltrúa fagaðila allra listgreina, fulltrúa grasrótar, félagasamtaka, almennings og stjórnenda bæði á vegum stofnana og bæjar kerfisins. Að finna sameiginlega sýn á menningarmálin í heild sinni með aðkomu sem flestra: ráðgjafa á sviði stefnumótunar, fagfólks úr öllum listgeirum, fulltrúum grasrótarsamtaka, almennings og stjórnmálafólks.

Einnig telur höfundur að áhrifaríkara sé hafa ákveðna þætti menningarstefnunnar bundna í tímasettum verkáætlunum, með skýr ábyrgðarhlutverk og afmarkaðar leiðir til að meta áhrif stefnunnar. Lögð væri áhersla á að vera í nánu samstarfi við stofnanir og reglulegar kannanir væru gerðar á starfsemi þeirra. Þar sem bæjarfélagið er að leggja opinbert fé til rekstursins þá fylgir ákveðin krafa um gagnsæi. Afar brýnt er að festa í sessi aðferðir til að meta áhrif menningarstefnu á hverjum tíma. Höfundur telur mikilvægt að þar sé fenginn óháður utanaðkomandi aðili til að framkvæma slíkt mat til að tryggja sem raunsæustu mynd af stöðu mála. Með þessum áherslum væri mun auðveldara fyrir stjórnendur bæjarins og stofnana að vera í góðu samstarfi samkvæmt stefnunni og ákvarðanataka til framtíðar yrði ekki hentistefnukennd.

Varðandi leiðir í stefnumótun er ljóst að vegferðin er hvorki augljós né einföld. Frumskógurinn, sem áður hefur verið ræddur, er hér ofarlega í huga. Í *Strategy Safari* þeirra Mintzberg, Ahlstrand og Lampel (2009), er vert að benda á tvo af þeim tíu skólum eða leiðum við stefnumótun sem mögulega gætu nýst við endurskoðun menningarstefnu Akureyrarbæjar. Hugmyndir tengdar Þekkingar skólanum (*e. the cognitive school*) og Lærdóms skólanum (*e. the learning school*) gætu reynst vel í þessu samhengi. Þekkingar skólinn tengir saman stefnumótunar hugmyndir sem eru byggðar á ytri aðstæðum (*e. objective*) við leiðir sem byggja meira á huglægum þáttum (*e. subjective*)

(2009: 156). Lærdóms skólinn einkennist svo af lærdómi á vegferðinni sem er stefnumótun og í þessum skóla er áhersla á að einstaklingar utan skipulagsheilda, ekki síður en stjórnendur, ættu að hafa áhrif á mótun stefnunnar. Sérstök áhersla er á mótun stefnu sem leitast við að hafa raunsæi og samræmi milli þess sem stefnan leitast við að boða og því sem er framkvæmt (2009: 188-9).

Blanda af þessum leiðum gæti reynst vel þar sem höfundur telur þörf á yfirgripsmiklu samráði við endurnýjun menningarstefnunnar, í samræmi við niðurstöðu viðtalsrannsóknarinnar. Í tengslum við mótun stefnunnar er nauðsynlegt að hugað verði sérstaklega að því að skilgreina enn betur hlutverk og tilgang stofnana á sviði menningar. Höfundur telur brýnt að íhuga vandlega hvernig rekstrarform stofnana skuli vera, með bestu nýtingu fjármagns í huga. Horfa þarf gagnrýnum augum á hvort það rekstrarform sem nú er þjóni nægilega vel þeim markmiðum sem bæði Akureyrarbær og ríkið hafa sett fram varðandi atvinnuuppbyggingu í menningargeiranum á svæðinu. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar má velta fyrir sér því mikla fjármagni sem rennur reksturs Menningarhússins, miðað við það fjármagn sem fer í aðra þætti menningarstarfs á Akureyri. Allt eru þetta veigamiklir þættir sem fram koma í máli flestra viðmælenda á einn eða annan hátt.

Það er einnig umhugsunarefni hversu gömul og ítrekuð umræðan er um framlag ríkisins til menningarmála á Akureyri. Þar telja bæjaryfirvöld vitlaust gefið og vísa þar til íbúafjölda svæðisins sem Akureyri þjónar. Að mati bæjarfulltrúa er ósamræmi í framlagi ríkisins sé miðað við höfðatölu höfuðborgarsvæðisins. Má telja nokkuð víst að þessi umræða muni hafa áhrif á þá vinnu sem farið verður í vegna komandi menningarstefnu.

Samkvæmt núgildandi starfsáætlun Akureyrarstofu fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir að vinnu við endurskoðun menningarstefnu verði lokið á þessu ári.

Lokaorð

“Það eru engar reglur. Þannig fæðist list, þannig verða byltingar til. Ögrum reglunum eða hunsum reglurnar. Um það snúast uppfinningar“[2]

– Helen Frankenthaler myndlistarkona (1928-2011)

Þeir eiginleikar listarinnar sem tengja má við frelsi, andrými, tjáningu og innsæi verður ekki að fullu útskýrt, nema ef vera skyldi í hugum þeirra sem hana upplifa, og jafnvel þar er hún næsta óútskýranleg. Listinni er stundum líkt við einhverskonar leit mannsins að tilgangi og skilningi á hinum margslungna mannlega veruleika. Þeir fjölmörgu snertifletir sem birtast okkur sem list og menning samfélaga eru þó allir tengdir með þessari óræðu tilfinningu um hinn sammannlega veruleika og því sem þroskar og nærir okkur sem manneskjur. Í þessum ólíku snertiflötum má jafnframt finna þá spennu, og jafnvel togstreitu, sem felst í huglægum þáttum annars vegar og hlutlægum hins vegar. Hvernig umgjörð um listir og menning birtist í samfélagi okkar er verðugt og síkvikt umhugsunarefni sem nauðsynlegt er að gefa gaum og felast kjörin tækifæri til þess með mótun menningarstefnu.

Akureyri fékk í vöggugjöf talsverð dönsk áhrif með tilkomu danskra kaupmanna og fjölskyldna þeirra. Með þeim fylgdi framandi menning, leikhús, söngur, garðrækt og nýir siðir. Haft hefur verið í flimtingum að á sunnudögum hafi verið töluð danska á Akureyri. Bæjarbúar hafa líklega kunnað að meta áhrifin enda þróaðist menningarlíf bæjarins í áranna rás og í dag er uppbygging á sviði menningar sjáanleg bæði í fjölbreyttum stoðum og innan skipulags bæjar kerfisins. Það er að mínu mati fjöregg sem áfram þarf að styðja við og næra. Landfræðilega gegnir Akureyri einnig mikilvægu hlutverki

[2] “There are no rules. That is how art is born, how breakthroughs happen. Go against the rules or ignore the rules. That is what invention is about.” (Helen Frankenthaler. Efni sótt 22. apríl af https://www.brainyquote.com/quotes/helen_frankenthaler_293201).

sem stærsta bæjarfélagið utan höfuðborgarsvæðisins og því fylgja bæði áskoranir og tækifæri.

Að móta stefnu, innleiða og að fylgja henni eftir er líklega eitt af flóknustu ferlum í samfélaginu okkar. Tilgangur og gildi stefnunnar fyrir samfélagið þarf einnig að koma skýrt fram. Mótun á menningarstefnu er ekki einfalt verkefni því þar mætast tvö flókin kerfi, menning og stefna. Verkefnið er stórt og nauðsynlegt vegna þess að með mótun opinberrar stefnu í menningarmálum kristallast tilgangur og mikilvægi menningar í samfélaginu. Stefnan gefur jafnframt ákveðna innsýn inn í ákvarðanir stjórnvalda um hvernig ráðstafa skuli almanna fé og sem þátttakandi í lýðræðissamfélagi er mikilvægt að láta sig varða þær ráðstafanir.

Af þeim sökum tel ég svo ákaflega mikilvægt að skapa víðtæka umræðu um stefnumótun menningar og að hafa jafnframt á einhverju að byggja þegar við tökum samtalið um hvernig á að gera þetta sem best. Það er tilgangurinn með þessari rannsókn og jafnframt ástæða þess að mér finnst þetta bæði heillandi og nauðsynlegt viðfangsefni.

Heimildaskrá

Ak.data.is. (e.d.). Sótt 28. mars 2021 af https://ak.data.is/account/public-report?id=171d99f1-b934-4f3c-97c7-edc4de4f7d15

Akureyrarbær, starfsáætlun 2021. Sótt 4. mars 2021 af displaydocument.aspx [akureyri.is]

Ágúst Einarsson. (2012). *Menningarhagfræði*. Bifröst: Háskólinn á Bifröst.

Bell, D. og Oakley, K. (2015). *Cultural Policy.* London: Routledge.

Bourdieu, Pierre. (1993). *The field of cultural production, Essays on Art and Literature.* Í Randal Johnsons (ritsjóri). Cambridge & Oxford: Polity Press.

Bjarki Valtýsson. (2011). *Íslensk menningarpólitík*. Sótt 17. september 2020 af https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6777/isl_menningarpolitik_web.pdf?sequence=1

Björn Bjarnason. (1999). *Menningarhús á landsbyggðinni*. Sótt 4. mars 2021 af https://www.althingi.is/altext/125/10/r11152619.sgml

Bryman, A. (2016). *Social research methods. 5.útgáfa*, New York: Oxford University Press.

Duelund, P. (2008). *Nordic cultural policies: A critical view*, International Journal of Cultural Policy, 14:1, 7-24, DOI: 10.1080/10286630701856468

Duelund, P. (2009). Our Kindred Nations: On Public Sphere and the Paradigms of Nationalism in Nordic Cultural Policy. Í Pykkönen, M., Simanainen, S., Sokka, S. (ritsjórar), *What about Cultural Policy-Interdisciplinary perspectives on culture and politics* (bls.108-130). Helsinki: Minerva.

Framlög til menningarmála nær tvöfaldast frá því fyrst var samið. (2000, 18. febrúar). Sótt 4. mars 2021 af: https://www.mbl.is/greinasafn/grein/519499/

G.G. (2016). Framlag til menningarmála dregst saman. *Fjarðarfréttir.* Sótt 14.apríl af https://www.fjardarfrettir.is/frettir/mannlif/framlag-til-menningarmala-dregst-saman

Gans, Herbert J. 1999*. Popular Culture & High Culture. An Analasysis and Evaluation of Taste.* Revised edition. New York: Basic Books.

Grey, C. (2010). *Analysing cultural policy: incorrigibly plural or ontologically incompatible?* International Journal of Cultural Policy. 16(2), 215–230.

Guggenheim Bilbao. (e.d.). Sótt 24. apríl 2021 af https://www.guggenheim-bilbao.eus/en/the-building/the-construction

Hagstofa Íslands. (e.d.). Sótt 28. mars 2021 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__menning__6_hagraenirmaelikvardar/MEN10113.px/table/tableViewLayout1/?rxid=37ea0a1d-ed72-4a92-8aab-7f71e4f27de1

Hagstofa Íslands. (e.d.). Sótt 30. mars 2021 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur__visitolur__1_vnv__1_vnv/VIS01005.px/table/tableViewLayout1/?rxid=e6246ff8-0ab5-4253-9f27-4247411e9d46

Haraldur Sigurðsson. (1992). *Saga leiklistar á Akureyri 1860-1992.* Akureyri: Leikfélag Akureyrar.

Helgi Þorbjörn Svavarsson. (e.d.) [í óbirtu meistaraverkefni Mögnu Guðmundsdóttur í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands um sögu SN] snsaga.urmull.com

King, N. (2004). Using Templates in the Thematic Analysis of Text. Í Cassell, C. og Symon, G. (ritstjórar), *Essential Guide to Qualitative Methods in*

Organizational Research. (bls. 256-269). London: Sage Publications Ltd.

Kópavogur.is. Ársreikningur 2019. Sótt 14.apríl af https://www.kopavogur.is/static/files/Arsreikningar/arsreikningur-2019.pdf

Magna Guðmundsdóttir. 2009. *Saga SN árin 1993-2009.* [óbirt meistaraverkefni í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands]. snsaga.urmull.com

Mangset, P., Kangas, A., Skot-Hansen, D. & Vestheim, G. (2008). Nordic cultural policy. *International Journal of Cultural Policy*, *14*(1), 1–5. https://doi.org/10.1080/10286630701856435

Menningarstefna. (2013). Sótt 12. september 2020 af https://www.stjornarradid.is/verkefni/menningarmal/menningarstefna/

Menningarfélag Akureyrar. (e.d.). Sótt 17. september 2020 af https://www.mak.is/is/menningarhusid-hof/um-hof/sagan

Menningarfélag Akureyrar. (e.d.). Sótt 22. janúar 2021 af *https://www.mak.is/is/leikfelag-akureyrar/um-la*

Menningarfélag Akureyrar. (e.d.). Sótt 22 janúar 2021 af https://www.mak.is/is/sinfoniuhljomsveit-nordurlands/um-sn/saga-sn

Menningarstefna Akureyrar 2013-2018. (e.d.). (2013). Sótt 13. september 2020 af https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/utgefid-efni/index/stefnur-og-aaetlanir/menningarstefna-akureyrarbaejar-2013-2018

Menningarstefna Bæjarstjórnar Akureyrar. *Menning fyrir alla – Menningarstefna 2000*. (e.d.). Akureyri: Akureyrarbær.

Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2014 - 2020. (e.d.). *Menning er Mannréttindi.* Sótt 8. apríl 2021 af

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/culture_policy_2014_isl-web.pdf.pdf

Mintzberg, H., Ahlstrand, B., og Lampel, J. (2009). *Strategy Safari, Your complete guide through the wilds of strategic management* (2. útgáfa). Harlow: FT/Prentice Hall.

Njörður Sigurjónsson. (2013). *Íslensk menningarstefna 2013*. Sótt 12. september 2020 af https://skemman.is/bitstream/1946/22384/1/a.2013.9.2.10.pdf

Óðinn Svan Óðinsson. (2021). Segir skiptingu fjár til menningarmála ósanngjarna. *ruv.is* Sótt 30. mars 2021 af https://www.ruv.is/frett/2021/03/24/segir-skiptingu-fjar-til-menningarmala osanngjarna?term=menningarsamningur&rtype=news&slot=1

Reglur Menningarsjóðs Akureyrar. (e.d.). Sótt 5. febrúar 2021 af https://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/reglur-menningarsjods.pdf

Reglur og samþykktir um menningarmál. (e.d.). Sótt 4. mars 2021 af http://wayback.vefsafn.is/wayback/20100909082739/http:/www.akureyri.is/stjornkerfid/reglur-samthykktir/menningarmal/nr/160

Reykjanesbær.is. (e.d.). *Fjárhagsáætlun 2020-2023*. Sótt 11. apríl 2021 af https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fjarmalasvid/Fjarmalaupplysingar/Fjarhagsaaetlanir/fjarhagsaaetlun-rnb-2020-til-2023_03.12.19-seinni-umraeda-i-baejarstjorn.pdf

SSNE. Samtök Sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi Eystra. (e.d.). Sótt 12. mars 2021 af https://www.ssne.is/is/um-ssne/um-ssne-1

SSNE. Samtök Sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi Eystra. (e.d.). Sótt 12. mars 2021 af

https://www.ssne.is/is/malaflokkar/atvinnuradgjof-og-throun/styrkir-og-lan

Safnaráð.is. (e.d.). Viðurkennd söfn. Sótt 11. apríl 2021 af https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/

Harpa, saga hússins. (e.d.). Sótt 19. apríl 2021 af https://www.harpa.is/harpa/sagan/

Samráðsgátt – Menningarstefna. (e.d.). Sótt 24. apríl 2021 af https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2951

Sigurgeir Guðjónsson. (2017). Afmælisrit Leikfélags Akureyrar 1992-2017. Akureyri: Leikfélag Akureyrar.

Skapti Hallgrímsson. (2021). Mjög ósanngjörn skipting fjár til menningarmála. *Akureyri.net*. Sótt 20. mars 2021 af https://www.akureyri.net/is/menning/mjog-osanngjorn-skipting-fjar-til-menningarmala

Skipurit Akureyrarbæjar. 2017*. S*ótt 4. mars 2021 af https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/skipurit/index/rad

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar 1999. (e.d.). Sótt 19. apríl 2021 af https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/sogulegt-efni/um-rikisstjorn/1999/05/28/Stefnuyfirlysing-rikisstjornar-1999/

Stjórn Akureyrarstofu. 2021. (e.d.). Sótt 4. Mars 2021 af https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/fundargerdir/stjorn-akureyrarstofu/11605

Stjórnkerfisbreytingar hjá Akureyrarbæ. 2006. (e.d.). Sótt 4. mars 2021 af https://www.akureyri.is/starfsmannahandbok/moya/news/stjornkerfisbreytingar-hja-akureyrarbae

Svið Akureyrarbæjar. (e.d.). Sótt 4. mars 2021 af https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/svid-og-deildir

Stjórnarráð Íslands. (e.d.) *Samningur við Akureyri um menningarmál*. Sótt 20. mars 2021 af https://www.stjornarradid.is/verkefni/menningarmal/listir/

Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Menningarsamningur við Akureyrarbæ*. Sótt 11. apríl 2021 af https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2018/05/14/Menningarsamningur-vid-Akureyrarbae/

Throsby, D. (2010). *The Economics of Cultural Policy*. New York: Cambridge University Press. Sótt 13. september 2020 af https://books.google.is/books?hl=en&lr=&id=FwHol8kZ0eMC&oi=fnd&pg=PR1&dq=David+Throsby+2010&ots=OYJxe4Z8V6&sig=bSO-L4NCqzRfNH-HOXYH5ZG312s&redir_esc=y#v=onepage&q=David%20Throsby%202010&f

Turner, D. W. (2010). Qualitative Interview Design: A Practical Guide for Novice Investigators. *The Qualitative Report*, 15(3), 754-760. Sótt 9.apríl 2021 af http://nsuworks.nova.edu/tqr/vol15/iss3/19

Trans Europe Halles. (e.d.). Sótt 24. apríl 2021 af https://teh.net/about-us/

Um SSNE. (e.d.). Sótt 12. mars 2021 af https://www.ssne.is/is/um-ssne/um-ssne-1

Um SSNE. (e.d). Sótt 12. mars 2021 af https://www.ssne.is/is/malaflokkar/atvinnuradgjof-og-throun/styrkir-og-lan

Valgarður Stefánsson. 2005. *Myndlist á Akureyri að fornu og nýju*. Akureyri: Bókaútgáfan Hólar.

Vestheim, G. (1994). Instrumental Cultural Policy in Scandinavian Countries: A Critical Historical Perspective. *The European Journal of Cultural Policy*, *1*(1), 57–71. Sótt 15. september 2020 af https://doi.org/10.1080/10286639409357969

Mynda- og töfluskrá

Mynd 1. Skipurit Akureyrarbæjar (Svið Akureyrarbæjar, e.d.) bls.74

Mynd 2. Framlög Akureyrarbæjar til menningarmála árin 2009 og 2019. (Kristjana Hreiðarsdóttir, aðalbókari Fjársýslusviðs Akureyrarbæjar), munnleg heimild 8.3. 2021) bls.75

Tafla 1. Skipting fjármuna innan menningargeirans á Akureyri. (ak.data.is, e.d.) bls.78

Viðaukar

Til glöggvunar á nokkrum þáttum rannsóknarinnar eru hér í sjö viðaukum ýmsar upplýsingar.

Viðauki 1 er upplýsingablað vegna viðtalsrannsóknarinnar, sem allir viðmælendur fengu sent fyrir viðtölin. Viðauki 2 er spurningalisti vegna viðtalanna, sem allir viðmælendur fengu sér til undirbúnings fyrir viðtölin. Í viðauka 3 er Menningarstefna Akureyrar 2013-2018 eins og hún er birt á vef Akureyrarbæjar, akureyri.is.

Stutt sögulegt yfirlit þeirra stofnana sem rannsóknin beinir sjónum að, Leikfélagi Akureyrar, Listasafninu á Akureyri, Menningarfélagi Akureyrar og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, er að finna í viðaukum 4-7.

Viðauki 1 - Upplýsingablað vegna rannsóknar

Ágæti viðmælandi

Ég heiti Elsa María Guðmundsdóttir og er nemandi í Menningarstjórnun í Háskólanum á Bifröst. Ég er að skrifa meistararitgerð og hluti af rannsókn minni felst í eigindlegri viðtalskönnun. Ég hef kosið að rannsaka áhrif menningarstefnu Akureyrarbæjar á stofnanir og starf listamanna.

Ég vil þakka þér fyrir að samþykkja að veita mér viðtal. Farið verður með öll gögn sem trúnaðarmál og nafn þitt mun hvergi koma fram. Gögnin verða einungis notuð í þessu verkefni og í engum öðrum tilgangi. Þér er ekki skylt að svara einstökum spurningum og þú getur dregið þig í hlé hvenær sem er.

Ef einhverjar spurningar vakna getur þú haft samband við mig elsag19@bifrost.is eða leiðbeinanda minn Njörð Sigurjónsson prófessor í menningarstefnu, njordur@bifrost.is

Samþykki: Ég staðfesti að ég heimila Elsu Maríu Guðmundsdóttur að nota niðurstöður viðtalsins í rannsókn vegna meistararitgerðar við Háskólann á Bifröst.

Kærar kveðjur

Elsa María Guðmundsdóttir, nemandi í Háskólanum á Bifröst

*UNDIRSKRIFT RANNSAKANDA:*_____

NETFANG OG SÍMANÚMER:

_____

DAGS: _____ *UNDIRSKRIFT VIÐMÆLANDA:*

_____

Viðauki 2 - Spurningalisti vegna viðtala

Við hvað starfar þú í dag og hvernig myndir þú lýsa starfinu þínu?

Hvert er þitt fyrra nám?

Áttu þér sérstakt áhugasvið innan listageirans? Af hverju finnst þér það áhugavert?

Hver er staða menningarlífs almennt á Akureyri að þínu mati?

Hvaða áhersluþætti telur þú mikilvæga í menningarmálum almennt?

Hverjir eru mikilvægustu þættir er kemur að mótun menningarstefnu?

Hvað leiðir hafa verið farnar í mótun menningarstefnu á Akureyri að þínu mati?

Sérð þú fyrir þér að einhverjar aðrar leiðir?

Á hverju byggir þú það mat?

Hver er aðalávinningur menningarstefnu Akureyrar?

Hver er ávinningurinn fyrir stofnanir?

Hver er ávinningurinn fyrir störf listamanna?

Hvaða þættir finnast þér mikilvægir þegar kemur að uppbyggingu til framtíðar fyrir samfélagið, í tengslum við menningu og menningarstefnumál?

Er eitthvað sem þú vilt bæta við?

Viðauki 3 - Menningarstefna Akureyrarbæjar 2013 - 2018

Menningarstefna Akureyrarbæjar 2013-2018

Meginmarkmið

Inngangur

Meginmarkmið Menningarstefnu Akureyrarbæjar eru í grunninn skýr og einföld; að styðja við menningarstarf þannig að það blómstri, þroskist og komi sífellt á óvart. Ætíð skal vinna út frá þremur stefjum sem eru samvinna, metnaður og fjölbreytni.

Til menningarmála samkvæmt þessari stefnu heyra þær stofnanir sem sinna menningarstarfi og eru ýmist reknar beint af Akureyrarbæ eða með stuðningi hans. Til málaflokksins heyrir einnig samstarf við félög og einstaklinga um viðburði og sköpun af fjölbreytilegum toga. Það er hlutverk bæjarstjórnar Akureyrar með stuðningi ríkisins að vera ákveðin kjölfesta, leggja hönd á plóg við frumsköpun og frumkvæði og styðja bæði listafólk og þá sem njóta lista. Menningarstofnanir bæjarins gegna lykilhlutverki í þeim efnum. Akureyrarbær vill hvetja þær til aukinnar samvinnu sín á milli, að þær teygi sig enn frekar í áttina að þátttöku almennings og fræðslu fyrir kynslóðirnar sem byggja bæinn. Sérstaklega er mikilvægt að þær vinni sem hluti af fjölmenningarsamfélagi, að þær flétti menningu inn í daglegt líf barna og unglinga og að dreginn verði fram hlutur kvenna til jafns við karla.

Akureyrarbær vill að sérstök áhersla sé lögð á þátttöku ungs fólks í listum og skapandi greinum. Markmiðið er að allt árið verði í boði vettvangur fyrir það unga fólk sem kýs að njóta sín í menningarstarfi.

Ætíð skal vinna út frá þremur stefjum sem eru samvinna, metnaður og fjölbreytni.

Skapandi greinar skipa stóran sess í samfélaginu Akureyri. Það er vilji Akureyrarbæjar að áfram verði unnið metnaðarfullt og kraftmikið starf í skapandi greinum en undir þær flokkast sviðslistir, tónlist, myndlist, ritlist,

ljósmyndun, hönnun, nytjalist, kvikmyndagerð, listdans o.fl. Markmiðið er að bærinn verði áfram eftirsóknarverður fyrir þá sem skapa og njóta menningar. Það er gert með því að byggja á þeim góða grunni þekkingar sem er til. Halda skal áfram að efla þekkingu og hlúa að þeim mikla mannauði sem miðlar og hvetur til opinnar og frjálsrar hugsunar innan skapandi greina. Góð aðstaða til sköpunar og framkvæmda skiptir afar miklu máli í því samhengi, en Akureyrarbær hefur á að skipa aðstöðu sem gerir mörgum hinna skapandi greina kleift að vaxa og dafna með nýjum og ögrandi verkefnum meðal bæði áhuga- og fagfólks.

Skapandi greinar

Áhersla verði lögð á víðtækt samstarf innan skapandi greina og eru menningarstofnanir Akureyrarbæjar þar í lykilhlutverki með því að tengja sig við kynslóðir, hópa, jafnt stóra sem smáa, faglærða og fólk úr grasrótinni. Litið sé á miðlun og þátttöku í skapandi greinum sem hluta af menntun barna og unglinga og mikilvægan hluta þess að læra að skilja hlutverk og gildi menningar í hverju samfélagi. Leitast skal við að vekja áhuga á skapandi greinum með því að hafa þær aðgengilegar í samfélaginu til þátttöku, áhorfs og hlustunar. Efla skal samstarf leik og grunnskóla og atvinnufólks í skapandi greinum á Akureyri, með það fyrir augum að þróa nýjar leiðir í listog verknámi skólanna, gefa atvinnufólkinu ný tækifæri og nemendum innsýn í heim fólks sem starfar í skapandi greinum. Kanna skal kosti þess að koma á formlegum samstarfsvettvangi þeirra sem bjóða upp á listnám á Akureyri og að nýta reynslu og þekkingu Tónlistarskólans sem grunn undir slíkan vettvang.

Akureyrarbær vill stuðla að atvinnumennsku í listum og menningu og gefur í því skyni listafólki kost á að sækja um starfslaun listamanna og styrki úr Menningarsjóði. Akureyrarbær gerir samninga milli Menningarsjóðs og félagasamtaka er fást við skapandi greinar og greiðir framlag til Menningarráðs Eyþings samkvæmt samningi. Menningarráðið veitir styrki m.a. til skapandi greina og menningartengdrar ferðaþjónustu. Akureyrarbær er

ásamt ríkisvaldinu meginbakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Leikfélags Akureyrar sem veita atvinnufólki í listum tækifæri á ýmsum sviðum skapandi greina. Inngangur frh. Leitast skal við að vekja áhuga á skapandi greinum með því að hafa þær aðgengilegar í samfélaginu til þátttöku, áhorfs og hlustunar.

Til þess að skapa vettvang fyrir samvinnu og upplýsingaflæði vilja bæjaryfirvöld leggja sitt af mörkum við að leiða saman þátttakendur í menningar og listastarfi og verður það í höndum Akureyrarstofu að standa reglulega fyrir slíku samtali. Akureyrarbær vill auka samvinnu milli menningarstofnana bæjarins og á landsvísu m.a. í viðburða- og fræðslusamstarfi. Jafnframt vill Akureyrarbær stuðla að því að þjóðmenningarstofnanir á borð við Þjóðleikhús, Þjóðminjasafn og Sinfóníuhljómsveit Íslands ræki hlutverk sitt í þjónustu við landsbyggðina líkt og kveðið er á um í lögum.

Menningarmál eru samofin atvinnu- og ferðamálum. Bæjaryfirvöld leggja áherslu á áframhaldandi samvinnu við skipuleggjendur viðburða, fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga með það að markmiði að í boði verði úrval metnaðarfullra viðburða sem spanna vítt áhugasvið. Slíkir viðburðir vekja athygli og löngun ferðafólks til að heimsækja bæinn og auka vægi menningartengdrar ferðaþjónustu. Akureyrarbær leggur áherslu á að Akureyrarvaka, afmælishátíð bæjarins, haldi áfram að vaxa og dafna með þeim áherslum sem unnið hefur verið eftir síðustu ár og að menningarstofnanir bæjarins setji enn meira mark sitt á dagskrána. Mikilvægt er að við alla ákvarðanatöku verði gætt ráðdeildar og að opinbert fé sem lagt er til málaflokksins nýtist sem allra best. Þannig verði af fremsta megni reynt að koma í veg fyrir óþarfa kostnað og tvíverknað s.s. vegna húsnæðis, markaðs- og tæknimála.

Samvinna og ráðdeild

Stefnan greinist í 6 kafla og í hverjum þeirra og eru greind leiðarljós eða meginmarkmið. Jafnframt eru tilgreindar leiðir að markmiðunum. Kaflaheiti: 1. Sviðslistir 2. Tónlist 3. Ritlist 4. Sjónlistir 5. Söfn og sögulegar minjar 6. Viðburðir, markaðssetning og ferðaþjónusta.

Bæjaryfirvöld leggja áherslu á áframhaldandi samvinnu við skipuleggjendur viðburða, fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga með það að markmiði að í boði verði úrval metnaðarfullra viðburða sem spanna vítt áhugasvið.

Menningarbærinn Akureyri er reistur á fleiri stoðum en þeim sem sveitarfélagið leggur til. Það eru því margir sem leggja sitt af mörkum til vaxtar og viðgangs menningarstarfs í bænum. Af þeim sökum koma fleiri leiðir til greina en þær sem nefndar eru í stefnunni.

1. Sviðslistir

Leiðarljós: Sviðslistir skipa stóran sess á Akureyri undir hatti skapandi greina. Þar er atvinnuleikhús með listrænan metnað, góðan grunn í þekkingu og sköpun, áherslu á víðtækt samstarf atvinnuleikhúss, áhugaleikhópa og grasrótar, danshópa og annarra sviðslistahópa, sem og samvinnu sviðslista við skóla og aðrar list- og fræðigreinar. Þær stofnanir sem fjármagnaðar eru af því opinbera og heyra undir sviðslistir geta unnið betur saman og birst sem sterkari heild en nú er. Mikilvægt er að þær setji sér markmið sem stuðla að því. Grasrótinni og þátttöku barna- og unglinga í sviðslistum verði gefinn sérstakur gaumur, ungmennaleikhús aðstoðað eins og unnt er og því gert kleift að þroskast og dafna. Sérstaklega verði leitast við að skapa farveg sem myndar samfellu fyrir ungu kynslóðina til að feta sig áfram í leiklistinni. Leitast verði við að skapa þeim listgreinum innan sviðslista sem hafa ekki langa forsögu í bænum umhverfi til að kynna sig betur og ná festu.

Leiðir: Samrekstur menningarstofnana undir sameiginlegri yfirstjórn þannig að sérhæfð þekking og mannauður við sviðslistir haldist á svæðinu og nýtist sem best. Markmiðið er að hærra hlutfall fjármuna fari beint í framleiðslu

viðburða. Leggja áherslu á að Leiklistarskóli LA haldi áfram að sinna góðu uppbyggingar- og fræðslustarfi með börnum og unglingum og að þeim standi til boða samfella í námskeiðum og fræðslu á sviði leiklistar. Grasrótinni og þátttöku barna- og unglinga í sviðslistum verði gefinn sérstakur gaumur, ungmennaleikhús aðstoðað eins og unnt er og því gert kleift að þroskast og dafna.

2.Tónlist

Leiðarljós: Á Akureyri er rík hefð fyrir öflugu tónlistarlífi og er það vilji Akureyrarbæjar að tónlistamenningunni verði gert kleift að halda áfram að blómstra og dafna. Mikilvægt er að halda áfram öflugri tónlistarmenntun. Akureyri er rík af mannauði á sviði tónlistar af margvíslegum toga og mikilvægt er að viðhalda honum og gera atvinnufólki í tónlist kleift að búa og starfa á Akureyri. Þar gegna Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Tónlistarskólinn á Akureyri og aðrir tónlistarskólar á svæðinu lykilhlutverki. Líkt og í öðrum listgreinum er mikilvægt að huga að samþættingu og samvinnu tónlistar og annarra listgreina sem gefur möguleika á enn meiri fjölbreytni í menningarlífinu. Tónlistin getur hér gegnt mikilsverðu hlutverki. Sérstaka áherslu þarf að leggja á stuðning við grasrótarstarf í tónlistarlífinu ekki síst starf ungs fólks. Leita ber leiða til að virkja og efla þann kraft sem býr í unga fólkinu bæði þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref sem og þeim sem lengra eru komnir.

Leiðir: Áframhaldandi stuðningur við tónlistarhópa sem hér eru starfandi og spanna allan aldur, þar má sérstaklega nefna þann mikla fjölda kóra sem starfa í bænum. Stuðningur við tónlistarstarf í þágu barna og unglinga með því m.a. að tryggja að áframhald verði á skólatónleikum hjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Grasrótarstarfsemi verði studd sérstaklega með því að útvega skilgreind æfingapláss og vinnustofur og veita aðgang að tónleikarými í Hofi og að upptökurými í Tónlistaskólanum á skilgreindum Grasrótardögum. Leita

ber leiða til að virkja og efla þann kraft sem býr í unga fólkinu bæði þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref sem og þeim sem lengra eru komnir**.**

3. Ritlist

Leiðarljós: Akureyri býr yfir ómetanlegum fjársjóðum í orðlistum sem liggja í verkum skálda og rithöfunda fortíðar, nútíðar og framtíðar. Það er vilji bæjaryfirvalda að ritlist fái aukinn meðbyr. Þau vilja að Jóni Sveinssyni - Nonna, Davíð Stefánssyni frá Fagraskógi og Matthíasi Jochumssyni, verði gert hærra undir höfði. Unnið verði með verk þeirra í samvinnu menningarstofnana, skólakerfisins, faglærðra og áhugafólks um ritlist. Auk þess verði gaumur gefinn að verkum annarra skálda sem kennd hafa verið við Akureyri eða tengjast bænum og sérstaklega verði hugað að þætti kvenna í þeirri sögu. Amtsbókasafnið fer með stórt hlutverk í þessum efnum. Það felst m.a. í samvinnu við aðrar menningarstofnanir og ýmis verkefni þeim tengd og með þeim rauða uppeldisþræði sem felst í að taka markvisst á móti leik- og grunnskólahópum og öðrum sérhópum unglinga, fullorðinna og aldraðra. Þannig getur Amtsbókasafnið breitt út fagnaðarerindi ritlistar til ungra sem aldinna bæði með hvatningu til frumsköpunar í ritlist og miðlun hennar til almennings. Þá er mikilvægt að tengja ritlistina við aðrar listgreinar og skapa vettvang þar sem ungskáldum er gert hátt undir höfði og þau fá tækifæri til að kynna verk sín.

Leiðir: Gefinn verði sérstakur gaumur að lestri barna og unglinga og unnið á þeim vettvangi með Amtsbókasafninu og Barnabókasetrinu við Háskólann á Akureyri. Unnið verði markvisst með yndislestur almennings, jafnt ungra sem aldinna, með hvatningu og fræðslu m.a. til leshópa með því að kynna rithöfunda og strauma og stefnur innan bókmenntanna. Gestaíbúðin í Davíðshúsi sem ætluð er fræðimönnum og rithöfundum, verði sýnilegri sem hluti af því sem Akureyrarbær gerir til að skapa vettvang fyrir þá er starfa við ritlist. Gestir sem dvelja í Davíðshúsi komi fram opinberlega og kynni verk sín

eftir því sem við á. Akureyri býr yfir ómetanlegum fjársjóðum í orðlistum sem liggja í verkum skálda og rithöfunda fortíðar, nútíðar og framtíðar.

4. Sjónlistir

Leiðarljós: Akureyrarbær styður við sjónlistir og rekur Sjónlistamiðstöðina á Akureyri í því skyni að gefa öllum kost á að kynnast og fræðast um sjónlistir af bæði innlendum og alþjóðlegum vettvangi auk þess að varðveita samtímasögu í myndlistarstarfi á Akureyri. Það er ósk og stefna bæjaryfirvalda að Sjónlistamiðstöðin verði viðurkennd af ríkisvaldinu sem meginstoð sjónlista utan höfuðborgarsvæðisins. Sjónlistamiðstöðin skal leggja megináherslu á myndlist en jafnframt skal hún kynna eftir föngum aðrar vaxandi greinar s.s. hönnun, nytjalist og ljósmyndun. Listasafnið á Akureyri, sem er hluti af Sjónlistamiðstöðinni, gegnir lykilhlutverki í miðlun myndlistar og fer með aðalhlutverk í þeim efnum fyrir Akureyrarbæ. Sjónlistir eiga aðsetur í Listagilinu og þar vill Akureyrarbær sjá þær blómstra og dafna og festa sig enn frekar í sessi. Akureyrarbær leggur sitt að mörkum við að skapa vettvang fyrir sjónlistafólk með því að bjóða upp á dvöl í gestavinnustofu þar sem listafólki gefst kostur á að vinna að list sinni. Akureyrarbær vill stuðla að menntun á sviði sjónlista og leggja sitt að mörkum að börnum og ungmennum standi til boða slíkt nám. Kvikmyndagerð er ungt, vaxandi fag innan skapandi greina og Akureyrarbær vill taka þátt í að skapa vettvang fyrir ungt fólk í kvikmyndagerð í Rósenborg Möguleikamiðstöð. Áfram verði unnið samkvæmt Byggingarlistastefnu Akureyrarbæjar í samvinnu deilda bæjarins, fyrirtækja og bæjarbúa.

Leiðir: Vinna markvisst að því að Listasafnið fái viðurkenningu Safnaráðs sem ábyrgðarsafn skv. lögum og í kjölfarið samning við mennta- og menningarmálaráðuneyti um hlutverk Sjónlistamiðstöðvarinnar sem meginstoð sjónlistar utan höfuðborgarsvæðisins. Ákveðið hlutfall af byggingarskostnaði nýbygginga á vegum Akureyrarbæjar renni í sjóð sem eyrnamerktur verði listaverkakaupum. Listasafnið annist innkaup á

listaverkum fyrir bæinn skv. sérstakri innkaupa- og söfnunarstefnu sem sett verður. Listasafnið haldi utan um listaverkaeignina og stuðli að faglegum vinnubrögðum í meðförum á henni og hafi upplýsingar um eignina aðgengilegar. Skilgreind verði ábyrgð innan bæjarkerfisins á viðhaldi útilistaverka. Til að treysta hlutverk Listasafnsins sem safns stefnir Akureyrarbær að endurbótum á húsnæði þess skv. sérstakri áætlun. Kappkostað verður að endurbæturnar valdi sem lægstum föstum kostnaði þannig að þær skerði ekki í raun möguleika safnsins til blómlegs reksturs. Sjónlistir eiga aðsetur í Listagilinu og þar vill Akureyrarbær sjá þær blómstra og dafna og festa sig enn frekar í sessi.

5. Söfn og sögulegar minjar

Leiðarljós: Akureyri er mikill safna- og sögubær, þar sem sagan er og á að vera allt um kring til að minna okkur á hverjar ræturnar eru og hvernig þær hafa haft áhrif á þróun samfélagsins. Í bænum eru hús þriggja þjóðskálda Nonnahús, Davíðshús og Sigurhæðir en auk þeirra Amtsbókasafnið, Héraðsskjalasafnið, söfn sem hafa eyfirska sögu að meginviðfangsefni en einnig söfn sem hafa hluta Íslandssögunnar að umfjöllunarefni. Í bænum eru, auk safnanna, hús sem geyma þætti úr sögu bæjarins og í næsta nágrenni er forveri Akureyrar, miðaldakaupstaðurinn Gásir. Mikilvægt er að unnin verði safnastefna fyrir Akureyrarbæ sem verði leiðarljós við ákvarðanir og forgangsröðun í safnamálum á svæðinu. Farið verði eftir safnalögum og unnið samkvæmt kjörorðunum varðveisla – miðlun - gagnvirkni. Söfnin í bænum hafa tengingu, mismikla þó, við Akureyrarbæ. Sum eru í eigu bæjarins en önnur rekin með stuðningi hans. Söfnin eiga að leitast við að starfa saman í safnaklasa auk þess að leita samvinnu út fyrir veggi safnanna og má þar nefna öll skólastigin, aðrar menningarstofnanir starfandi í skapandi greinum, einstaklinga og hópa. Þarna gegnir Minjasafnið á Akureyri, sem ábyrgðarsafn, lykilhlutverki. Áfram verði haldið góðri samvinnu safnanna við alla skólana í bænum þar sem hópum gefst kostur á að heimsækja söfnin og fá leiðbeiningar frá safnakennara eða fræðslufulltrúa. Merkingar sögustaða eru

mikilvægar við að koma sögunni og söfnunum á framfæri jafnt við heimafólk sem ferðamenn og mun Akureyrarbær halda áfram þeirri vinnu sem hafin er við merkingar. Akureyrarbær leggur áherslu á verndun gamalla húsa og er það hlutverk Húsaverndarsjóðs Akureyrarar að styðja við verkefni af því tagi.

Leiðir: Stjórn Akureyrarstofu leiti eftir því sem við á til fagaðila eftir umsögnum um ný söfn, setur og gjafasöfn. Skáldahúsunum þremur verði gert enn hærra undir höfði, hugmyndafræðinni um að koma þeim undir einn hatt komið í fastara form og sóst verði eftir frekari aðkomu ríkisins. Áfram verði unnið að þróun miðaldakaupstaðarins Gása í samvinnu við ríkið og sveitarfélögin í kring með áframhaldandi rannsóknum og uppbyggingu sögustaðarins með það að markmiði að efla hann sem áfangastað. Til verði fastmótuð kennsluáætlun með samvinnu safna, annarra menningarstofnana og skólanna með áherslu á grenndar- og átthagafræði í þeim tilgangi að fræða og að kynna möguleika grenndar- og safnafræðslu. Söfnin á Akureyri, Eyjafjarðarsvæðinu og í Þingeyjarsýslum haldi áfram þverfaglegu samstarfi, miðlun nýjunga á sviði safnafræða og fræðslu inn á við. Áframhaldandi stuðningur við eigendur eldri húsa með styrkjum úr Húsverndarsjóði Akureyrar sem hefur það markmið að stuðla að varðveislu friðaðra húsa og húsa og mannvirkja sem hafa varðveislugildi.

6. Viðburðir, markaðssetning og ferðaþjónusta

Leiðarljós: Akureyri er vinsæll áfangastaður ferðamanna jafnt Íslendinga sem annarra. Á Akureyri er fjölbreytt úrval hverskyns metnaðarfullra viðburða, afþreyingar og þjónustu. Með Akureyrarstofu vill Akureyrarbær leggja sitt af mörkum til áframhaldandi uppbyggingar þessara þátta en Akureyrarstofa heldur utan um ferðaþjónustu og viðburði, atvinnu-, menningar, markaðs- og kynningarmál. Akureyrarstofa á fjölmarga samstarfsaðila á áðurnefndum sviðum og felst sú samvinna m.a. í ráðgjöf, vinnuframlagi og fjárhagslegri aðstoð. Akureyrarstofa annast kynningarmál fyrir bæjarfélagið, heldur úti vefsíðunum www.akureyri.is og www.visitakureyri.is og sér um ritun á

samfélagsmiðla í nafni Akureyrarbæjar. Akureyrarstofa tekur virkan þátt í skipulagningu viðburða sem aðalviðburðahaldari en einnig sem samstarfsaðili þegar aðrir eru meginskipuleggjendur. Akureyrarstofa hefur þá gjarnan tekið að sér ákveðið samhæfingarog samvinnuhlutverk. Akureyrarbær tekur einnig þátt í rekstri Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi sem hefur fyrst og fremst það markmið að efla samvinnu í landshlutanum, markaðssetja Norðurland erlendis og vinna að því að koma á millilandaflugi allt árið um kring. Með aðkomu sinni að Norrænu upplýsingaskrifstofunni vill Akureyrarbær leggja sitt af mörkum við að veita upplýsingaþjónustu er varðar styrkjamöguleika.

Leiðir: Akureyrarstofa í samvinnu við menningarstofnanir, fólk starfandi í skapandi greinum og ferðaþjónustuna leitist við að hlúa að menningartengdum viðburðum sem verða til þess að auka aðdráttarafl Akureyrar í hugum ferðamanna, Íslendinga sem annarra og fjölga tækifærum listafólks. Lögð verði rækt við menningartengda ferðaþjónustu þar sem sögu menningar á Akureyri verði haldið á lofti með merkingum, skipulögðum ferðum og upplýsingagjöf. Akureyrarstofa leiti leiða til að auka þátttöku atvinnulífsins enn frekar í viðburðum og menningartengdri ferðaþjónustu og auka samvinnuna á milli þessara aðila. Áhersla verði lögð á þátttöku menningarstofnana, sem og annarra stofnana bæjarins, í afmælis- og menningarhátíðinni Akureyrarvöku en Akureyrarstofa annast skipulagningu hennar. Söfn, sögufrægir staðir og útilistaverk verði gerð sýnilegri með stafrænum hætti og auknum merkingum, sem styður menningartengda ferðaþjónustu og hefur þýðingu fyrir bæði íbúa og ferðalanga.

Viðauki 4 - Um Leikfélag Akureyrar

Leikfélag Akureyrar var stofnað 19. apríl 1917 hér eftir nefnt LA. Leiklistarstarf í ýmsum myndum á sér þó mun lengri sögu á Akureyri, en hana má rekja allt til ársins 1860 þegar sjónleikir voru leiknir að frumkvæði danskra kaupmanna. Þeir settu sitt mark á Akureyri og íbúar á þessum tíma eru aðeins um tvö hundruð og sjötíu. Leikið var á dönsku og aðsókn bæjarbúa mikil, enda hefur líklega verið mikið nýnæmi og gleði af þessum sjónleikjum (Haraldur Sigurðsson, 1992). Þegar LA er formlega stofnað er mikill stórhugur og bjartsýni sem einkennir framtakið.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan á árdögum leiklistar á Akureyri, en eitt er þó augljóst og það er hinn óbilandi áhugi og vilji bæjarbúa til að fara í leikhús. Í bókinni „*Saga leiklistar á Akureyri 1860-1992”*, skráð af Haraldi Sigurðssyni, er rakin áhugaverð og fróðleg saga leiklistar á Akureyri. Hún gefur forsmekkinn að þeirri sterku hefð sem hefur einkennt leiklist á Akureyri.

Haustið 1973 er brotið blað í sögu félagsins með stofnun atvinnuleikhúss, með ráðningu á 8 leikurum í hálft starf (Haraldur Sigurðsson, 1992: 279). Á 100 ára afmæli Leikfélagsins, árið 2017, var gefið út veglegt afmælisrit sem skráð var af Sigurgeiri Guðjónssyni. Þar er saga félagsins skráð frá 1992, allra uppfærslna og leikara getið, sem og ávörp frá öllum leikhússtjórum yfir þetta árabil. Áhugavert er að sjá alla þá fjölbreyttu flóru leikverka, stórhug og hefðina sem LA byggir á. Ávörp leikhússtjóranna eru minnisvarði um mismunandi stöðu félagsins í gegnum tíðina, ekki síst fjárhagslega og hvernig bæjarfélagið hefur komið að málefnum LA. Ljóst er að ekki hefur alltaf verið dans á rósum að viðhalda og hlú að umhverfi atvinnuleikhúss á Akureyri.

Sem dæmi um fyrrnefndan stórhug, þá setur LA upp árið 1998 söngleikinn *Söngvaseið* (*e. Sound of Music*) eftir Howard Linsey og Russel Crouse, í þýðingu Flosa Ólafssonar. Til að sýningin nyti sín til fulls þá hafði verið ráðist í talsverðar framkvæmdir og breytingar á sal Samkomuhússins, sviðinu breytt, byggð hljómsveitargryfja og ný sæti í salnum, sem einnig hafði fengið

andlitslyftingu með nýjum litum og formum. Í sýningunni tóku þátt rúmlega 70 manns: leikarar, fjöldi ungra söngvara, leikmyndahönnuðir, ljósamenn, búningahönnuðir, og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar. (Sigurgeir Guðjónsson, 2017:39-40).

Gamla Samkomuhúsið, sem er þekkt fyrir glæsileik og stendur á áberandi stað í bæjarmynd Akureyrar, er gamalt hús sem þarfnast stöðugs viðhalds og breytinga til að standast nútímakröfur um bæði aðbúnað og tækni í leikhúsi. Þetta reynist félaginu erfitt viðureignar og það er því komið þannig fyrir félaginu árið 2002 þegar Þorsteinn Bachmann tekur við stöðu leikhússtjóra, að fyrstu mánaðarmót í starfi hins nýja leikhússtjóra, eru ekki til peningar fyrir launum leikara. Þá hefst mjög erfitt tímabil þar sem stjórnsýsla Akureyrarbæjar áætlar að leggja niður öll stöðugildi við LA (Þorsteinn Bachmann í Sigurgeir Guðjónsson, 2017:57). Þetta gekk þó ekki eftir, heldur var hagrætt og farið í mikla fjármálalega endurskipulagningu. Árið 2004 tekur Magnús Geir Þórðarson við stöðu leikhússtjóra og hjá LA til ársins 2008. Á því tímabili eru settar upp margar stórar sýningar og leikarar ráðnir af höfuðborgarsvæðinu. Aðsókn jókst að sama skapi, en erfitt reynist að halda dampi og fjárhagslegur róður þyngdist. Árið 2008 tekur María Sigurðardóttir við sem leikhússtjóri og gegndi stöðunni til 2011 (Sigurgeir Guðjónsson, 2017).

10.september 2010 verða kaflaskil hjá Leikfélagi Akureyrar, þegar Menningarhúsið Hof er opnað og fyrsta leiksýningin í nýju húsi er söngleikurinn *Rocky Horror*. Þar er öllu til tjaldað, stór og mikil sýning með fjölda leikara sem nýtur mikilla vinsælda en skilaði þó tapi til félagsins (2017:85).

Leiklistarskóli Leikfélags Akureyrar var stofnaður 2009 og er hugsaður fyrir börn á grunnskólaaldri; frá 7 ára til 16 ára. Kennd eru öll helstu undirstöðuatriði leiklistar en mesta áhersla er á að nemendur öðlist sjálfstraust, hugrekki, aga og tækni með leikgleðina að fyrirrúmi. Skólastjóri

leiklistarskólans er María Pálsdóttir (mak.is, e.d.). Núverandi leikhússtjóri LA er Marta Nordal (mak.is, e.d.).

Í Menningarstefnu Akureyrarbæjar frá 2013 til 2018 (e.d.), kemur fram undir leiðarljós í sviðslistum að leikhúsið sé atvinnuleikhús sem ætti að leggja áherslu á aukið samstarf, við áhugaleikhús og grasrótarhópa, sem og að auka þátttöku barna og unglinga.

Viðauki 5 - Um Listasafnið á Akureyri

Listasafnið á Akureyri var stofnað 1993, og var hluti af mikilli uppbyggingu í Kaupvangsstræti eða Listagilinu eins og það er stundum nefnt. Þar stóðu húseignir að mestu auðar sem áður hýstu fjölbreytta iðnaðarframleiðslu. Opnuðust augu fólks fyrir nýtingu húsanna í menningarlegum tilgangi. Endurnýjun húsanna skipti verulegu máli fyrir þann hóp listamanna sem vildu búa og starfa á Akureyri. Listamenn og sjálfboðaliðar voru í fararbroddi, með fulltingi forsvarsmanna í bæjarmálum, og stuðluðu að þeirri margþættu uppbyggingu sem varð til þess að safnið var stofnað. Fyrsta sýningin var opnuð 28. ágúst 1993 í húsnæði safnsins í Kaupvangsstræti.

Haraldur Ingi Haraldsson var fyrsti forstöðumaður safnsins og kemst hann svo að orði í veglegri bók sem gefin var út í tilefni opnunarinnar: *"Mikilvægi samtímalistarinnar felst í orðinu sjálfu; hún fæst við samtíma sinn, og list fortíðarinnar gefur nauðsynlegt samhengi og samband við menningararfleifð okkar sjálfra og annarra þjóða. Menntun og fræðsla eru því tvö mikilvægustu hlutverk safna […]."* (Haraldur Ingi Haraldsson í Listasafnið á Akureyri, 1993).

Hannes Sigurðsson var safnstjóri safnsins á árunum 2000-2014 og þá var safnið rekið sem sjálfseignarstofnun (Haraldur Ingi Haraldsson. Munnleg heimild, 3.október 2019). Árið 2014 tekur Hlynur Hallsson við stjórn safnsins og þá yfirtekur Akureyrarbær rekstur þess. Bæjarstjórn Akureyrar gerir það sama ár, samþykkt fyrir Listasafnið á Akureyri, þar sem farið er yfir helstu þætti og áherslur safnsins. Þar kemur m.a. fram að hlutverk safnsins sé: *að "… safna, varðveita, skrá og rannsaka m.a. listaverkasafn Akureyrarbæjar og standa fyrir sýningum á sjónlistum af innlendum og erlendum uppruna."* (Listasafnið á Akureyri, e.d.).

Safnið er rekið af Akureyrarbæ og er hluti af Sjónlistamiðstöð, sem er samheiti á þeirri sjónlistaaðstöðu sem er í Listagilinu. Allur rekstrarkostnaður safnsins greiðist af bæjarsjóði. Lögð er áhersla á að safnið miðli upplýsingum

um safnkostinn og geri hann aðgengilegan almenningi, miðli þekkingu og skuli höfða til breiðs hóps safngesta. Helstu markmiðin skuli m.a. vera að:

- vera í samstarfi með listafólki, öðrum söfnum og viðurkenndum stofnunum
- hafa umsjón með safnkosti og gera hann sýnilegan í stofnunum Akureyrarbæjar.

Stjórn Akureyrarstofu er jafnframt stjórn safnsins og fer með öll helstu mál þess. Stjórnin skipar m.a. sérstakt safnráð þriggja einstaklinga en safnráðið er ráðgefandi með mál er varða fagleg málefni safnsins. Stefnumörkun safnsins er samstarfsverkefni safnstjóra og stjórnar Akureyrarstofu, og skal sú stefna endurskoðuð reglulega. Listasafnið er eitt af viðurkenndum söfnum á landinu, en það eru ákveðinn viðmið og gæði sem gefin eru út af Safnaráði, sem safn þarf að uppfylla til að teljast viðurkennt safn (Safnaráð, e.d.).

Hlynur Hallson, safnstjóri orðar það svo þegar nýtt og endurbætt safn var opnað árið 2018: *“En Listasafnið er ekki bara Listasafn, heldur svo miklu meira. Það er samfélag. Listagilið, með vinnustofum listafólks og hönnuða, verkstæðum fyrir almenning, listamannareknum sýningarrýmum, Myndlistarskóla, gestavinnustofum, íbúðum, veitingastöðum og verslunum, er blómstrandi samfélag í miðbæ Akureyrar sem mun laða að sér tugþúsundir gesta á hverju ári.”* (Listasafnið á Akureyri, 10: 2018).

Í safninu eru nú 12 sýningarrými, aðstaða til reksturs kaffihúss, aðstaða fyrir safnkennslu og gestavinnustofur reknar af safninu. Sýningarrými eru misstór og henta því mörgum mismunandi sýningum á sama tíma. Safnið leggur áherslu á að standa að fjölbreyttum sýningum á samtímalist, bæði erlendra og íslenskra listamanna. Þá er þess gætt að huga að starfandi listamönnum á svæðinu, ásamt því að laða yngri kynslóðina sérstaklega að með sérstökum vinnustofum og safnkennslu fyrir börn. Markviss fræðsla fer einnig fram í samstarfi við ýmsa aðila, með sérstökum þriðjudags fyrirlestrum sem eru í gangi yfir vetrarmánuðina og hafa fjölmargir listamenn komið að þeim allt frá árinu 2014 (Listasafnið á Akureyri, e.d.).

Í menningarstefnu Akureyrar frá 2013 til 2018 (e.d.) er talað um Listagilið og Listasafnið sem miðstöð sjónlista á Akureyri, að það skuli leggja megináherslu á miðlun myndlistar og skapa aðstöðu fyrir gestalistamenn. Jafnframt er það stefna og ósk bæjaryfirvalda að Sjónlistamiðstöðin verði skilgreind sem meginstoð sjónlista utan höfuðborgarsvæðisins.

Viðauki 6 - Um Menningarfélag Akureyrar

Menningarfélag Akureyrar, hér eftir nefnt MAk, var stofnað árið 2014 og var stofnun félagsins í beinu samhengi við hið nýja menningarhús Hof sem opnað var og vígt í ágúst 2010. Í MAk sameinuðust undir einn hatt: Leikfélag Akureyrar, Hof menningarhús og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Aðsetur félagsins er í Hofi og hefur það einnig umsjón með öllu starfi og rekstri hússins. Í Hofi á Tónlistarskólinn á Akureyri einnig sitt aðsetur og kennsluaðstöðu. Markmið MAk samkvæmt heimasíðu félagsins, MAk.is eru að:

- *"Efla atvinnustarfsemi í leiklist og sinfónískri tónlist á Akureyri*
- *Bjóða fyrirmyndarvettvang fyrir tónlistar- og sviðslistaviðburði, fundi og ráðstefnur*
- *Stuðla að öruggum rekstri og góðri meðferð og nýtingu opinberra fjármuna*
- *Stuðla að auknu framboði og fjölbreytileika í menningar- og listalífi Norðurlands*
- *Tryggja samstarf og samræmingu viðburða milli stofnaðilanna þriggja"*

Fyrsta framkvæmdarstýra Menningarhússins Hofs var Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir og starfaði hún fyrstu tvö árin. Núverandi framkvæmdarstýra er Þuríður Helga Kristjánsdóttir og tók hún við af Ingibjörgu Ösp árið 2016. MAk er rekið sem sjálfseignarstofnun og fær stuðning frá hinu opinbera og Akureyrarbæ til reksturs. Með því að setja Leikfélagið og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands innundir MAk, verður talsverð breyting á rekstrarumhverfi beggja þessara stofnana sem áður störfuðu sjálfstætt og fengu rekstrarfé beint frá Akureyrarbæ og ríki.

Rétt er að benda á að með rekstrarfyrirkomulagi MAk er komin ákveðin fjarlægð frá opinbera kerfinu, og má hér nefna fyrrgreint hugtak um

seilingarfjarlægð (e. *arms length)* þ.e.a.s. að opinberir aðili komi ekki með beinum hætti að rekstri eða ákvörðunum um menningarlega þætti, að öðru leyti en því að leggja til fjármagn. Stjórnvaldið felur þá öðrum rekstraeiningum ákveðið vald til ákvarðanatöku (Bell og Oakley, 2015: 56). Þessi hugmynd er viðtekin víða um lönd og þykir styðja við listrænt sjálfstæði.

Viðauki 7 - Um Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands var stofnuð árið 1993 og hélt sína fyrstu tónleika 24.október það ár í Akureyrarkirkju. Magna Guðmundsdóttir, fiðluleikari og kennari til margra ára á Akureyri veitti höfundi aðgang að netsíðu og gagnagrunni sem hún vann sem lokaverkefni í meistaranámi í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands. Síðan geymir sögu hljómsveitarinnar frá 1993 til ársins 2009, en er ekki lengur aðgengileg á netinu. Þar er að finna ómetanlegan gagnagrunn um fjölmargt er tengist hljómsveitinni.

Forsaga stofnunar hljómsveitarinnar er sú að árið 1987 var stofnuð Kammerhljómsveit Akureyrar, starfandi tónlistarkennarar við Tónlistarskóla Akureyrar stofnuðu þá hljómsveit og samanstóð í byrjun af nemendum og kennurum við skólann (Magna Guðmundsdóttir, 2009).

Eftir því sem á leið jókst þátttaka kennara og að áeggjan þáverandi menningarfulltrúa Akureyrar, Ingólfs Ármannssonar, sameinaðist Tónlistarfélag Akureyrar Kammerhljómsveitinni og ákveðið var að stofna Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Ein af ástæðum stofnunar hljómsveitarinnar var sú að auðveldar væri að sækja fjármuni til ríkisins ef hljómsveitin færði út kvíarnar og legði áherslu á að sinna öllu Norðurlandi en ekki eingöngu Akureyri og nágrenni. Sá styrkur fór í fyrstu beint til hljómsveitarinnar en síðar komu fjármunirnir í gegnum Akureyrarbæ (mak.is, e.d.).

Stjórnandi á fyrstu tónleikunum var Guðmundur Óli Gunnarsson, en hann stýrði hljómsveitinni frá stofnun til ársins 2009.

Á árunum 1999 til 2009 heldur Sinfóníuhljómsveit Norðurlands 6-12 tónleika á ári. Ljóst er einnig af upplýsingum á fyrrgreindri vefsíðu að efnistökin eru fjölbreytt, hljómsveitin ferðast um landið og fer einnig erlendis til að taka þátt í verkefnum (Magna Guðmundsdóttir, 2009). Eftir árið 2009, þegar Guðmundur Óli Gunnarsson hættir sem hljómsveitarstjóri þá koma

stjórnendur inn í ákveðin verkefni og þau eru hátt í 40 á árunum 2009 til ársins 2015 (Munnleg heimild, Magna Guðmundsdóttir, 19.mars 2021).

Árið 2016 þegar hljómsveitin verður hluti af Menningarfélagi Akureyrar þá er Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson ráðinn sem listrænn stjórnandi hljómsveitarinnar.

Áherslur Í Menningarstefnu Akureyrarbæjar frá 2013 til 2018 (e.d.) varðandi tónlist, eru m.a. að ríkri tónlistarhefð sem til staðar er verði gert kleift að halda áfram að blómstra og dafna. Tónlistarmenntun og stuðningur við atvinnufólk í tónlist sé þar mikilvægur, ásamt áherslu á samvinnu við aðrar greinar og grasrótarstarf. Talað er um stuðning við tónlistarhópa, kóra og skilgreind æfingapláss með aðgengi að rýmum í Hofi. Einnig er áhersla á að Sinfóníuhljómsveit Norðurlands sinni því hlutverki að efna til skólatónleika.